# Samfella í skóla- og frístundastarfi

## Skýrslur vinnuhópa í Vesturbæ, Miðborg – Hlíðum, Laugardal-Háaleiti, Breiðholti og Árbæ-Grafarholti

Reykjavík maí 2007

# EFNISYFIRLIT

**Inngangur** ..... 5

**VESTURBÆR** ..... 7

**Inngangur** ..... 8

**Framkvæmd** ..... 8

**Kortlagning** ..... 9
Melaskóli: ..... 9
Vesturbæjarskóli: ..... 9
Grandaskóli: ..... 10
Hagaskóli: ..... 10
Landakotsskóli: ..... 11

**Samgöngur** ..... 12

**Aðgerðaáætlun** ..... 13
Sameiginlegar aðgerðir: ..... 14
Aðgerðir eftir bekkjarskiptingu: ..... 15

**Niðurlag** ..... 16

**Viðaukar** ..... 17

**Ítarefni** ..... 26
Unglingastarf í Frostaskjóli ..... 26
Tómstundastarf fyrir 5-7 bekk. ..... 27
Tómstundanámskeið Frostaskjóls ..... 28
Í boði fyrir 10 – 12 ára ..... 30
Frístundaheimilið Undraland og Grandaskóli ..... 30
KR: 31
Frostaskjól/Grandaskóli: ..... 31
Samfella Selið Melaskóli ..... 31
Vesturbæjarskóli ..... 32
Tónskóli Do Re Mi – samantekt ..... 32

**MIÐBORG OG HLÍÐAR** ..... 33

**1. Inngangur** ..... 34

**2. Frístundastarf í hverfinu** ..... 34
2.a Íþróttafélagið Valur ..... 34
2.b Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur ..... 34
2.c Skátafélagið Landnemar ..... 35
2.d Kirkjustarf ..... 35
2.e Karatafélagið Þórshamar ..... 35
2.f Kramhúsið/dans og leiksmiðja ..... 35
2.g Leiklist ..... 36
2.h Tónmenntaskóli Reykjavíkur ..... 36

**3. Frístundarstarf í nágrenni við Miðborg og Hlíðar** ..... 36
Myndlistarskóli Reykjavíkur ..... 36

**4. Samgöngur í hverfinu** ..... 37

5. **Möguleikar á samfellu skóla- og frístundastarfs** ... 38

**Hugmyndir starfshópsins** ... 39

6. **Fjöldatölur frístundastarfs** ... 40

7. **Stundartöflur íþróttahúsa í hverfinu** ... 41

8. **Helstu niðurstöður** ... 43

**LAUGARDALUR OG HÁALEITI** ... 44

**1. Inngangur** ... 45

**2. Verkefnið** ... 46

**3. Kortlagning á skóla- og frístundastarfi** ... 46
Grunnskólar í hverfinu ... 46
Frístundamiðstöðin Tónabær ... 46

**3.1 Laugardalur** ... 47
3.1.1. Grunnskólar í Laugardal ... 48
Langholtsskóli ... 48
Laugarnesskóli ... 48
Laugalækjarskóli ... 49
Vogaskóli ... 49
3.1.2 Félagsmiðstöðin Þróttheimar ... 49
3.1.3 Knattspyrnufélagið Þróttur ... 49
3.1.4 Glímufélagið Ármann ... 50
3.1.5 Sundfélagið Ægir ... 52
3.1.6 Skautafélag Reykjavíkur ... 52
3.1.7 Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur TBR ... 53
3.1.8 Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík ... 53
3.1.9 Kirkjur ... 53
Laugarneskirkja ... 53
Langholtskirkja ... 53
Áskirkja ... 53
KFUM og K ... 53
3.1.10 Skátafélagið Skjöldungar ... 53
3.1.11 Tónlistarskólar ... 54
Tónskóli Sigursveins M. Kristinssonar ... 54
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík ... 54
Allegro Suzukitónlistarskólinn ... 55
Skólahljómsveit Austurbæjar ... 55
3.1.12 Dansskólar ... 56
Klassíski listdansskólinn ... 56
3.1.13 Bókasafn ... 56

**3.2 Bústaðahverfi** ... 56
3.2.1 Grunnskólar í Bústaðahverfi ... 56
Fossvogsskóli ... 56
Breiðagerðisskóli ... 57
Réttarholtsskóli ... 57
3.2.2 Félagsmiðstöðin Bústaðir ... 57
3.2.3 Knattspyrnufélagið Víkingur ... 57
3.2.4 Bústaðakirkja ... 59
3.2.5 Skátafélagið Garðbúar ... 59

**3.3 Háaleiti** ... 60

3.3.1 Grunnskólar í Háaleiti ... 60
Álftamýrarskóli ... 60
Hvassaleitisskóli ... 60
Safamýrarskóli ... 60
3.3.2 Félagsmiðstöðin Tónabær ... 61
3.3.3 Knattspyrnufélagið Fram ... 61
3.3.4 Grensáskirkja ... 62
3.3.5 Skátafélagið Garðbúar ... 62
3.3.6 Dansskólar ... 62
JSB (Jassballettskóli Báru) ... 62
3.3.7. Bókasafn ... 63

**4. Samgöngur ... 64**

**5. Tillögur og hugmyndir ... 65**

**6. Helstu niðurstöður ... 66**

**Viðaukar: ... 67**
Tillögur ýmissra aðila utan vinnuhóps: ... 67
Æfingatöflur Félaga ... 68
Þróttur 68
Glímufélagið Ármann ... 69
Glímudeild Ármanns: ... 71
Sundfélagið Ægir: ... 71
Knattspyrnufélagið Víkingur ... 72

**BREIÐHOLT ... 74**

**1. Frístundastarfsemi í Breiðholti í mars 2007 ... 75**
Breiðholtsskóli ... 75
Fellaskóli ... 75
Hólabrekkuskóli ... 76
Seljaskóli ... 76
Ölduselsskóli ... 76
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 76
Frístundamiðstöðin Miðberg ... 76
Íþróttafélag Reykjavíkur ... 77
Íþróttafélagið Leiknir ... 77
Sundfélagið Ægir ... 77
Skátafélagið Segull ... 77
Taflfélagið Hellir ... 77
Fella- og Hólakirkja ... 78
Seljakirkja ... 78
Breiðholtskirkja ... 78
Tónskóli Sigursveins G. Kristinssonar ... 78
Tónskóli Eddu Borg ... 78
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts ... 78
Aðrir aðilar (listdansskóli, Þjóðdansafélag Reykjavíkur, ofl.) ... 78

**2. Samgöngur fyrir börn innan hverfis í Breiðholti og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum. ... 79**

**3. Aðstaða fyrir skóla- og frístundastarfsemi aldurshópsins 6-18 ára í Breiðholti. ... 79**

**4. Tillögur hópsins um samfellu í skóla- og frístundastarfi ... 80**

**Yfirlit yfir starfsemi ... 82**

**ÁRBÆR OG GRAFARHOLT ........ 89**

**1.0 Inngangur: ........ 90**

**2.0 Kortlagning á skóla- og frístundastarfi: ........ 92**
2.1 Árbær ........ 92
2.1.1 Ártúnsskóli: ........ 92
2.1.2. Árbæjarskóli: ........ 92
2.1.3 Selásskóli: ........ 92
2.1.4 Norðlingaskóli: ........ 93
2.1.5 Frístundaheimili: ........ 93
2.1.6 Félagsmiðstöðvar: ........ 93
2.1.7 Tónskóli Hörpunar: ........ 94
2.1.8 Tónskóli Sigursveins: ........ 95
2.1.10 Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. ........ 95
2.1.11 Íþróttafélagið Fylkir: ........ 96
2.1.12 Árbæjarkirkja ........ 98
2.1.13 Hestamannafélagið Fákur: ........ 99
2.1.14 Reiðskóli Reykjavíkur: ........ 100
2.1.15 Reiðskólinn Faxaból: ........ 100
2.1.16 Breakdans í Árbæjarþreki: ........ 100

**2.2 Grafarholt: ........ 100**
2.2.1 Ingunnarskóli ........ 100
2.2.2 Sæmundarskóli ........ 100
2.2.3 Félagsmiðstöðin Fókus. ........ 101
2.2.4 Frístundaheimili: ........ 102
2.2.5 Knattspyrnufélagið Fram. ........ 102
2.2.6 Golfklúbbur Reykjavíkur: ........ 102
2.2.7 Grafarholtssókn. ........ 103

**3.0 Samgöngumál: ........ 104**

**4.0 Íþróttir í hverfunum: ........ 104**
4.1 Grafarholt: ........ 104
4.2 Árbær: ........ 106

**5.0 Tillögur: ........ 107**

**6.0 Lokaorð: ........ 109**

**Viðhengi ........ 110**

# Inngangur

Í lok júní 2006 skipaði borgarstjóri starfshóp um samþættingarmöguleika grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva. Í starfshópinn voru skipuð Ómar Einarsson, sviðstjóri Íþrótta- og tómstundasviðs, formaður, Gerður G. Óskarsdóttir, sviðsstjóri Menntasviðs og Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri Þjónustu- og rekstrarsviðs. Í erindisbréfi starfshópsins er útlistað hlutverk hans og helstu verkefni.

Meginhlutverk starfshópsins var að kanna frekari samþættingarmöguleika í hverfum milli skóla, leikskóla, frístundamiðstöðva, frístundaheimila og þjónustumiðstöðva og fleiri aðila. Í þessu samhengi átti m.a. að fylgja eftir og meta hugmyndir og tillögur sem settar voru fram í skýrslu sem unnin var á vegum Miðgarðs um tilraunaverkefni og samþættingu starfs fyrir börn og unglinga í Grafarvogi. Einnig voru tilgreindir ýmsir þættir sem snúa að samstarfs- og samþættingarmöguleikum Menntasviðs, Íþrótta- og tómstundasviðs og þjónustumiðstöðva varðandi starfsmannamál, forvarnir, málefni fatlaðra, ráðgjöf, liðveislu, stjórnsýslu og fl.

Hópnum var falið að gera tímasettar tillögur yrði niðurstaða hans sú að ávinningur sé af frekari samþættingu og breyttri stjórnunarábyrgð. Ennfremur að gera grein fyrir ávinningi, bæði frá faglegu og fjárhagslegu sjónarmiði, stjórnunarlegum þáttum og út frá hagsmunum starfsmanna og borgarbúa, þ.e. notenda þjónustunnar. Skil til borgarstjóra voru ákveðin 1. maí 2007.

Formanni hópsins var gert að leggja honum til verkefnisstjóra og var Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR, fenginn til þess starfs.

Eftir að hópurinn var skipaður urðu orðið nokkrar breytingar á stjórnsýslu borgarinnar og mannabreytingar sem varð til þess að starfshópnum var sett nýtt erindisbréf í maí 2007. Þá kom inn í stað Gerðar G. Óskarsdóttur nýr sviðstjóri Menntasviðs, Ragnar Þorsteinsson og í stað Regínu Ásvaldsdóttur sviðstjóri Velferðarsviðs, Stella K. Víðisdóttir.

Á fundi starfshópsins í lok nóvember 2006 var ákveðið að hefja ákveðna greiningarvinnu í öllum hverfum borgarinnar nema Grafarvogi og setja af stað vinnuhópa skipuðum starfsmönnum sviðanna. Markmið þeirrar vinnu var aukin samfella í skóla- og frístundastarfi 6-18 ára barna og unglinga og í því skini skyldu hóparnir kortleggja aðstæður aldurshópsins og setja fram tillögur að verkefnum til úrbóta. Til hliðsjónar höfðu hóparnir m.a. skýrsluna um tilraunaverkefni og samþættingu í Grafarvogi. Einnig áttu hóparnir að skoða samgöngumál innan og milli hverfa í þessu tilliti. Formennska í hópunum var á hendi framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvanna og verkefnisstjórar voru frístundaráðgjafar þjónustumiðstöðvanna. Aðrir sem störfuðu með hópunum voru forstöðumenn frístundamiðstöðva, fulltrúar hverfisskólanna og íþróttafulltrúar hverfisíþróttafélaganna.

Vinnuhóparnir hófu störf í byrjun febrúar og höfðu allir skilað af sér um páska. Hóparnir héldu fundi með helstu forsvarsmönnum starfsemi fyrir aldurshópinn í hverfunum og öfluðu gagna og upplýsinga sem nýttust við vinnu þeirra. Starfsáætlanir borgarstofnana voru nýttar og tölfræðilegar upplýsingar frá Rannsóknum og greiningu ehf. og úr skráningarkerfi íþróttafélaganna.

Afrakstur vinnu hópanna birtist hér í heild sinni í þessari skýrslu. Hóparnir höfðu ákveðið frelsi varðandi hvernig þeir nálguðust verkefnið. Skýrslurnar eru þannig unnar á mismunandi hátt og ólíkar áherslur enda þarfir hverfanna mismunadi. Af þessum sökum var horfið frá því að reyna að draga saman í eina samræmda skýrslu niðurstöður hópanna heldur eru þær hér settar fram eins og þær bárust hver fyrir sig.

Ástæða er til að vekja athygli á að með þessari kortlagningar- og greiningarvinnu hefur verið safnað saman með nýjum hætti afar merkilegum gögnum um félagslíf og hagi borgarbúa á þessum aldri. Öllum þeim sem að vinnunni komu eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Gísli Árni Eggertsson

# Vesturbær

## Skýrsla vinnuhóps um samfellu í skóla- og frístundastarfi

Stefán Arnarson
Guðrún Kaldal
Hildur Hafstað
Óskar Dýrmundur Ólafsson
Trausti Jónsson

# Inngangur

- Með erindisbréfi dagsettu 31. janúar 2007 var skipaður vinnuhópur um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ. (viðauki 1)

- Í vinnuhópnum sátu:
  - Stefán Arnarson íþróttafulltrúi KR
  - Guðrún Kaldal forstöðumaður Frostaskjóls
  - Hildur Hafstað skólastjóri Vesturbæjarskóla
  - Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar (formaður vinnuhóps).
  - Verkefnisstjóri vinnuhópsins er *Trausti Jónsson* frístundaráðgjafi Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar.

- Markmið vinnuhópsins er að auka samfellu í skóla- og frístundastarfi 6 – 18 ára barna og unglinga.

- *Helstu verkefni sem hópnum eru falin eru:*
  1. Kortlagning allrar skóla- og frístundastarfsemi fyrir aldurshópinn 6-18 ára í Vesturbæ.
  2. Skoðun á samgöngumálum fyrir börn innan Vesturbæjar og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.
  3. Starfshópurinn bendi á möguleika í hverfinu til samfellu í skóla- og frístundastarfi.

# Framkvæmd

- Sett var upp tímaáætlun fyrir verkið
  - *9. febrúar.* Á fyrsta fund var grundvöllur verkefnisins var ræddur og vinnan skipulögð. (viðauki 2)
  - *20. febrúar.* Boðaðir voru á fundinn hagsmunaaðilir, þ.e. foreldrar og þeir sem bjóða uppá frístundir og félagsstarf í hverfinu. Einnig var kynning á frístundakortinu. (viðauki 3)
  - *1. mars* Fundir haldnir með fulltrúum stjórna foreldrafélaga Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. (viðaukar 4, 5)
  - *5. mars.* Því næst boðaði hópurinn þá sem úthluta og skipuleggja húsnæði fyrir félags- og frístundastarf. Til fundar komu skólastjórnendur og fulltrúar Íþróttabandalags Reykjavíkur. (viðauki 6)
  - *6. mars* Fundur haldinn með stjórn foreldrafélags Hagaskóla. (viðauki 7)
  - *12. mars.* Lokafundur vinnuhópsins þar sem farið var yfir helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta samþykktar. (viðauki 8)

## Kortlagning

Í gegnum samráðið við hagsmunaaðila þá voru upplýsingar teknar saman og eru lagðar hér fram eftir skólum sem voru útgangspunktur í þeirri vinnu sem hópurinn vann.

### *Melaskóli:*

| | **Félagsstarf** | **Tónlist** | **Íþróttir** | **Skátar** | **Myndlist** | **Trúfélög** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í húsnæði:** | Frístundaheimili Selið fyrir 1.-2.bekk | Lúðrasveit Vesturbæjar og Miðbæjar 3. og eldri<br><br>Tónskóli Do Re Mi 1-2 bekkur | Íþróttaskóli KR fyrir 1.bekk<br><br>Skylmingar 2.bekk-10.bekk<br><br>Glíma Allir flokkar | | | |
| **Annars staðar:** | Frístundaheimilð Fjörhöllin fyrir 3.-4.bekk<br><br>Tómstundanámskeið Frostaskjóls fyrir 5.-7.bekk<br><br>Frostaklúbburinn fyrir 5.-7.bekk<br><br>12 ára ráð Frostaskjóls<br><br>Hrókurinn-3.-7.bekk, 7 vikna námskeið í Vesturbæjarskóla<br><br>Leikjanámskeið fyrir 1.-7.bekk í Frostaskjóli á sumrin | Tónlistarskólinn í Do-Re-Mi 3.b. og eldri<br><br>Lúðrasveit Vesturbæjar og Miðbæjar Hljómskálinn | KR 2.b. og eldri<br>Handknattleikur<br>Badminton<br>Borðtennis<br>Sunddeild<br>Skíðadeild<br>Körfuknattleiksdeild<br>Knattspyrnudeild<br>Taikwondo<br><br>Brettahúsið<br><br>ÍFHK engar formlegar æfingar | Ægisbúar Æskulýðs starf 3.b. og eldri | Myndlistar-skóli Reykjavíkur 1.b og eldri | KFUK í Frostaskjóli fyrir 4.-7.bekk<br><br>Neskirkja Barnakór TTT starf 5.-7. bekkur<br><br>Barnastarf 1.-2. bekkur<br><br>Krakkaklúbbur 3.-4. bekkur<br><br>Sunnudagaskóli |

### *Vesturbæjarskóli:*

| | **Félagsstarf** | **Tónlist** | **Íþróttir** | **Skátar** | **Myndlist** | **Trúarstarf** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í húsnæði:** | Frístundaheimilið Skýjaborgir 1.-4. bekkur<br><br>Tómstundanámskeið Frostaskjóls fyrir 5.-7.bekk<br>8 vikur á hvorri önn<br><br>Hrókurinn-3.-7.bekk, 7 vikna námskeið | Tónlistarskóli Do-Re-Mi 1-2 bekkur<br><br>Kór fyrir 2.-4.bekk<br><br>Lúðrasveit Vesturbæjar 3.b og eldri | Íþróttaskóli KR fyrir 1.bekk | | | Dómkirkjan-starf fyrir 1.-4.bekk |
| **Annars staðar:** | Frostaklúbburinn fyrir 5.-7.bekk<br><br>12 ára ráð Frostaskjóls<br><br>Leikjanámskeið fyrir | Lúðrasveit Vesturbæjar og Miðbæjar Hljómskálinn<br><br>Dómkórinn fyrir 5.-7.bekk | KR 2.b og eldri<br>Handknattleikur<br>Glíma<br>Badminton<br>Borðtennis | Ægisbúar Æskulýðs starf 3-10 bekk | Myndlistar-skóli Reykjavíkur-Samstarf við Skýjaborgir 1.b og eldri | KFUK í Frostaskjóli fyrir 4.-7.bekk<br><br>Sunnudagaskóli |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1.-7.bekk í Frostaskjóli á sumrin | Tónlistarskólinn Do-Re-Mi 3.b og eldri | Sunddeild Skíðadeild Körfuknattleik sdeild Knattspyrnude ild Taikwondo<br><br>Brettahúsið | | | |

## *Grandaskóli:*

| | Félagsstarf | Tónlist: | Íþróttir | Skátar | Myndlist | Trúarstarf |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í húsnæði:** | Frístundaheimili Undralandfyrir 1.-4.bekk | Lúðrasveit Vesturbæjar og Miðbæjar 3.b og eldri<br><br>Hljómsveitaæfinga r fyrir 6.-7.bekk daglega<br><br>Skólakór<br><br>Forskóli Do-Re-Mi fyrir 1-2.bekk | Íþróttaskóli KR fyrir 1.bekk | | | Neskirkja-kirkjustarf fyrir 1.-4.bekk |
| **Annars staðar:** | Tómstundanámskeið Frostaskjóls fyrir 5.-7.bekk, 8 vikur á hvorri önn.<br><br>Frostaklúbburinn fyrir 5.-7.bekk<br><br>12 ára ráð Frostaskjóls<br><br>Hrókurinn-3.-7.bekk, 7 vikna námskeið í Vesturbæjarskóla<br><br>Leikjanámskeið fyrir 1.-7.bekk í Frostaskjóli á sumrin | Tónlistarnám í Do-Re-Mi 3.b og eldri<br><br>Lúðrasveit Vesturbæjar og Miðbæjar | KR 2.b og eldri Handknattleikur Glíma Badminton Borðtennis Sunddeild Skíðadeild Körfuknattleiksd eild Knattspyrnudeild Taikwondo<br><br>Brettahúsið<br><br>ÍFHK engar formlegar æfingar | Ægisbúa r Æskulýð sstarf 3-10 bekk | Myndlistar-skóli Reykjavíkur-Samstarf við Undraland 1.b og eldri | KFUK í Frostaskjóli fyrir 4.-7.bekk<br><br>Sunnudagaskól i |

## *Hagaskóli:*

| | Félagsstarf | Tónlist | Íþróttir | Skátar | Myndlist | Trúarstarf |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í húsnæði:** | Ýmis ráð í Hagaskóla<br><br>Skrekkur Nema hvað! | | | | | |
| **Annars staðar:** | Frostaskjól-Opið hús og klúbbastarf<br><br>Ungmennaráð | Tónlistarnám í Do-Re-Mi<br><br>Lúðrasveit Vesturbæjar og | KR 1.b og eldri Handknattlei kur Glíma | Ægisbúar Æskulýðsstarf 3-10 bekk | Myndlistar-skóli Reykjavíkur 1.b og eldri | Neskirkja Barnakór<br><br>Fermingafræðs la |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Vesturbæjar<br><br>Unglingaráð Frostaskjóls og Hagaskóla<br><br>Skrekkur<br><br>Nema hvað!<br><br>Söngkeppni Frostaskjóls<br><br>Billjardmót Frostaskjóls<br><br>Stíll<br><br>Frostrokk<br><br>Ferðalög<br><br>Ungmennasamskipti milli Evrópulanda | Miðbæjar<br>Hringbraut | Badminton<br>Borðtennis<br>Sunddeild<br>Skíðadeild<br>Körfuknattleiksdeild<br>Knattspyrnudeild<br>Taikwondo<br><br>Brettahúsið engar forml. æfingar<br><br>ÍFHK engar formlegar æfingar | | | Nedo í samstrarfi við Dómkirkju |

## *Landakotsskóli:*

| | **Félagsstarf** | **Tónlist** | **Íþróttir** | **Skátar** | **Myndlist** | **Trúarstarf** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í húsnæði:** | | Tónlistarnám í Do-Re-Mi<br><br>Skólakór | | | | |
| **Annars staðar:** | Tómstundanámskeið Frostaskjóls fyrir 5.-7.bekk<br><br>Frostaklúbburinn fyrir 5.-7.bekk<br><br>12 ára ráð Frostaskjóls<br><br>Leikjanámskeið fyrir 1.-7.bekk í Frostaskjóli á sumrin | Lúðrasveit Vesturbæjar og Miðbæjar Hljómskálinn | KR 2. b og eldri<br>Handknattleikur<br>Glíma<br>Badminton<br>Borðtennis<br>Sunddeild<br>Skíðadeild<br>Körfuknattleiksdeild<br>Knattspyrnudeild<br>Taikwondo<br><br>Brettahúsið<br><br>ÍFHK engar formlegar æfingar | Ægisbúar Æskulýðsstarf 3-10 bekk | Myndlistar-skóli Reykjavíkur 1.b og eldri | |

## Samgöngur

Við kortlagningu á samgöngumálum kom þetta helst í ljós:

- *Hringbrautin.* Þar sem helstu miðstöðvar frístunda eru sunnan við Hringbraut eiga þeir sem búa norðan megin erfiðara með að senda börn sín í frístundir. Á þetta sérstaklega við um yngstu börnin.

- *Almenningsamgöngur.* Almenn niðurstaða er sú að bæta þarf almenningssamgöngur innan hverfis.
  - Stofnleiðir ná ekki nema að Lækjartorgi.
  - Beina tengingu Skerjafjarðar og Frostaskjóls vantar
  - Beina tengingu íbúa Vesturgötu við Frostaskjól er ábótavant

- *Umhverfi og aðgengi.*
  - Lýsingu á t.d. Ægissíðu er ábótavant þar sem margir ganga eða hjóla í skóla og frístundastarf.
  - Hverfið er tiltölulega flatt og vel afmarkað landfræðilega
  - Bæta þarf öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda til og frá helstu skóla og frístundabyggingum/svæðum.

- *Hjólreiðar*
  - Vantar betri hjólabrautir
  - Vantar aðstöðu víða s.s. hjólagrindur og hjólaskúra við grunnskólana

# Aðgerðaáætlun

Ekki eru lagðar fram beinar tillögur í aðgerðakafla sem hér fylgir heldur lögð til nálgun eða aðferðafræði fyrir stjórnendur til að finna lausnir á þeim hindrunum sem samþættingarskipulagi á starfsdegi barna mætir. Við vitum þó að leysa þarf úr mönnun á hæfum íþrótta- og tónlistarkennurum í samstarfi við skóla. Finna þarf út úr því hvernig við komum starfinu fyrir í fyrirliggjandi húsnæði. Meginlausnin liggur þó í samstarfsvilja stjórnenda og þeirra hagsmunaaðila er koma að uppeldi og námi barna í Vesturbænum. Þar sem lausnir finnast ekki innan þeirra ramma sem stjórnendum eru settir þá verður þeim falið að leggja fram lausnir sem eru þá á færi borgaryfirvalda að leysa úr.

*Markmið*

- **Aldursgreining.**

| | | |
|---|---|---|
| * | 1-2 bekkur: | Frístundatilboð í húsnæði heimaskóla |
| * | 3-4 bekkur: | Frístundatilboð í húsnæði heimaskóla og val um miðlæg tilboð í hverfinu |
| * | 5-7 bekkur: | Miðlæg frístundatilboð í hverfinu |
| * | 8-10 bekkur: | Miðlæg frístundatilboð í hverfinu |
| * | 16-18 ára: | Ekki vannst tími til að skoða þann hóp. |

Stefnt er að því að öllum börnum á aldrinum 1-2 bekkur verði boðið uppá viðeigandi frístundatilboð í sínum heimaskóla, 3-4 bekkur ára fái þar að auki val um miðlæg tilboð, 5-7 bekkur fái almenn tilboð og svo sérsniðin tilboð um námskeið og þátttöku í félagsstarfi. Haldið verði áfram að efla unglingastarf í 8-10. bekk og svo verði 16-18 ára hópurinn skoðaður sérstaklega síðar.

- **Tímamörk.**
  Stefnt er að því að starfsdegi barna 1-7 bekk ljúki eigi síðar en 18:00 hvern dag. Áhersla er hins vegar lögð á að megin starfsdegi barna í 1-2 bekk ljúki 17:00. Með starfsdegi er átt við þátttaka í öllu skóla- og frístundastarfi.

- **Skipulag.**
  Unnið verði að bættu skipulagi og samstarfi um að nýta þá möguleika sem nú eru til staðar í hverfinu til að samþætta starfsdag barna. Leitað verði til borgaryfirvalda ef útaf standa lausnir sem ekki eru á valdi stjórnenda í hverfinu að leysa.

## *Sameiginlegar aðgerðir:*

- **Rafrænt bókunarkerfi.**
Skilgreint verði rafrænt bókunarkerfi á Lotus viðmóti Reykjavíkurborgar fyrir aðgengilegt húsnæði í hverfinu. *Ábyrgð:Upplýsinga- og tæknimiðstöð Reykjavíkurborgar (UTM)*

- **Yfirsýn á húsnæði.**
Útbúið verði heildaryfirlit á húsnæði sem nýtist í skóla- og frístundastarfi fyrir börn og ungmenni í Vesturbænum og verði til staðar fyrir samstarfsaðila um þetta starf. Uppfært 2 á ári. Um getur verið að ræða: Íþróttasali (5), félagsaðstaða KR (1) félagsmiðstöðvar (3), félagsaðstaða í kirkju (2), samkomusalir og annað rými skóla (5), félagsaðstaða skáta (1). Með fylgi leiðbeiningar (skilyrði) og möguleikar á nýtingu. *Ábyrgð:Þjónustumiðstöð Vesturbæjar*

- **Öruggara aðgengi.**
Settur verði af stað samstarfshópur sem leggi fram tillögur til úrbóta vegna göngu- og hjólaleiða fyrir börn, að húsnæði sem nýtt er fyrir skóla- og frístundastarf í hverfinu. Hópinn skipi fulltrúar frá Umhverfissviði, skipulagssviði, framkvæmdasviði, grunnskólum, foreldrafélögum, frístundamiðstöð, félagasamtökum og þjónustumiðstöð.
*Ábyrgð: Umhverfissvið*

- **Könnun til foreldra.**
Hvert ár í apríl mánuði verði þörf barna og unglinga fyrir frístundastarf könnuð með rafrænum hætti (Outcome könnun). Þeim sem ekki svara með því viðmóti verði boðið að taka þátt með skriflegum hætti. Kannað verði hvaða tilboð foreldrar geta helst hugsað sér að fá fyrir börn sín að hausti. *Ábyrgð: Frístundamiðstöðin Frostaskjól*

- **Þjónustan skipulögð.**
Ábyrgðamenn húsnæðis boði veitendur þjónustu á árlegan skipulagsfund í maí mánuði. Þar verði farið yfir framkomnar þarfir og skoðað hvernig þeim verði mætt.. *Ábyrgð: Ábyrgðamenn húsnæðis (Hægt að biðja ÞV að boða sameiginlegan fund)*

- **Samþætting skóladags.**
Settur verði af stað starfshópur við hvern skóla um möguleikann á aukinni samþættingu frístundatilboða við skólanámskrá. Í honum sitjir fulltrúar þess starfs sem fram fer í hverjum skóla fyrir sig. *Abyrgð: Skólastjóri hvers skóla.*

- **Valkvæð tilboð.**
Settur verði af stað samstarfshópur til að skoða möguleika á öðrum frístundatilboðum en nú standa til boða í hverfinu. Um er að ræða m.a. jaðaríþróttir og hljómsveitaræfingar. Hópinn skipi fulltrúi Frostaskjóls, Vesturbæjarlaugar, ÍTR og þjónustumiðstöðvar. *Ábyrgð: ÍTR*

## *Aðgerðir eftir bekkjarskiptingu:*

**1-2 bekkur**

- Nemendum standi til boða tónlistanám í sínum skóla. *Ábyrgð: Do re mi*
- Nemendum standi til boða íþróttastarf/æfingar í sínum skóla. *Ábyrgð: KR*
- Nemendum standi til boða kynning á skátastarfi í sínum skóla. *Ábyrgð: Ægisbúar*

- Nemendum standi til boða kynning á æskulýðsstarf kirkju. *Ábyrgð: Neskirkja/Dómkirkja*
- Nemendum standi til boða frístundaheimili. *Ábyrgð: Frostaskjól*

**3-4 bekkur**

- Nemendum standi til boða tónlistanám í sínum skóla. *Ábyrgð: Do re mi*
- Stefnt sé að því að nemendum standi til boða íþróttastarf/æfingar í sínum skóla. *Ábyrgð: KR*
- Nemendum standi til boða kynning á skátastarfi í sínum skóla. *Ábyrgð: Ægisbúar*
- Nemendum standi til boða kynning á æskulýðsstarfi kirkju. *Ábyrgð: Neskirkja/Dómkirkja*
    - Öll ofangreind iðkun haldi einnig út tilboðum til barnanna miðlægt í hverfinu og til viðbótar Myndlistaskóla Reykjavíkur.

- Nemendum standi til boða frístundaheimili. Skipulögð verði sér dagskrá fyrir þennan aldurshóp. *Ábyrgð: Frostaskjól*

**5- 7 bekkur**

- Almenn tilboð frístundaaðila standi þessum hópi til boða. *Ábyrgð:Veitendur frístundaþjonustu*
- Námskeið til nemenda í skóla og miðlægt. *Ábyrgð: Frostaskjól*

**8-10 bekkur**

- Tryggja þarf að þessi aldurs hópur gangi fyrir við úthlutun tíma til íþróttaiðkunar fram yfir eldri einstaklinga og hópa. *Ábyrgð: Stjórnendur húsnæðis*
- Vinna þarf sérstaklega að styrkingu valkvæðra tómstunda s.s. jaðaríþrótta og aðstöðu til hljómsveitaræfinga. *Ábyrgð: ÍTR*

**16-18 ára**

*Ekki vannst tími til kortlagningar á þessum hóp en eins og fyrr er getið þarf lengri tíma til þess.*

- Lagt er til að stofnaður verði samráðshópur frá Hagaskóla, Frostaskjóli, Hinu Húsinu Menntaskólans í Reykjavík, Kvennaskólans og félagi Framhaldsskólanema til að ræða frekar málefni þessa hóps. *Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Vesturbæjar*

- Ástæða er til þess að skoða frekar forvarnaráætlanir vegna ungs fólks í Vesturbænum. *Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Vesturbæjar*

## Niðurlag

Þátttaka í frístundastarfi sem er rétt utan hverfismarka er ekki lögð til grundvallar í verkefninu. Rétt er þó að benda á að í jaðri Vesturbæjar er að finna möguleika til Ballet iðkunar (Seltjarnarnesi), siglinga (Nauthólsvík), íþróttaiðkunar (Valur á Hlíðarenda) og dansiðkunar í Kramhúsinu (Þingholtin) svo nokkur dæmi séu nefnd. Í þessum möguleikum felast einnig tækifæri til samþættingar.

# Viðaukar

- Erindisbréf vinnuhóps um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ – viðauki 1
- Fundargerð fyrsta fundar vinnuhóps um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ – viðauki 2
- Fundargerð Fundargerð 20. febrúar – viðauki 3
- Fundargerð 1. mars – viðauki 4
- Fundargerð 1. mars – viðauki 5
- Fundargerð 5. mars – viðauki 6
- Fundargerð 6. mars – viðauki 7
- Fundargerð 12. mars – viðauki 8

**Ítarefni**

- Unglingastarf í Frostaskjóli – yfirlit
- Tómstundanámskeið Frostaskjóls - yfirlit
- Frístundaklúbburinn Frosti/101
- Í boði fyrir 10 – 12 ára í frístundamiðstöð Frostaskjóls
- Samfella barna í Grandaskóla
- Samfella Selið, Melaskóla
- Samfella í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ - Vesturbæjarskóli
- Tónskóli Do Re Mi – yfirlit
- Töflur um nýtingu íþróttahúsa í Vesturbæ – ÍBR (sérstök viðhengi)

**Viðauki 1.**

# Erindisbréf

vinnuhóps um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ

**Ábyrgðarmaður:** Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR

**Markmið:**
Að auka samfellu í skóla- og frístundastarfi 6-18 ára barna og unglinga.

**Hlutverk:**
Kortlagning og undirbúningur að verkefni um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ.

**Helstu verkefni:**
1. Kortlagning allrar skóla- og frístundastarfsemi fyrir aldurshópinn 6-18 ára í Vesturbæ.
2. Skoðun á samgöngumálum fyrir börn innan Vesturbæjar og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.
3. Starfshópurinn bendi á möguleika í hverfinu til samfellu í skóla- og frístundastarfi.

**Vinnuhópinn skipa:**
Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturgarðs, formaður hópsins.
Guðrún Kaldal, forstöðumaður Frostaskjóls.
Fulltrúi Menntasviðs/skólastjóra í Vesturbæ:
Stefán Arnarson, íþróttafulltrúi KR.

**Verkefnisstjóri:**
Trausti Jónsson, frístundaráðgjafi Vesturgarðs.

**Til ráðgjafar og samstarfs:** Til ráðgjafar og samstarfs getur hópurinn kallað hverja þá starfsmenn sem tengjast starfi fyrir börn og unglinga í hverfinu. (Sérstaklega þarf að huga að tengslum við grunn- og framhaldsskólana í hverfinu auk tónlistarskólanna).

**Efni til hliðsjónar:**
Erindisbréf starfshóps borgarstjóra um samþættingarmöguleika í hverfum.
Áfangaskýrsla um stöðu tilraunaverkefnis í Grafarvogi um aukna samfellu skóla og frístundastarfs í hverfinu.
Greinargerð með tillögu ÍTR um frístundakort.
Starfsáætlanir og stefnukort ÍTR, Menntasviðs og Þjónustu- og rekstrarsviðs.
Ungt fólk 2006 - hverfaskýrslur og skólaskýrslur forvarnanefndar frá Rannsóknum og greiningu ehf.

**Starfstími og áfangar:**
16. mars 2007 skili vinnuhópurinn lokaskýrslu til starfshóps borgarstjóra.

Gísli Árni Eggertsson
Skrifstofustjóri ÍTR

**Viðauki 2.**

Fundur haldinn í Vesturgarði 9. febrúar kl. 11:00

Mætt: Hildur Hafstað, Guðrún Kaldal, Stefán Arnarson og Óskar Dýrmundur Ólafsson

1. Erindisbréfi dreift.
2. Hugmyndafræði og áherslur ræddar. Rætt um að þörf væri á því að búta niður aldurhópana og skoða samfellu og stöðu einstaka aldurshópa. 1-2 bekkur, 3-4 bekkur, 5-7 bekkur, 8-10 bekkur og svo 16-18 ára. Rætt var um að horfa til 1-2 bekkjar þegar kemur að því að fullnægja tómstundatilboðum í viðkomandi skólahverfum. Boðið verði uppá valkosti fyrir 3-4 bekk þ.e. val á milli miðlægra tilboða í hverfinu og tilboða í skóla. Í 5. bekk og uppúr verði horft fyrst til miðlægra tilboða frá Frostaskjóli, KR, skátum, Do re mí, myndlistaskóla, æskulýðsstarf kirkjunnar og skylmingafélags Reykjavíkur. Áherslur um að forgangsröðun verði sett upp þannig að yngri krakkar hafi forgang umfram eldri krakka.
3. Rætt var um hvaða starfsmenn sem koma að starfi fyrir börn og unglinga við eigum að kalla á fund. Talað var um að heyra í samstarfsaðilum er standa fyrir frístundatilboðum og fulltrúa foreldra frá hverjum skóla á næsta fundi. Ákveðið var að boða fund þann 19. febrúar kl. 16:00.
4. Fundur þar á eftir yrði boðaður þann 5. mars kl. 11:00 Á þann fund yrðu fulltrúar frá ÍBR og skólastjórar boðaðir.
5. Fundarmenn tóku með sér heim það verkefni að koma með kortlagningu frá starfsemi á þeirra vegum á fundinn þann 19. febrúar.
6. Lokafundur hópsins yrði 12. mars kl. 10:00

**Viðauki 3.**

Fundur haldinn í Vesturgarði 20. febrúar 2007 kl. 16:00.

Mættir: Gísli Árni Eggertsson, Ingibjörg Myndlistarskóla Reykjavíkur, Vilberg Do Re Mi, Hildur Hafstað, Guðrún Kaldal, Þorvaldur Dómkirkju, Sigurvin Neskirkju, Stefán Arnarson, Guðmundur Ægisbúar, Óskar Dýrmundur Ólafsson og Trausti Jónsson sem ritar fundargerð.

ÓDÓ setur fund kl. 16:00.
Gísli Árni kynnir markmið hópsins og hugmyndina á bak við tilurð hans. Sambærilegir vinnuhópar eru starfandi í öllum hverfum, mislangt komnir með vinnuna. GÁ kynnir einnig frístundakortið sem er í mótunar og innleiðingarferli hjá ÍTR. Markhópurinn 6 – 18 ára.

Trausti fer yfir stöðuna í hverfinu eins og hún er í dag.
Guðmundur gerir athugasemd við hvernig skipað er í hópinn, vantar hin frjálsu félagasamtök. Frístundaheimili Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla hefur verið boðið á kynningar hjá Ægisbúum. Lýsir ánægju á að nú verði frístundastarf skilgreint. Engir peningar settir af hálfu borgarinnar í skátastarf í Vesturbæ. Gísli Árni svarar.

ÓDÓ óskar efir stuttri samantekt frá Do Re Mi. Vilberg: Stefna að því að hafa tónlistarkennslu í öllum skólunum. Auðveldar kennslu vegna minni þreytu, dreifir álagi kennara og nýtir betur húsnæði. Grandaskólabörnin labba yfir í Do Re Mi aðstöðuna, en aðrir skólar hafa aðstöðu í skúrum á lóð. (Sjá meðfylgjandi skriflega samantekt frá Do Re Mi)

Stefán segir frá að framtíðarsýn KR sé að 8 – 12 ára verði í húsnæði skólans. 1 – 2 bekkur er í húsnæði grunnskólans.

ÓDÓ býður framhald af umræðu dagsins fyrir þennan hóp sem viðstaddur er.
Trausta falið að boða annan fund hjá þessum sama hóp og að bjóða foreldrafélögum að fá hópinn í heimsókn til skrafs og ráðagerða.

Guðrún Kaldal óskar eftir að skýrslan úr Grafarvogi verði send á fundargesti ásamt punktum Gísla Árna.
Trausti óskar eftir upplýsingum um frístundastarf í hverfinu sem fer fram í húsnæði grunnskóla.

Guðmundur hefur óskað eftir íþróttahúsi Hagaskóla en ekki fengið inni sl. ár. Stefán telur að það stefni til betri vegar.

ÓDÓ – skýrsla vinnuhópsins verður send á fundargesti áður en henni verður skilað inn.
Þorvaldur segir frá kynningarátaki í Miðborginni á frístundatilboðum.

Fundi slitið kl. 17:20

**Viðauki 4.**

Fundur frístundaráðgjafa og foreldrafélögum Grandaskóla og Vesturbæjarskóla

Haldinn í Vesturgarði 1. mars 2007 kl. 17:30
Mætt: Óskar Dýrmundur Ólafsson og Trausti Jónsson frá vinnuhópi um samfellu. Karl Blöndal frá foreldrafélagi Vesturbæjarskóla og frá foreldrafélagi Grandaskóla komu Einar Þorláksson, Védís Grönvold og Erna Björnsdóttir.

Fundur settur kl. 17:40

ÓDÓ fer yfir tilurð og ferli vinnuhóp um samfellu í skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. Segir frá hugmynd að könnun til foreldra. Dæmi um að börn úr íþróttafélögum utan hverfis hafi aðgang að íþróttahúsum á besta tíma, ÍBR úthlutar ekki út frá hverfisnálgun. Hugmynd um að setja frístundtilboð inn í skólanámskrá.

- Óánægja var með viðhorfskönnun frá í fyrra frá frístundaheimiliskönnun

Hugmyndir frá foreldrum:

- Bent á módel frá Reykjanesbæ þar sem börn eru sótt og send úr og í frístundatilboðum – safna jafnvel saman hópum sem hafa áhuga á hverju
- Fylgd í frístundastarf frá þjónustuaðilumm á vegum borgarinnar eða frístundatilboða
- Spurning að ná í þjónustu sem er úr öðrum hverfum, Sveitafélögum (Seltjarnarnes-fimleikar)
- Hægt verði að taka börn út úr tíma til að læra á óbó eða flautu
- Hugsað verði um einingar en ekki allan Vesturbæinn – gengið út frá smærri einingum.
- Kostnaður má skoða td frístundaheimili ekki hægt að kaupa einstaka tíma. Tilboð námskeið í frístundaheimili – hægt væri að velja úr
- Kanna með hvort hægt sé að sækja þjónustu út fyrir hverfi.
- Fá inn í hverfi þjónustu sem
- Inn í könnun verði tilgreindir allir valkostir frístundatilboða með tilliti til þess sem ekki er í boði.
- Skák?
- Auka samstarf milli frístundaheimila og skóla – hækka menntunarstig.
- Vandi hvað íþróttagreinar stangast á hvað ævingartíma varðar.
- Afsláttur ekki milli íþróttagreina.
- Tónlistarnám, Ballet ofl. allt of dýrt!!! Ekki á allra færi að taka þátt
- Leiklist, leikhópa inn í skólana.
- Börn verða að fá að prófa sem flestar frístundagreinar
- Fjarlægðir og samgöngur eru hindrun.
- Að kirkjustarf verði valkvætt innan skóla ekki á skyldutíma.

**Viðauki 5.**

Fundur frístundaráðgjafa með stjórn foreldrafélags Melaskóla

Haldinn 1. mars 2007 í Melaskóla kl. 20:00
Mætt: Stjórn foreldrafélags Melaskóla og Trausti Jónsson fyrir hönd vinnuhóps um samfellu.

Frístundaráðgjafi fer í stuttu máli yfir tilurð verkefnisins og ferli vinnuhóp um samfellu í skóla- og frístundastarfs í Reykjavík.
Segir frá hugmynd að könnun til foreldra.

Þankahríð stjórnar foreldrafélagsins:
- margt nú þegar til staðar
- Lúðrasveit Vesturbæjar nokkur börn þar - ódýrt og hentugt
- Trommukennslu vantar í Vesturbæ – kennsla í Hljómskála
- Frjálsar íþróttir aftur í Vesturbæ
- Skoðanakönnun þyrfti að útfæra
- Þarf að taka pláss og tíma ef það nýtist fleirum
- Mikill áhugi á að skátarnir komi inn í skólastarfið af meiri krafti
- Ákveðnari tímastjórnun hjá félagsmálafólki
- Tímar búnir of seint td. hjá skátum
- Almenningssamgöngur taka of langan tíma
- Skautaiðkun – erfið vegna aðstöðuleysis
- Jaðaríþróttir vantar
- Hversu mikið frístundastarf er “óþekkt”? þarf að kynna
- Inni á rafrænni Reykjavík – skoðanakönnunina! – Gylfi
- Ekkert frístundastarf á kvöldmatartíma
- Skoðanakönnun á Mentor.... Auglýsa að hægt sé að hafa áhrif á vinnu með samfellu inn á mbl.is og aðra slíka stóra vefi – barnaland.is

Frístundaráðgjafi vék af fundi kl. 21:10.

**Viðauki 6.**

Fundur haldinn í Vesturgarði mánudaginn 5. mars kl. 11:00
Mættir voru: Guðrún, Einar, Börkur, Stefán og fulltrúar ÍBR Frímann, Anna Lilja og Steinn.

- Stutt kynning
- Niðurröðun tíma frá íþróttabandalagi fara eftir samningum við skóla og þegar tímar standa út af þá er þeim úthlutað til almennings. Samningur er gerður við skólana, ÍTR og svo við ÍBR.
- Íþróttaskóli nýtir salina 2 í viku fyrir hvert barn í frístundaheimili.
- Spurt var hvort að hægt væri að auka fjármagn í húsvörslu? Skólarnir kosta húsvörslu og fá leigutekjur á móti. Leigutekjur koma frá ÍTR. Taka mætti saman hvort að tekjur mæti útgjöldum skóla.
- Íþróttabandalag R. er jákvætt til þess að skipuleggja starfið með tilliti til til áherslnanna sem verið er að ræða í samfellu verkefninu.
- Skoðað var rafrænt bókunarkerfi sem nú er til staðar hjá borgarkerfinu.
- Athuga með aukna samþættingu í starfsdegi barna m.t.t. að félagsstarf og tilboð fari fram á miðjum skólatíma á vissum tíma þegar viss tími er tekinn frá. Hefur verið gert m.t.t. innflytjenda
- Samgöngur skipta máli. Tryggja þarf öruggar göngu- og hjólaleiðir að beiðni foreldra. Athuga þarf með hjólagrindur og skipulag.
- Tilraunaverkefni er í gangi í Laugardalnum þar sem börn úr 2 skólum 1 tíma í fimleikahöll og íþrótthöll. 6 ára börnin eru keyrð í rútu á vegum íþróttaskólans.
- Flest börn eru búin 6 í dag.

Fundinum slitið kl. 12:00

**Viðauki 7.**

Fundur stjórnar foreldrafélags Hagaskóla og frístundaráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar

Haldinn í Hagaskóla 6. mars kl. 17:15
mætt: Öll stjórn foreldrafélags Hagaskóla, Einar skólastjóri og Trausti Jónsson fyrir hönd vinnuhóps um samfellu.

Fundur settur kl. 17:15

Frístundaráðgjafi fer yfir tilurð og ferli vinnuhóp um samfellu í skóla- og frístundastarfs í Reykjavík.

Punktar frá stjórn foreldrafélags Hagaskóla:

- Tómstundanámskeið skipulögð og kynnt of seint á haustin
- Frostaskjól lítið opið og lítið notað – tilfinning foreldra er deifð
- Foreldrarölt lítið samstarf við frosta – dagskrá kemur of seint til að skipuleggja
- Kynningu á frístundastarfi og starfsemi ábótavant vannýttur kostur
- KR stangast æfingar á milli íþróttagreina
- Vantar vettvang fyrir unglinga sem ekki hafa æft alla sína tíð.
- Auka íþróttir fyrir alla – hreyfing er holl!
- Engar almenningssamgöngur beint í KR frá Skerjafirði ekki heldur í Val. Einungis beint í Breiðholt! Hefur verið mótmælt af foreldrum. Hentugra fyrir börn úr Skerjafirði að labba í Hagaskóla, Melaskóla en að taka strætó.

Frístundaráðgjafi vék af fundi kl. 18:10

**Viðauki 8.**

Fundur haldinn í Vesturgarði mánudaginn 12. mars kl. 10:00
Mættir voru: Guðrún Kaldal, Óskar Dýrmundur Ólafsson, Hildur Hafstað, Stefán Arnarson og Trausti Jónsson

- Farið var yfir drög skýrslu frá frístundaráðgjafa.
  - Texti verði styttur og hnitmiðaðri
  - Töflur færðar úr viðhengjum yfir í skýrslu og liðir sameinaðir og þeim fækkað
  - Frístundastarfi í jaðri hverfis gerð skil í stuttum texta
  - Stefán tekur að sér að skila inn hvaða deildir KR sinna börnum og unglingum
  - Guðrún sendir töflu í exel formi.
- Verkefnisstjóra falið að leita eftir frekara samstarfi við Vesturbæjarlaug hvað varðar tíma fyrir skólasund, stangast oft á við námskeið í skóla.
- Lokadrög verði send til allra fulltrúa félaga sem komið hafa að vinnu við gerð skýrslu með það að markmiði að koma með athugasemdir og leiðréttingar.

Fundinum slitið kl. 13:10

# Ítarefni

## *Unglingastarf í Frostaskjóli*

Félagsmiðstöðin Frosti sinnir aldurshópnum 13-16 ára (8-10 bekk). Með heilbrigða félagslega þáttöku unglinga í huga ásamt forvörnum af ýmsu tagi vinnur félagsmiðstöðin að þvi að skapa möguleika og lýðræðislegt umhverfi fyrir unglinga til að stunda það sem þá langar í frítima sínum og koma hugmyndunum í framkvæmd.

Opið hús er í Frosta á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum
frá klukkan 15:00-22:00.
Þá gefst öllum unglingum tækifæri á að koma í heimsókn og nýta sér aðstöðu okkar sem er af margvíslegum toga og ræða við starfsmenn um það sem liggur þeim á hjarta. Starfrækt er svokallað Frostaráð sem stendur að því að ákveða viðburði sem fara fram á opnum húsum t.d

-Ýmis böll – Halloweenball, nýársball ofl.
-Þorrablót
-Tónleikar með unglingahljómsveitum- Frostrokk
-Fearfactor Frosta
-Plötusnúðakenni
-Kaffihúsa og ljóðakvöld
-Upplestrar
-Skíða og brettaferð

Frostaskjól sendir einnig fulltrúa úr hópi unglinga á sameiginlega viðburði hjá Samfés og öðrum samstarfsaðilum sem vinna að forvörnum og málefnum unglinga.

-Stíll-hönnunarkeppni unglinga
-Rímnaflæði-rapptónlistarkeppni
-Freestylekeppnin-danskeppni
-Músiktilraunir
-Landsmót Samfés
-Risaball Samfés og Söngvakeppni
-Ýmsar smiðjur og námskeið á vegum Samfés

Auk opna hússins eru starfræktir klúbbar þar sem unnið er með smærri hópa. T.d

-Plötusnúðaklúbbur
-Hljóðblöndunarklúbbur en þar er unnið með tónlistarforrit og fleira því tengt
-kvikmyndaklúbbur
-Klúbbur þar sem áhersla er lögð á jaðarsport
-Matarklúbbur
-Americas next top model klúbbur (rædd er um staðalmyndir hjá módelum ofl)
-Fjölmiðlaklúbbur
-Prjónaklúbbur

Auk þessara hefðbundnu klúbba eru sértækari hópar
T.d:

**Ungmennaráð Vesturbæjar** sem gegnir svipuðu hlutverki og Hverfisráð Vesturbæjar. Ráð sem fundar með fulltrúum úr öðrum ungmennaráðum úr Reykjavík og ræðir málefni ungmenna. Einu sinni á ári fundar ráðið með Borgarstjórn.

**Fjörliðarhópur í samstarfi við vinnuskólann**
Í samráði við námsráðgjafa Hagaskóla eru valinn saman hópur af unglingum standa félagslegar illa ( eiga fáa vini og gengur illa að mynda almenn tengsl við jafnaldra sína) Hópurinn byrjar starfsemi sína um sumarið sem vinnuskólahópur og heldur afram að hittast í félagsmiðstöpinni um veturinn.

**Ungmennaskiptahópur Frostaskjóls**
Þriggja landa samstarf þar sem hópur Íslenskra ungmenna tekur þátt í verkefni sem felst í því að ferðast til annara landa, taka á móti erlendum hópum og vinna ýmis mismunandi verkefni sem tengjast ungmennalýðræði og fleiri málefnum unglinga.

**Ýmsar ferðir.**
-Frostaskjól tekur þátt í Útskriftarferð 10.bekkjar ásamt foreldrum
-Haustferð
-Skíðaferð
-Ýmsar dagsferðir

Samstarf Frostaskjóls og Hagaskóla er orðið ansi öflugt. Starfrækt er sameiginlegt nemendaráð Frosta og Hagskjóla og sitja fundi bæði félagsstarfskennarar og starfsmenn Frosta. Einnig vinnum við saman að stærri viðburðum eins og t.d árshátíð, jólahátíð osv.

## *Tómstundastarf fyrir 5-7 bekk.*

**Frístundaklúbburinn Frosti/101**

**Meginmarkmið;**

1. Að bjóða upp á “opið hús”/ skemmtileg tómstundatilboð fyrir 5-7 bekk einu sinni í viku að skóladegi loknum.

Leiðir:

- Bjóða upp á fjölbreytta dagsskrá svo allir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Hafa eins mikið val og börnin ráða við með tilliti til þroska.
- Að boðið verði upp á 3 listatengdar smiðjur sem hvetja til skapandi hugsunar.

2. Barnalýðræði.

Leiðir;

- Vinna markvisst með barnalýðræði svo börnin geti haft áhrif á eigið líf og starfsemi frístundaklúbbsins.
- Barnaráð fyrir 5 og 6 bekk og annað fyrir 7 bekk.
- Hugmyndakassi, þar sem fram koma hugmyndir og börnin geta haft áhrif á starfsemi Klúbbsins.

3. Forvarnargildi. Hafi börn úr miklu af uppeldislegum og áhugaverðum tómstundum að velja, er síður líklegt að þau leiðist á óæskilegar brautir.

Leiðir;

**Frístundaklúbburinn Frosti**

**Umsjónarmenn**; Eva, Gummi og Adda
Dagur; Þriðjudagur alls 12 skipti.
5+6 bekkur 6 skipti: 3 opin hús og 3 smiðjur
7 bekkur 6 skipti; 3 opin hús og 3 smiðjur

Undirbúningur; 9-14 janúar
Kynning í skólunum ; 16-21 janúar
Klúbburinn byrjar 24. janúar.

**Skipulag og ábyrgð;**
Skráning ; Eva , Gummi og Adda
Tengsl við skólana; Eva, Gummi og Adda
Heimasíða; Gummi
Hugmyndakassi; Eva
Auglýsingar, Adda
Leiðbeinendur í smiðjur; Adda

## *Tómstundanámskeið Frostaskjóls*

Haustið 2006 var farið af stað með tómstundanámskeið fyrir 10-12 ára í skólum í B1 auk þess sem frístundaklúbburinn Frosti var með opið fyrir sama aldurshóp milli kl. 15:00 og 17:00 alla þriðjudaga frá 3. október til 28.nóv. Sama fyrirkomumlag var haft á varðandi kynningar á starfinu og undanfarin ár, en bæklingar voru útbúnir sem dreift var í bekki af umsjónarmönnum frístundaheimila og starfsmönnum frístundaklúbbsins Frosta, þar sem börnin fengu góða kynningu á námskeiðunum og klúbbnum. Auk þess fengum við ritara skólanna til að senda út tölvupóst á foreldra í viðkomandi bekkjardeildum.

Deildarstjóri barnasviðs hafði yfirumsjón með skipulagi tómstundanámskeiða og deildarstjóri unglingasviðs hafði yfirumsjóna með skipulagi frístundaklúbbsins Frosta. Umsóknir fóru til ritara skólanna og umsjónarmenn sáu um að taka skráningu saman og koma til deildarstjóra. Allt skipulag á námskeiðunum sjálfum, ráðningar og samningar við skóla um aðgang að húsnæði fór fram í gegnum deildarstjóra barnasviðs. Þetta haustið tókust samningar við alls 8 leiðbeinendur sem voru tilbúnir til að bjóða upp á eftirfarandi námskeið:

- Mafalda Soti Valdez – Flamenco fyrir mæðgur – B1 í Frostaskjóli á fim.kvöldum
- Jóhann Breiðfjörð – tækni-Legó í Frostaskjóli og Austurbæjarskóla
- Jón Víðis Jakobsson – töfrabrögð - B1 í húsi Selsins Melaskóla
- Margrét Lóa Jónsdóttir – Spænska – B1 (fellt niður í Vbsk. V. Dræmrar skráningar)
- Margrét Lóa Jónsdóttir – ritsmiðja f. allan B1 í samvinnu við B.bókasafn Tryggvagötu – B1
- Klængur Gunnarsson – brettasport - Austurbæjarskóli
- Klængur Gunnarsson – stuttmyndanámskeið - Austurbæjarskóli
- Mads Bo – strákaklúbbur - Vesturbær
- Hulda Björk Halldórsdóttir – stelpuklúbbur - Vesturbær
- Hildur Björk Yeoman – fatahönnun / fataþrykknámskeið – B1

Skráning á námskeiðin var mjög misgóð og neyddumst við til að fella niður bæði stelpu- og strákaklúbbinn vegna dræmrar skráningar í þá. Einnig neyddumst við til að fella niður brettanámskeiðið 5 vikum eftir að það hófst, en bæði voru þau fáu börn sem skráð voru að mæta mjög illa og einnig var erfitt að bjóða upp á námskeið sem þetta sökum veðurs og aðstöðuleysis í borgarhlutanum. Spænskan var kennd í öllum skólum nema Vesturbæjarskóla, þar sem ekki náðist nægur fjöldi til að halda námskeið og einnig var fatahönnunin kennd í öllum skólum borgarhlutans. Var boðið upp á frá 1 til 3 fatahönnunarnámskeið í hverjum skóla til að anna eftirspurn, en mest var hún í Grandaskóla og minnst í Austurbæjarskóla og Melaskóla. Öllum börnum í 5.-7. bekk í borgarhlutanum var boðið að taka þátt í töfrabragðanámskeiði og ritsmiðju og náðist að halda bæði námskeiðin með lágmarksfjölda þátttakenda. Sama á við um spænskuna.

Flamenco fyrir mæðgur er skemmtileg nýjung sem gaf nokkuð góða raun. Alls skráðu 11 mæðgur sig á námskeiðið og er þetta því annað fjölmennasta námskeiðið okkar í ár. Er þetta braut sem við viljum feta enn frekar inn á í starfinu okkar á næstu önn og vonandi að nægilega mörg áhugaverð tilboð náist inn til að bjóða fjölskyldum barna á þessum aldri, enda styðja rannsóknir það að öflugasta forvörnin felist í góðu sambandi barna og unglinga við foreldra sína.

Á vorönn 2006 voru seglin dregin verulega saman í framboði á tómstundanámskeiðum í skólum í B1 og var einungis boðið upp á 3 námskeið; tækni-Legó; töfrabrögð og skák, sem voru sameiginlega í boði fyrir Vesturbæ. Var skráning á þau mjög dræm og ekki náðist næg þátttaka á skáknámskeiðið, sem þar af leiðandi var fellt niður. Það vor var Frístundaklúbbnum Frosta startað í fyrsta skipti og var deildarstjóri barnasviðs þá með yfirumsjón með honum. Var starfinu þá tvískipt og gátu 10-11 ára börn komið í Frosta anna hvorn þriðjudag og 12 ára börn þriðjudaginn á móti, alls sex skipti fyrir hvorn aldurshóp. Var hvorum hópi þá boðið upp á 3 smiðjur, í bland við “félagsmiðstöðvahangsið”. Með deildarstjóra störfuðu tveir unglingastarfsmenn og var þáttaka milli 60 og 80 börn.

Haustið 2006 er Frístundaklúbburinn Frosti með um 60 þátttakendur úr Vesturbænum. Þessa önnina eru engar smiðjur, en boðið er upp á skipulagða viðburði í bland við “félagsmiðstöðvahangsið”. Alls starfa 5-6 manns að jafnaði með klúbbnum og koma þeir allir úr unglingastarfinu, fyrir utan rekstarfsfulltrúa Frostaskjóls og umsjónarmann klúbbsins, sem er nýr starfsmaður frístundamiðstöðvarinnar. Ekkert klúbbastarf hefur verið fyrir þennan aldurshóp þetta árið í Austurbæjarskóla, en 2 starfsmenn þaðan hafa starfað með klúbbnum í Frostaskjóli í haust og ætla nú í des. að bjóða upp á 2 skipulagða viðburði í Austurbæjarskóla. Er áætlað að Frístundaklúbburinn 101 fari af stað þar eftir áramót.

Steinunn Gretarsdóttir

## *Í boði fyrir 10 – 12 ára*
**í Frístundamiðstöðinni Frostaskjóli**

Frístundaklúbburinn Frosti
Opið í Frostaskjóli á hverjum fimmtudegi frá kl. 15:00 – 17:00. Frjáls aðgangur að aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar auk þess sem boðið er uppá mismunandi smiðjur s.s listasmiðju, skartgripasmiðju, tónlistarsmiðju o.fl

12 ára starf
Nemendur úr 7.bekkjum úr Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Grandaskóla skipa Frostaráð sem sér um, ásamt frístundaráðgjafa, að skipuleggja viðburði og uppákomur fyrir alla 7.bekki í Vesturbæ.
Síðasti viðburður var diskótek með svart/hvítu þema

Tómstundanámskeið
Í boði eru ýmiss konar tómstundanámskeið sem börn í 5. – 7.bekk geta skráð sig á og tekið þátt í gegn greiðslu. Deildarstjóri barnasviðs skipuleggur starfið og fær leiðbeinendur til að kenna ýmis námskeið. Nú er í boði spænska, teiknimyndagerð, töfranámskeið o.fl.

## *Frístundaheimilið Undraland og Grandaskóli*
**Hugmyndir um samfellu í degi barna í 1.-4. bekk**

**Ýmsar tómstundir í hverfinu:**
Myndlist – Það er byrjað samstarf við Myndlistaskólann í Reykjavík sem felst í því að við auglýsum námskeið á þeirra vegum og svo fylgjum við einum hóp einu sinni í viku. Ákjósanlegast er að hópurinn sé 8-20 börn (1-2 starfsmenn fylgja) og að tímasetningin á námskeiðinu sé 15:15-17:00 eins og er nú. Þá sækja foreldrarnir börnin út í Myndlistaskólann.

DoReMi – Það er komin nokkurra ára hefð fyrir samstarfi við DoReMi, kennari frá þeim kemur og kennir tíma í stofum í Grandaskóla. Þá fara nokkur börn úr frístundaheimilinu í þá tíma og þá skiptir fjöldi barnanna ekki máli því ekki er farið úr húsi. Þess vegna getur það verið aðeins eitt barn sem er að fara úr frístundaheimilinu á þessum tíma.

Dans í Þrekhúsinu – Birna Björns – Ég er viss um að ástæðan fyrir því að það eru ekki fleiri börn þar en reyndin er, er að við erum ekki í samstarfi. Um leið og við myndum auglýsa tíma hjá þeim með fylgd úr frístundaheimilinu myndi aðsóknin aukast gríðarlega.

Ballett – það er skóli á Eiðistorgi sem væri gott að hefja samstarf við fyrir næsta haust.

Skátar – Fyrir nokkrum árum buðu skátarnir börnum úr frístundaheimilum að koma í vikulegar heimsóknir en því var hætt vegna kostnaðar sem lenti á ÍTR. Eflaust væri hægt að koma upp samstarfi á nýjan leik með öðruvísi skipulagi. Það væri hægt að hafa það eins og með aðrar tómstundir að börnin eru skráð í skátana og rukkun send til foreldra þeirra barna sem taka þátt.

Kirkjan – Neskirkja hefur alltaf verið til í samstarf og starfsmaður frá þeim kemur og hittir öll börn einu sinni í viku. Ég geri ráð fyrir að það samstarf haldi áfram. Neskirkja hefur ekki rukkað ÍTR eða foreldra um þessa þjónustu.

## *KR:*

Fótbolti – Alltaf vinsæll hjá ákveðnum hópi stráka og stelpna, vinsældir eru að aukast mikið hjá stelpunum og það væri gott að halda því við og auka enn frekar. Ef æfingarnar væru á sama tíma hjá stelpum og strákum fyrir sama aldurshóp væri hægt að fylgja þeim þangað til dæmis tvisvar í viku. Það væri líka mjög gott fyrir 1. bekk að fara á æfingar fyrr á daginn en æfingarnar hjá þeim eru ekki fyrr en eftir kl. 17.
Handbolti – Hefur ekki verið mjög vinsæll undanfarið en kannski væri sniðugt að einhver þjálfari kæmi og kenndi þeim handbolta, sérstaklega í kringum heimsmeistarmót.
Körfubolti – Það eru nokkrir að æfa körfubolta en ekki nógu margir til að það borgi sig að fylgja þeim. Körfubolti væri örugglega vinsælli ef hann væri fyrr á daginn og krakkarnir fengju fylgd úr frístundaheimilinu.
Íþróttaskólinn er alltaf vel þeginn og kemur sér vel fyrir börnin. Það væri kannski hægt að brjóta hann upp með því að kalla hann fótboltaæfingu, körfuboltaæfingu, handboltaæfingu eða leikjatíma og það myndi vera sett upp plan fyrir veturinn hvenær er hvaða æfing, en alltaf í tíma íþróttaskólans.

## *Frostaskjól/Grandaskóli:*

Það væri sniðugt að fá unglinga úr Frostaskjóli til að koma með kennslu í til dæmis í hjólabrettum, trommum, gítar og fleira. Hér í Grandaskóla er komið hljómsveitarherbergi sem krakkarnir í eldri bekkjunum nota mest, kannski væru þeir stundum til í að fá 5 krakka í einu og leyfa þeim að prófa fínu hljóðfærin. Samstarf með unglingum færi þó alltaf þannig fram að starfsfólk frístundaheimilisins er með yfirumsjón með tímanum.

## *Samfella Selið Melaskóli*

**Fyrir 1.-4. bekk**
NesKirkja - 1x í viku - alla önnina
íþróttaskóli (1. bekkur) 2x í viku - alla önnina
DoReMi 2x í viku - alla önnina

**5.-7. Bekkur**
tómstundaframboð á vegum íTR fyrir 5.-7. bekk í Melaskóla.

Frostaklúbburinn 1x í viku alla önnina
teiknimyndagerð 10 skipti
töfrabragðanámskeið 6 skipti
stuttmyndanámskeið 10
spænsku 8
skák 4
tæknilego 3

## *Vesturbæjarskóli*

**Það sem er í boði:**

**Myndlistaskólinn í Reykjavík**: Erum í samstarfi við Myndlistaskólann. Skýjaborgir sjá um að fylgja börnum  tvisvar í viku. Ákjósanlegast er að fara með 1 hóp einu sinni í viku, þó ekki færri en 8 börn. 9 börn eru skráð en þess má geta að nokkur börn komust ekki að.

**Doremi**: Mánudögum og fimmtudögum á vegum skólans fyrir börn í 1. og 2. bekk
14:30 – 15:30. (forskóli, flauta).

**Kór:** Mánudögum og  Fimmtudögum kl: 14:30- 15:30 á vegum skólans. Mjög góð aðsókn hefur verið i kór.

**Takewando:** Námskeið á vegum skólans. Kennari kemur út í skóla á þriðjudögum og fimmtudögum kl 16:15.

**Íþróttaskólinn:** 1. bekkur fer tvisvar í viku og mikil ánægja er með Íþróttaskólann Samstarf FH og KR

## *Tónskóli Do Re Mi – samantekt*

**Landakot**:  Þar fer nær öll hljóðfærakennsla fram í húsnæði Landakotsskólans á skólatíma (börnin tekin út úr tímum).

**Melaskóli**:  Forskólakennsla (6 og 7 ára) fer fram í húsnæði Melaskóla eftir kl. 14:00.  Píanókennsla fer fram í skúr á lóð Melaskóla á skólatíma (börnin tekin út úr tímum).  Börn á önnur hljóðfæri koma hingað í Do Re Mi eftir skólatíma frá 14:30

**Grandaskóli**: Forskólakennsla (6 og 7 ára) fer fram í húsnæði Grandaskóla eftir kl. 14:00.  Hljóðfæranemendur koma á skólatíma hingað í Do Re Mi (labba sjálf yfir)

**Vesturbæjarskóli**: Forskólakennsla (6 og 7 ára) fer fram í húsnæði Vesturbæjarskóla eftir kl. 14:00.
Næsta haust hefjum við hljóðfærakennslu inn í skólanum á skólatíma.

Tónfræðagreinakennslan (hóptímar) fer nær öll fram hér í Do Re Mi, eftir skolatíma  fyrir utan 2 hópa sem kennt er í Landakoti eftir skólatíma.

Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

# Miðborg og Hlíðar

## Samfella skóla- og frístundastarfs



# 1. Inngangur

Vinnuhópi um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Miðborg og Hlíðum var sent erindisbréf 31. janúar 2007. Hlutverk hópsins var að kortleggja og undirbúa verkefni um samfellu í skóla- og frístundastarfi í hverfinu. Einnig átti starfshópurinn að benda á möguleika í hverfinu til samfellu í skóla- og frístundastarfi. Helstu verkefni voru að afla upplýsinga um skóla- og frístundastarfsemi fyrir aldurshópinn 6-18 ára, skoða samgöngumálin innan hverfisins og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.

Vinnuhópur:
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða
Árni Jónsson, forstöðumaður frístundamiðstöðvar hverfisins
Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla
Pétur Veigar Pétursson, íþróttafulltrúi Vals
Guðbjörg Magnúsdóttir, frístundaráðgjafi Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

# 2. Frístundastarf í hverfinu

## *2.a Íþróttafélagið Valur*

v/Hlíðarenda, 101 Reykjavík

- Aðstaða er á Hlíðarenda, en vegna framkvæmda þar hefur starfsemin síðastliðið ár farið fram á 9 stöðum.
- Starf er fyrir börn á aldrinum 6 -18 ára
- Íþróttaskólinn er í öllum skólum í hverfinu (frístundaheimili)
- Stefnt er að því að starfsemi sé lokið fyrir klukkan 19:00 hjá yngri en 12 ára
- Handbolti, fótbolti og körfubolti
- Sumarbúðir í borg ( sumarnámskeið )

## *2.b Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur*

- **Frístundaheimili** eru starfandi í öllum grunnskólum hverfisins fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Starfið byrjar strax eftir skóla hjá börnunum og lýkur klukkan 17 á daginn.
- **Sumarstarf** hjá ÍTR er fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.
- **Tómstundanámskeið** eru fyrir börn á aldrinum 9-12 ára. Námskeiðin fara fram að loknum skóladegi í skólanum eða í félagsmiðstöðinni.
- **Félagsmiðstöðvar** eru fyrir börn á aldrinum 13-16 ára og eru tvær félagsmiðstöðvar starfandi í hverfinu. Opnunartími er tvisvar til þrisvar í viku seinni part dags og á kvöldin.

## 2.c *Skátafélagið Landnemar*
Háuhlíð 9, 105 Reykjavík

- Starfssvæði Landnema er sem næst Miðborg og Hlíðahverfi
- Starfið er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára
- Fundirnir eru á tímabilinu 17-20

## 2.d *Kirkjustarf*

**Hallgrímskirkja**

Skólavörðuholti, 101 Reykjavík

- 6-9 ára börnin eru á þriðjudögum frá 15-16
- 10-12 ára börn eru á þriðjudögum frá 17-18
- 13-15 ára á mánudögum frá klukkan 20-22
- Fermingarfræðsla þriðjudaga frá 15:15-16:50
- Drengjakór, barnakór, unglingakór
- Sunnudagskóla 1- 8 ( 9 ) ára
- Matarklúbbur 16 ára og eldri

**Háteigskirkja**

Háteigsvegi, 105 Reykjavík

- 6-8 ára miðvikudaga frá 15:00-16:00
- 9-10 ára miðvikudaga frá 16:30-18:00
- 11-12 ára (TTT) miðvikudaga frá 17:00-18:00
- 13-15 ára sunnudaga frá 20:00
- Sunnudagaskóli 1-8 (9) ára
- Fermingarfræðsla 1 sinni viku 13-14 ára
- 3 Barnakórar, yngsti 6-9 ára, 10 -12 ára og 13 eldri (Samstarf – uppistaðan kemur frá Hlíðaskóla sérstaklega yngri hópurinn)
- 1 sinni viku í Hlíðaskóla í samstarfi við Frístundaheimili 6-9 ára
- Krakkarnir í frístundaheimili Háteigsskóla koma í kirkjuna

## 2.e *Karatafélagið Þórshamar*
Brautarholti 22, 105 Reykjavík

- Starf fyrir börn og unglinga á aldrinum 6-18 ára
- Æfingar í Þórshamri eru á virkum dögum á tímabilinu 17:20-19:00.
- Óska gjarnan eftir samstarfi við skólana

## 2.f *Kramhúsið/dans og leiksmiðja*
Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

- Býður upp á starf fyrir börn og unglinga frá 6 – 18 ára.

- Fjölmennasti hópurinn er 16- 18 ára en ekki einfalt að reikna út fjölda þar enda blandast þau við námskeið fullorðinna.
- Kramhúsið hefur leitað eftir styrkjum til að niðurgreiða námskeið en ekki fengið. Að mati starfsfólks Kramhússins eru námskeiðin dýr fyrir foreldra.
- Námskeiðin fyrir yngstu nemendurna eru á laugardagsmorgnum. Flest námskeið fyrir börn og unglinga eru á milli kl 15-18.

### *2.g Leiklist*

- Barna-og unglingaleikhús, umsjón Agnar Jón
- Starfandi í nokkrum grunnskólum Reykjavíkur, í okkar hverfi í Austurbæjarskóla
- Tímarnir fara fram á sunnudögum í Austurbæjarskóla
- Námskeiðin eru fyrir 9-13 ára
- Hefur verið að lenda í vandræðum með húsnæðismál, gengur illa að fá fólk í samstarf

### *2.h Tónmenntaskóli Reykjavíkur*

Lindargata 51, 101 Reykjavík

- Starfið fer fram í Lindargötu 51
- Flestir nemendur skólans eru frá Miðborg og Hlíðum
- Tímarnir fara fram í skólanum

## 3. Frístundarstarf í nágrenni við Miðborg og Hlíðar

### *Myndlistarskóli Reykjavíkur*

Hringbraut 121, 107 Reykjavík

- Kennt er í aldursskiptum hópum, 3-5 ára, 6-9 ára, 10-12 ára og unglingahópum 13-16 ára.
- Námskeiðin eru um helgar og á virkum dögum. Námskeiðin eru kl. 15-17 á virkum dögum.
- Myndlistarskólinn er tilbúinn í gott samstarf við skólana (leik- og grunnskóla) og frístundaheimili.
- Barna- og unglingastarfið greinist í nokkra þætti:
    - Námskeið fyrir börn og unglinga, vetrarstarf
    - Listasmiðjur í myndlistarskóla í samstarfi við leik- og grunnskóla í Reykjavík, vetrarstarf.
    - Sumarnámskeið fyrir grunnskólabörn, sumarstarf
    - Listasmiðjur fyrir börn og unglinga, sumarstarf

# 4. Samgöngur í hverfinu






Mjög stórar umferðaræðar skera hverfið okkar í sundur og gera samgöngurnar hættulegar gangandi vegfarendum. Íþróttafélagið í hverfinu er þannig staðsett að fara þarf yfir mjög umferðaþungar götur til að komast að starfssvæði þeirra. Um er að ræða Miklubraut, Snorrabraut , Lönguhlíð og Bústaðarveg.

Dæmi:
Barn í Háteigsskóla ætlar að fara á æfingu á Valsvöll sem er við Hlíðarenda. Hver er besta lausnin fyrir barnið að koma sér á staðinn, strætó eða gangandi?

Barnið er búið í skólanum kl. 14:00. Leið 11 fer frá Háteigsskóla kl. 14:19 niður á Hlemm. Barnið þarf að bíða þar í 10 mín og taka síðan leið 16 kl. 14:35. Komutími á Flugvallarveg er kl. 14:39. Ferðalagið tekur um 40 mínútur með allri bið.

Barnið fer frá Háteigsskóla gangandi á æfingu hjá Val. Leiðin liggur frá Háteigsskóla að Lönguhlíðinni. Fara þarf yfir götuna sem er fjögurra akreina gata, en kemst síðan í undirgöng undir Miklubraut. Barnið fer í gegnum allt Hlíðahverfið í áttina að Skógarhlíð en þar kemst það í undirgöng undir Bústaðarveg. Þá er barnið loks komið á æfingu hjá Val, en spurning er hversu langan tíma þetta tekur.

Mikið hefur verið talað um svifryk og mengun í Reykjavík. Íbúasamtök 3. hverfis hafa verið að kanna áhrifasvæði mengunar í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri frá þeim þremur stóru stofnbrautum sem skera hverfið niður í litlar eyjar. Svifryksmengunin er töluvert meiri en haldið var og kemur fram í viðtali við Þórarinn Gíslason lækni að magn niturdíoxíðs er mest í allt að 200 metra fjarlægð frá stofnbrautum. Hlíðaskóli og Háteigsskóli eru báðir innan þessara marka ásamt 5 leikskólum í hverfinu.

Samgöngur þarf að skoða betur fyrir hverfið. Er mögulegt að hafa hverfisstrætó sem gengur á milli skólanna? Hægt væri að nýta vagnleiðir sem eru, eins og staðan er í dag, lítið notaðar á þessum tíma. Dæmi um frístundastrætó: Austurbæjarskóli – Háteigsskóli – Hlíðaskóli og Hlíðarendi.

# 5. Möguleikar á samfellu skóla- og frístundastarfs

Samfella grunnskóla- og frístundastarfs er stórt verkefni sem þarf að skoða í nokkrum þrepum. Eins og staðan er í dag er skólahúsnæði almennt yfirsetið og getur reynst stærsta hindrunin í samfellu skóla- og frístundastarfs. Einnig þarf að "selja" hugmyndina þeim sem starfa að frítímastarfi barna að flytja sitt starf inn fyrir veggi skólanna. Í dag heyrist gjarnan talað um að félagsandinn sem tengist ákveðnu félagi verði minni ef starfið fer fram inni í skólum. Er hægt að nýta starfsmenn betur á milli stofnana, þannig þjálfarinn væri einnig t.d íþróttakennari skólans. Frístundanám barna á aldrinum 6- 12 ára þarf að skoða sérstaklega í sambandi við samgöngur í Miðborg og Hlíðum. Möguleiki væri á að vera með frístundastrætó sem færi um hverfin, á milli skólanna og svo á Hlíðarenda.

Huga þarf að því að breyta þeim hugtökum sem notuð eru til samræmis við hugmyndina um samfellu í skóla- og frítímastarfi. Hvort sem notað er hugtakið frístundastarf, frítímastarf eða tómstundastarf, er gefið til kynna að um sé að ræða starf í tómum eða fríum tíma – eins konar uppfyllingarstarf við eitthvað annað starf sem þá er mikilvægara. Er þetta í raun ekki *námsdagur* barna til samræmis við *starfsdag* fullorðinna?

Flestir grunnskólar nýta sér þá hæfileika barnanna sem þau hafa tileinkað sér utan grunnskólans. Svo sem

- þegar grunnskólinn óskar eftir að fá nemendur til að leika á hljóðfæri eða til annarrar listsýningar eins og að sýna dans eða myndlist við sérstök tækifæri og á hátíðarstundum.
- þegar grunnskólinn setur saman keppnislið í boltagreinum til að keppa við aðra grunnskóla eða innan hvers skóla.
- þegar grunnskólinn setur saman keppnislið í frjálsum íþróttum o.fl.

Tónlist og íþróttir hafa mest umfang í viðbótarnámi nemenda í grunnskólanum í dag. Það væri því hægt að byrja á því að koma á samstarfi við listaskóla og íþróttafélög um áðurnefnd sameiginleg verkefni og áhugamál. T.d. væri hægt að semja við tónlistarskóla í hverfinu um að taka ætíð þátt í ákveðinni dagskrá á vegum skólans með þátttöku sameiginlegra nemenda, semja við íþróttafélag hverfisins um aðkomu að öðrum dagskrárliðum og við skátana um aðkomu að enn öðrum dagskrárliðum á sömu forsendum. Með þessu móti væri fyrsta skrefið stigið í átt að því að þessir aðilar sjái sér að lokum hag í því að leysa í sameiningu þá hnökra, sem í dag eru á samfellu í skóla- og frístundastarfi.

Í öllum tilfellum væri hægt að samhæfa tónlistarnám á viðverutíma grunnskólans ef húsnæði væri til staðar. Þetta hefur verið gert í Reykjanesbæ með góðum árangri. Það hafa verið gerðar tilraunir í Háteigsskóla sem lofa góðu. Húsnæði er þar meginhindrun. Þar getur einn tónlistarskóli samhæft starfssemina. Vandinn í Reykjavík er að tónlistarskólarnir eru margir og dreifðir. Hægt væri að tengja með formlegum hætti samstarf á milli tiltekinna tónlistarskóla og tiltekinna grunnskóla. Slíkt ætti að vera hægt t.d. með því að gera samstarfið að skilyrði fyrir fjárveitingu borgarinnar. Tónlistarskólar gefa nemendum sínum reglulega tækifæri til að koma fram og æfa sig á minniháttar tónleikum. Einfalt væri að halda slíka æfingatónleika í húsnæði grunnskólans og báðir græða á samstarfinu.

## Hugmyndir starfshópsins

Þessu samstarfi ætti að áfangaskipta svona:

- 1. ár. Samningur um samstarf. Verkefni sem báðir hafa hag af.
- 2. ár. Tilboð um nám fyrir nemendur inn í grunnskólanum á skólatíma og utan hans.
- 3. ár. Tilboð um nám fyrir nemendur inn í grunnskólanum á skólatíma og utan hans. Aukning.
- 4. ár. Grunnskóli og tónlistarskóli með samhæft skipulag.

Í mörgum tilfellum er hægt að samhæfa viðbótarnámstilboð í íþróttum og nám í grunnskólanum. Allt íþrótta- og keppnisstarf sem fram fer í grunnskólanum gæti verið á vegum þess íþróttafélags sem "á" tiltekinn grunnskóla. Hægt væri að koma fyrir stuttum æfingum og samhæfingu nemenda í tilteknum íþróttagreinum inn í grunnskólastarfinu. Stundahlé og hádegishlé. (Greiða íþróttakennurum skólans fyrir það verkefni. Gera þá að þjálfurum á vegum félagsins sem "á" skólann.) Skoða má nýtingu íþróttahúss með einum eða öðrum hætti strax eftir að skóla lýkur. Í Háteigsskóla ljúka allir nemendur í 1. bekk á sama tíma og allir nemendur í 2. til 4. bekk á sama tíma.

- 1. ár. Samningur um samstarf. Verkefni sem báðir hafa hag af.
- 2. ár. Tilraunir með að íþróttafélagið taki að sér keppnisstarf eða hluta af íþróttastarfi skólans.
- 3. ár. Festa í sessi einstök verkefni sem takast vel.
- 4. ár. Grunnskólin og íþróttafélag eru í reglulegu samstarfi.

Dæmi:
Hægt væri að taka það sem dæmi að það væri flokkur sem væri x flokkur Vals í Háteigsskóla og annar x flokkur Vals í Austurbæjarskóla.

Áhugavert er að sjá skólanámskrá Tónmenntaskóla Reykjavíkur en þar er tekið fram í framtíðarsýn skólans að starfsemi tónlistarskóla fari fram í húsnæði grunnskólanna.

*Allt skólastarf er breytingum undirorpið. Það er ljóst að skipulag tónlistarskólanna hefur breyst á síðustu árum eftir því sem einsetningu grunnskólans var komið á. Það er stutt í það að grunnskólinn þurfi á öllu sínu kennslurými að halda til að gera markmið einsetins skóla að veruleika. En einnig fer að líða að því að nýir skólar rísi þar sem fyrirfram hefur verið gert ráð fyrir sérskólum og sérhæfðu húsnæði til tónlistarkennslu. Stundum hafa fræðsluyfirvöld rætt um að æskilegt væri að hluti af stafsemi tónlistarskólanna væri úti í grunnskólum, sérstaklega hvað varðar yngri börnin. Þetta hefur verið reynt í nokkrum tilfellum en ekki tekist nægilega vel til. Mikilvægt er, að ekki sé tjaldað til einnar nætur í þessum efnum, aðbúnaður fyrir tónlistarskóla sem ætlar að sinna kennslu í samvinnu við grunnskólann verður að vera góður og traustur; bráðabirgðalausnir og léleg aðstaða eru með öllu óaðgengilegar.*

# 6. Fjöldatölur frístundastarfs

| Frístundarstarf | 6-9 ára | 10-12 ára | 13-15 ára | 16-18 ára | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Íþróttafélagið Valur | 148 | 167 | 168 | 115 | 598 |
| Kramhúsið | 45 | 130 | 180 | 400 | 755 |
| Skátafélagið Landnemar | 45 | 42 | 30 | 10 | 127 |
| Karatefélagið Þórshamar | 31 | 37 | 33 | 8 | 109 |
| Myndlistarskóli Reykjavíkur | 106 | 48 | 23 | 3 | 180 |
| Austurbær Leiklist | 5 | 15 | 1 | 0 | 21 |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | | | | | |
| Hallgrímskirkja | 70 | 60 | 60 | 30 | 220 |
| Háteigskirkja | | | | | |
| Frístundaheimili Háteigsskóla | 75 | 0 | 0 | 0 | 75 |
| Frístundaheimili Hlíðarskóla | 107 | 0 | 0 | 0 | 107 |
| Frístundaheimili Austurbæjarskóla | 70 | 0 | 0 | 0 | 70 |
| Tómstundarnámskeið og klúbbastarf - Háteigskóli | 0 | 25 | 0 | 0 | 25 |
| Tómstundarnámskeið og klúbbastarf - Hlíðarskóli | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tómstundarnámskeið og klúbbastarf - Austurbæjarskóli | 0 | 40 | 0 | 0 | 40 |
| Félagsmiðstöð Háteigskóli | 0 | 0 | ca 25 | 0 | 25 |
| Félagsmiðstöð Hlíðarskóli | 0 | 0 | ca.30 | 0 | 30 |
| Félagsmiðstöð Austurbæjarskóli | 0 | 0 | ca.45 | 0 | 45 |

# 7. Stundartöflur íþróttahúsa í hverfinu

## 7.a Austurbæjarskóli - íþróttasalur

| Tími | Mánudagar | Tími | Þriðjudagar | Tími | Miðvikudagar | Tími | Fimmtudagar | Tími | Föstudaga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15:00-16:00 | Draumaland ÍTR | 15:00-16:00 | Íþróttaskóli vals 1.bekkur | 15:00-16:00 | Draumaland ÍTR | 15:00-16:00 | Íþróttaskóli vals 1.bekkur | 15:00-16:00 | Draumaland-ÍTR |
| 16:00-17:00 | Draumaland ÍTR | 16:00-17:00 | Valur minnibolti | 16:00-17:00 | Draumaland ÍTR | 16:00-17:00 | Valur minnibolti | 16:00-17:00 | Draumaland ÍTR |
| 17:10-18:00 | Capacent Hrannar Hólm | 17:10-18:00 | Þóra Sif | 17:20-18:10 | Björn Hermannsson | 17:10-18:00 | Þóra Sif | 17:00-18:00 | Félagsmiðstö ðin 101 |
| 18:00-18:50 | Capacent Hrannar Hólm | 18:00-18:50 | Andri Sigurðsson | 18:10-19:00 | Intrum | 18:00-18:50 | Andri Sigurðsson | 18:00-18:50 | Félagsmiðstö ðin 101 |
| 18:50-19:40 | Hjörtur Hjartarson | 18:50-19:40 | Gauti Rafn Vilbergsson | 19:00-19:50 | Hjálmar Edvardsson | 18:50-19:40 | Hjörtur Hjartarson | 18:50-19:40 | Félagsmiðstö ðin 101 |
| 19:40-20:30 | Sigurður Þórðarson | 19:40-20:30 | Rakel Heimarsdóttir | 19:50-20:40 | Sigurður L. Björgvinss | 19:40-20:30 | Ólafur Helgi | 19:40-20:30 | Félagsmiðstö ðin 101 |
| 20:30-21:20 | Björn Vilhjálmsson | 20:30-21:20 | Ólafur Helgi | 20:40-22:00 | Rakel Hákonardóttir | 20:30-21:30 | Dóra | 20:30-21:30 | Félagsmiðstö ðin 101 |
| 21:20-21:50 | Björn Vilhjálmsson | 21:20-22:20 | Ólafur Hrafnsson | | | 21:30-22:20 | Geir Þór | 21:30-22:20 | Félagsmiðstö ðin 101 |
| | | | | | | | | | |

## 7.b Austurbæjarskóli – sundlaug

| Tími | Mánudagar | Tími | Þriðjudagar | Tími | Miðvikudagar | Tími | Fimmtudagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| 16:30-17:10 | KR sund Sæhestar 1 | 16:45-17:25 | KR sund Sæhestar 1 | 16:30-17:10 | KR sund Sæhestar 1 | 16:45-17:25 | KR sund Sæhestar 1 |
| 17:15-17:55 | KR sund Sæhestar 2 | 17:30-18:10 | KR sund Höfrungar 2 | 17:15-17:55 | KR sund Sæhestar 2 | 17:30-18:10 | KR sund Höfrungar 2 |
| 18:00-18:40 | KR sund Höfrungar 1 | | | 18:00-18:40 | KR sund Höfrungar 1 | | |
| | | | | | | | |

## 7.c Íþróttahús Hlíðarskóla

| Tími | Mánudagar | Tími | Þriðjudagar | Tími | Miðvikudaga | Tími | Fimmtudagar | Tími | Föstudagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | |
| | | | | 14:40 16:00 | Hlíðarskjól ÍTR | 14:40 16:00 | Hlíðarskjól ÍTR | | |
| 16:10 17:10 | Valur handb. 6.fl.kv | 16:10 17:10 | Valur handb. 6.fl.ka | 16:10 17:10 | Valur handb. 6.fl.kv | 16:10 17:10 | Valur handb. 6.fl.ka | 16:10 17:10 | Valur karfa minnib. 8 ára |
| 17:10 18:00 | Valur karfa minnib. 11 ára | 17:10 18:00 | Valur karfa minnib. 8 ára | 17:10 18:00 | Valur handb. 7.fl.ka | 17:10 18:00 | Þorbjörn Jónsson | 17:10 18:00 | Valur karfa minnib. 9-10 ára |
| 18:00 18:50 | Valur karfa 7.fl.ka | 18:00 18:50 | Valur karfa minnib. 9-10 ára | 18:00 18:50 | Valur handb. 4.fl.kv | 18:00 18:50 | Valur handb. 6.fl.kv | 18:00 18:50 | Arnar Þór Jónsson |
| 18:50 19:40 | Gizur Bergsteinsson | 18:50 19:40 | Þorbjörn Jónsson | 18:50 19:40 | Landsspítalinn | 18:50 19:40 | Ármann/Björn Old b. | 18:50 19:40 | Jóhannes A.J. |
| 19:40 20:30 | Ölgerðin Egill Skallagrímsson | 19:40 20:30 | Jón Lárus Stefánsson | 19:40 20:30 | Landsspítalinn | 19:40 20:30 | Jón Þór Gunnarsson | 19:40 20:30 | Guðfinnur Einarsson |
| 20:30 21:20 | Steinnun Sig. | 20:30 21:20 | Ragnar Már | 20:30 21:20 | Rafn Haraldsson | 20:30 21:20 | Kjartan Gunnarsson | 20:30 21:20 | Guðfinnur Einarsson |
| 21:20 22:10 | Björn Helgason | 21:20 22:10 | Ragnar Már | 21:20 22:10 | Lárus Magnússon | 21:20 22:10 | Snorri Gíslason | 21:20 22:10 | |
| 22:10 23:00 | Birgir Smári Ársælsson | 22:10 23:00 | Bjarni Þór Gíslason | 22:10 23:00 | Lúðvík | 22:10 23:00 | Snorri Gíslason | 22:10 23:00 | |

| Tími | Laugardagar |
|---|---|
| | |
| 10:00 11:00 | Valur karfa minnib. 11 ára |
| 11.00 12:00 | Valur karfa 7.fl.ka |
| 12:00 13:00 | Valur knattsp. 6.fl.kv |
| 13:00 14:00 | Valur karfa minnib. 9-10 ára |

## 7.d Íþróttahús Kennaraháskólans

| Tími | Mánudagar | Tími | Þriðjudagar | Tími | Miðvikudagar | Tími | Fimmtudagar | Tími | Föstudagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | |
| **14:00-16:30** | **Frístund ÍTR** | **13:40-15:00** | **Íþróttaskóli Vals 1 bekkur** | | | **13:40-15:00** | **Íþróttaskóli Vals 1 bekkur** | | |
| **17:30 18:30** | Valur handb. 5.fl.ka | **17:30-18:30** | Valur handb. 6.fl.kv | | | **17:30-18:30** | Valur handb. 5.fl.kv | **17:30-18:30** | Valur handb. 5.fl.kv |
| **18:30-19:45** | ÍS kvk | **18:30-19:45** | Valur karfa m.fl.ka | **18:15-19:30** | Valur karfa m.fl.ka | **18:30-19:45** | Valur karfa m.fl.ka | **18:30-20:00** | ÍS kvk |
| **19:45-21:30** | Valur karfa drengjaflokkur | **19:45-21:30** | ÍS kvk | **19:30-21:00** | Valur karfa drengjaflokkur | **19:45-21:15** | ÍS kvk | **20:00-21:45** | Valur karfa m.fl.ka |
| **21:30-23:00** | Valur karfa drengjaflokkur | **21:30-23:00** | Valur karfa B-lið | **21:00-23:00** | Valur karfa 10.-11.flokkur | **21:15-23:00** | Valur handb. 4.fl.ka | | |

| Tími | Laugardagar | Tími | Sunnudagar |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **14:00-16:30** | **Frístund ÍTR** | **10:00-11:30** | Valur handb. 5.fl.kv |
| **9:00-10:30** | Valur karfa 7.fl.kv | **11:30-13:00** | Valur handb. 7.fl.kv |
| **10:30-12:00** | Valur karfa m.fl.ka | **13:00-14:30** | Valur karfa 10.-11.flokkur |
| **12:00-13:30** | Valur karfa 9.fl.ka | **14:30-16:00** | Valur karfa 8.fl.ka |
| **13:30-15:00** | Valur karfa unglingaflokkur | **16:00-18:00** | Valur karfa drengjaflokkur |

# 8. Helstu niðurstöður

- Skoða þarf samgöngurnar í hverfinu betur, frístundastrætó.
- Starf fyrir yngstu nemendurna verði sem mest innan veggja skólans.
- Íþróttskóli Vals þarf að vera starfandi í öllum grunnskólum í hverfinu, í dag er hann ekki með aðstöðu inni í íþróttahúsi Hlíðaskóla. Nemendur þurfa ganga á Hlíðarenda.
- Taka samfelluna í nokkrum þrepum.
- “Selja” þarf hugmyndina þeim sem starfa í frítíma barnanna.
- Samningur verði gerður á milli skóla og þeirra sem starfa í frítíma.
- Áherslubreytingar á stundatöflum íþróttahúsanna í hverfinu.

# Laugardalur og Háaleiti

## Samfella skóla- og frístundastarfs









# 1. Inngangur

Í byrjun febrúar sendi skrifstofustjóri ÍTR út erindisbréf til þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis (ÞLH) þar sem tilkynnt var um stofnun vinnhóps sem hefði það verkefni að kortleggja allt frístundastarf í hverfunum og hefja undirbúning að verkefni um samfellu í skóla- og frístundastarfi 6 – 18 ára barna og unglinga í borgarhlutanum.

**Samkvæmt erindisbréfinu áttu vinnuhópinn að skipa:**
Aðalbjörg Traustadóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, formaður hópsins
Ásdís Ásbjörnsdóttir, forstöðumaður Tónabæjar.
Fulltrúi Menntasviðs/skólastjóra í hverfinu
Lilja Guðrún Guðmundsdóttir, íþróttafulltrúi Ármanns/Þróttar;
Þór Björnsson, íþróttafulltrúi Fram
Halldór Steingrímsson, íþróttafulltrúi Víkings
Þórunn Kristinsdóttir aðstoðarskólastjóri Hvassaleitisskóla, fulltrúi menntasviðs.

Verkefnisstjóri var tilnefndur Svavar Knútur, frístundaráðgjafi ÞLH.

**Helstu verkefni vinnuhópsins voru:**

4. Kortlagning allrar skóla- og frístundastarfsemi fyrir aldurshópinn 6-18 ára í Laugardal og Háaleiti.
5. Skoðun á samgöngumálum fyrir börn innan Laugardals og Háaleitis og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.
6. Benda á möguleika í hverfinu til samfellu í skóla- og frístundastarfi.

Borgarhlutinn Laugardalur-Háaleiti er margbrotinn en að mestu leyti mjög gróinn hluti borgarinnar. Þó eru aðstæður afar fjölbreyttar og viðfangsefnin ólík. Umferðaræðar skera víða sundur hverfi og gera gangandi samgöngur barna erfiðar. Níu skólar á grunnskólastigi eru í hverfinu auk eins sérskóla. Stunda þar nám 3239 nemendur á aldrinum 6-16 ára. Þrjár félagsmiðstöðvar eru í borgarhlutanum og eitt „útibú“. Þá eru í borgarhlutanum fimm kirkjur og fjögur megin íþróttafélög, þar af tvö sem starfa náið saman.
Til að skýra vinnuna var ákveðið að skipta borgarhlutanum upp eftir athafnasvæðum íþróttafélaganna og félagsmiðstöðvanna. Þannig eru hverfin sem fjallað er um hér á eftir þrjú: Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir. Í Laugardal eru þrjár kirkjur, fjórir grunnskólar og íþróttafélögin Þróttur og Ármann. Í Háaleiti er ein kirkja, tveir grunnskólar og íþróttafélagið Fram, en í Bústöðum er ein kirkja, þrír grunnskólar og íþróttafélagið Víkingur. Í borgarhlutanum er auk þess starfrækt skólahljómsveit Austurbæjar.

Flestar stofnleiðir Strætó bs fara eðlilega gegnum hverfið sem og langflestar hverfaleiðir innan Reykjavíkur. Eitthvað vantar þó upp á að samgöngur milli grunnskóla og helstu frístundatilboða séu skilvirkar.

## 2. Verkefnið

Eftir nokkrar umræður innan hópsins var ákveðið að festa ákveðnar grunnforsendur til að afmarka betur vinnuna:

- Miðað var við stærri frístundaframboð en ákveðið að eltast ekki við smæstu einingar.
- Sá aldurshópur sem ber að horfa mest til eru börn á aldrinum 6-9 ára en næst í forgangsröðinni koma börn á aldrinum 10-12 ára. Unglingar eru meira sjálfbjarga og er mikilvægara að mæta þörfum þeirra með öðrum áherslum.
- Borgarhlutanum var skipt upp í þrjú meginhverfi sem endurspegla hverfaskiptingu og aðgengi að frístundatilboðum.

## 3. Kortlagning á skóla- og frístundastarfi

### *Grunnskólar í hverfinu*

Um 3256 börn á grunnskólaaldri stunda nám við tíu grunnskóla í borgarhlutanum Laugardal og Háaleiti. Aðstæður grunnskólanna eru afar misjafnar og ólíkar hefðir hafa skapast hjá hverjum og einum, enda er hverfið gróið og skólarnir margir nokkurra áratuga gamlir. Húsnæðisskortur virðist þó vera samnefnari hjá flestum skólum hverfisins þegar umræðan berst að helstu hindrunum í samstarfi við frístundaheimili og aðra aðila sem starfa við frístundir barna.

*Tafla 1* **Fjöldi barna í bekkjardeildum grunnskóla í Laugardal og Háaleiti**

| Skóli: | 1.b. | 2.b. | 3.b. | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. | 8.b. | 9.b. | 10.b. | Samt.: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vogaskóli | 40 | 34 | 23 | 38 | 38 | 43 | 46 | 39 | 46 | 45 | 392 |
| Laugalækjarskóli | | | | | | | 62 | 88 | 68 | 61 | 279 |
| Laugarnesskóli | 58 | 67 | 65 | 75 | 60 | 65 | | | | | 390 |
| Langholtsskóli | 61 | 51 | 78 | 65 | 49 | 44 | 60 | 45 | 66 | 61 | 580 |
| Fossvogsskóli | 31 | 46 | 45 | 46 | 45 | 34 | 56 | | | | 303 |
| Breiðagerðisskóli | 55 | 36 | 51 | 36 | 69 | 45 | 55 | | | | 347 |
| Réttarholtsskóli | | | | | | | | 111 | 136 | 109 | 356 |
| Álftamýrarskóli | 43 | 29 | 29 | 34 | 27 | 39 | 39 | 40 | 35 | 41 | 356 |
| Hvassaleitisskóli | 20 | 17 | 21 | 21 | 28 | 21 | 16 | 32 | 24 | 36 | 236 |
| Safamýrarskóli | 1 | 1 | 1 | 0 | 2 | 4 | 3 | 1 | 1 | 3 | 17 |

### *Frístundamiðstöðin Tónabær*

Frístundamiðstöðin Tónabær hefur yfirumsjón með viðamiklu frítímastarfi á vegum ÍTR fyrir börn á aldrinum 6-16 ára í hverfinu. Tónabær rekur frístundaheimili við sjö grunnskóla og fjórar félagsmiðstöðvar fyrir unglinga. Frístundamiðstöðin stendur fyrir fjölbreyttri starfsemi allt árið um kring sem tengist hverfasamstarfi og margvíslegri sértækri þjónustu. Mikið af starfsemi frístundamiðstöðvarinnar fer fram að loknum hefðbundnum skóla- og vinnudegi

eða um kvöld og helgar. Tónabær tekur þ. 1. maí nk. við skipulagningu á frístundaþjónustu við fötluð börn í allri Reykjavík.

**Frístundaheimili**
Tónabær starfrækir frístundaheimili fyrir nemendur í 1.-4. bekk í öllum grunnskólum hverfanna. Starfsemi þessara heimila fer fram eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Opnunartími frístundaheimilanna er frá kl.13.30 – 17.15. Auk þess er opið allan daginn í jólafríum og páskafríum grunnskólanna sem og á foreldradögum og starfsdögum kennara.

*Tafla 2* **Fjöldi barna í frístundaheimilum 1. febrúar 2007**

| | 1.bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur | Heildarfjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| Álftamýrarskóli | 32 | 22 | 11 | 1 | 66 |
| Breiðagerðisskóli | 39 | 23 | 12 | 0 | 74 |
| Fossvogsskóli | 25 | 35 | 22 | 3 | 85 |
| Hvassaleitisskóli | 18 | 13 | 3 | 1 | 35 |
| Langholtsskóli | 63 | 20 | 6 | 2 | 91 |
| Laugarnesskóli | 42 | 40 | 18 | 0 | 100 |
| Vogaskóli | 34 | 21 | 8 | 0 | 63 |
| Alls | 253 | 174 | 80 | 7 | 514 |

**Félagsmiðstöðvar**
Tónabær rekur fjórar félagsmiðstöðvar, Bústaði, Þróttheima, Laugó (í Laugalækjarskóla), og Tónó (í Tónabæ). Félagsmiðstöðvarnar standa fyrir fjölbreyttu starfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára yfir vetrartímann.

**Sumarstarf**
Tónabær starfrækir fjölbreytt sumarstarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 6-16 ára. Leikjanámskeið fyrir 6-9 ára börn, sund- og leikjanámskeið fyrir 7 ára börn, smíðvellir fyrir 8-12 ára börn, frístundastarf fyrir 10-12 ára börn og sértækt hópastarf fyrir unglinga 13-16 ára. Jafnframt hefur Tónabær yfirumsjón með gæsluvelli fyrir börn við Rauðalæk.



**Annað starf**
Annað starf sem rekið er á vegum frístundamiðstöðvarinnar er margvíslegt hverfastarf s.s. hverfahátíðir líkt og á sumardaginn fyrsta, ásamt útleigu og útlán á húsnæði og tækjum undir margvísleg verkefni innan hverfanna. Að auki stendur Tónabær fyrir stórum verkefnum eins og Freestyle sem er danskeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 13-17 ára og Músíktilraunum, fyrir ungt fólk á aldrinum 13-25 ára.

## 3.1 Laugardalur
Í Laugardalshverfi eru fjórir grunnskólar, Vogaskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli. Heildarfjöldi nemenda er um 1641. Við alla skóla nema Laugalækjarskóla eru frístundaheimili sem eru rekin af Frístundamiðstöðinni Tónabæ. Frístundamiðstöðin sér

einnig um rekstur á félagsmiðstöðinni Þróttheimum og útbú frá henni er við Laugalækjarskóla.
Þrír tónlistarskólar koma að hverfinu; Suzukiskólinn við Hátún, Tónskóli Sigursveins sem er til húsa við Engjateig og Allegro Suzukiskólinn.
Íþróttafélögin Þróttur og Ármann starfa í hverfinu og reka þau fjölda íþróttadeilda ásamt því að sjá um íþróttaskóla yngstu barna. Þá hafa í Laugardal aðstöðu fjöldi íþróttafélaga sem vinna þvert á borgina. Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur er ennfremur með öflugt starf í Laugardal.
Þá halda Laugarnes-, Langholts-, og Áskirkja úti barna- og unglingastarfi, en Áskirkja hefur þó minna með slík mál að gera, enda kemur hún ekki að neinum skóla. Öflugt kórastarf er í Langholtskirkju og Laugarneskirkju.
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og Skautasvellið í Laugardal eru einnig vinsælir áfangastaðir fyrir tómstundalíf og fræðslustarf.
Skátafélagið Skjöldungar starfar í hverfinu og hefur rekstur þess verið nokkuð jafn.

### *3.1.1. Grunnskólar í Laugardal*

## *Langholtsskóli*

Um 580 nemendur voru skráðir til náms í allar bekkjardeildir Langholtsskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** | **8.b.** | **9.b.** | **10.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 61 | 51 | 78 | 65 | 49 | 44 | 60 | 45 | 66 | 61 |

Við Langholtsskóla er íþróttasalur 17.9 x 8,7 m. sem nýtist fyrir íþróttakennslu skólans. Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi skólans og í íþróttahúsi TBR. Nemendur í 1.-4. bekk sækja tvo tíma í íþróttahúsi skólans. 5.-10. bekkur sækir annan íþróttatímann í TBR, á föstudögum. Íþróttakennsla er úti að hausti og vori. Sundkennsla fer fram í laugunum í Laugardal.Í skólanum er rekið frístundaheimilið Glaðheimar á vegum Tónabæjar fyrir börn á aldrinum 6-9 ára en vegna skorts á húsnæði fer hluti af starfsemi frístundaheimilisins fram í félagsmiðstöðinni Þróttheimum.

## *Laugarnesskóli*

Um 390 nemendur voru skráðir til náms í 1. -6. bekk Laugarnesskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 58 | 67 | 65 | 75 | 60 | 65 |

Við Laugarnesskóla er 20m x 10m íþróttasalur sem nýtist fyrir íþróttakennslu skólans. Hann er leigður út til einkaaðila eftir skólatíma og á kvöldin. Nemendur sækja sundkennslu í Laugardalslaug. Við skólann er sparkvöllur til iðkunar knattspyrnu. TBR býður nemendum í 4. bekk upp á fría badmintonkennslu.
Í Laugarnesskóla er starfrækt frístundaheimilið Laugasel á vegum Tónabæjar fyrir 6-9 ára börn. Laugarnesskóli og Laugarneskirkja starfrækja saman barnakór, en einnig er daglegur morgunsöngur í skólanum. Á föstudögum er palldagskrá þar sem bekkir koma saman og sýna atriði sem bekkirnir hafa æft.
Nemendur sækja einnig tónlistarkennslu í Tónskóla Sigursveins við Engjateig. Lúðrasveit Austurbæjar hefur aðstöðu í Laugarnesskóla og æfir hún þar.

### *Laugalækjarskóli*

Laugalækjarskóli tekur við nemendum eftir að námi í Laugarnesskóla lýkur. Um 279 nemendur voru skráðir til náms í Laugalækjarskóla í 7. – 10. bekk veturinn 2006-2007 og var skiptingin milli bekkjardeilda eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **7.b.** | **8.b.** | **9.b.** | **10.b.** |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 62 | 88 | 68 | 61 |

Ekkert íþróttahús er við skólann og verður því að sækja alla íþróttakennslu í Laugardalshöll og sundkennslu í Laugardalslaug. Í Laugalækjarskóla er félagsmiðstöðin Laugó, hún er rekin sem útstöð frá félagsmiðstöðinni Þróttheimum. Fyrir nemendur í 8-10 bekk er opið á mánudögum kl. 19.30-22.00, miðvikudögum kl. 14.00-19.00 og annan hvern föstudag kl. 19.30-23.00. Fyrir nemendur í 7. bekk er opið einu sinni í viku á fimmtudögum kl. 16.00-18.00.

### *Vogaskóli*

Um 392 nemendur voru skráðir til náms í allar bekkjardeildir í Vogaskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** | **8.b.** | **9.b.** | **10.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 40 | 34 | 23 | 38 | 38 | 43 | 46 | 39 | 46 | 45 |

Ekkert íþróttahús er í eigu Vogaskóla og þarf því skólinn að leigja tíma fyrir íþróttakennslu af öðrum. Flestir tímarnir eru leigðir af Menntaskólanum við Sund og nokkrir tímar einnig af TBR en þangað fara 9. – 10. bekkur einu sinni í viku. Sundkennsla allra nemenda í Vogaskóla fer fram í Laugardalslauginni. Nemendum í 1. – 6. bekk er ekið í sund og fylgir starfsmaður skólans yngstu nemendunum. Sundkennsla þessara árganga er felld inn í stundatöfluna. Hver bekkur er hálfan vetur í sundi. Í skólanum er frístundaheimilið Vogasel starfrækt á vegum Tónabæjar.

### *3.1.2 Félagsmiðstöðin Þróttheimar*

Félagsmiðstöðin Þróttheimar er með starfsemi fyrir unglinga á aldrinum 10-16 ára í Voga- og Langholtsskóla. Opið starf er fyrir unglinga 13-16 ára á mánudögum og miðvikudögum kl. 14.00 – 22.00, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14.00 – 19.00 og annan hvern föstudag kl. 14.00 -23.00. Fyrir börn á aldrinum 10-12 ára er opið á miðvikudögum kl. 15.00-17.00. Að auki eru starfrækt fjölbreytt tómstundanámskeið fyrir nemendur í 5-7 bekk í grunnskólum hverfisins.

### *3.1.3 Knattspyrnufélagið Þróttur*

Í Þrótti eru sex íþróttadeildir og fara æfingar fram að mestum hluta á svæði Þróttar í Laugardal, en einnig er æft í íþróttahúsi við Vogaskóla (MS) og Laugardalshöll. Boðið er upp á Knattspyrnu, handbolta, blak, tennis, skák og körfubolta.

**Knattspyrnudeild:**

Knattspyrnudeild Þróttar býður upp á æfingar fyrir stelpur og stráka fimm til sex ára og eldri.

Æfingar eru 2-3 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á knattspyrnuæfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Á veturnar fara æfingar að mestu fram á Gervigrasinu í Laugardal, ásamt íþróttahúsi Menntaskólans við Sund og Laugardalshöll.



**Blakdeild Þróttar:**
Blakdeild Þróttar býður upp á æfingar fyrir eftirtalda flokka.
5.fl. ( f. 1995-1997) Krakkablak, blandað.
2.fl. (f. 1988-1990) kvenna.
Æfingar eru 2 svar í viku og fara æfingar fram fyrir krakkablak í Laugardalshöll og 2.flokkur kvenna er í Vogaskóla.
Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur.

**Handknattleiksdeild:**

Handknattleiksdeild Ármanns/Þróttar býður upp á handboltaæfingar fyrir drengi og stúlkur frá 9 ára aldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á handboltaæfingar á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara að mestu fram í Laugardalshöll ásamt íþrótttahúsi við Vogaskóla. Handknattleiksdeild er samstarfsverkefni Ármanns og Þróttar

**Tennisdeild:**

Ekki liggja fyrir æfingartímar fyrir þennan aldurhóp

**Skákdeild:**
Ekki liggja fyrir æfingatímar fyrir þessa deild.

### *3.1.4 Glímufélagið Ármann*

Glímufélagið Ármann er elsta samfellt starfandi íþróttafélag á landinu og er 118 ára. Fá íþróttafélög státa af jafnmilkilli fjölbreytni í starfsemi sinni. Innan félagsins eru ellefu spennandi deildir sem bjóða uppá æfingar fyrir fullorðina, unglinga og börn allt frá 3 ára aldri. Boðið er upp á fimleika, frjálsar íþróttir, glímu, júdó, körfubolta, lyftingar, sund, handbolta, Tae kwon do og skíði auk almenningsdeildar. Félagið er hverfafélag ásamt Þrótti og er í samvinnu við þá.

**Fimleikadeild:**
Fimleikadeild Ármanns býður upp á fimleikakennslu frá 5 ára aldri, en einnig eru krílahópar starfræktir fyrir börn 2-3ja ára. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á fimleikaæfingum á bilinu frá klukkan

15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýjum fimleikasal í íþróttamiðstöð Ármanns/Þróttar í Laugardal.

**Taekwondodeild:**
Taeikwondodeild Ármanns býður upp á æfingar fyrir stráka og stelpur frá sex ára aldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýjum bardagasal í íþróttamiðstöð Ármanns/Þróttar í Laugardal.

**Frjálsíþróttadeild:**
Frjálsíþróttadeild býður upp á frjálsar íþróttir fyrir börn 6 ára og eldri. Skipt er í flokka 6-9 ára, 11 ára og yngri og 12-15 ára. Einnig er meistaraflokkur 16 ára og eldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingafjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýja frjálsíþróttahúsi Laugardalshallar.

**Körfuknattleiksdeild Ármanns/Þróttar:**
Körfuknattleiksdeild Ármanns/Þróttar býður upp á körfuboltaæfingar fyrir bæði kyn og skiptast flokkarnir í 10 ára og yngri, drengi fædda 1995, stúlkur fæddar 1991-1993, drengi fædda 1993-1994 og drengi fædda 1991-1992. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í íþróttahúsum Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla.
Körfuknattleiksdeild er samstarfsverkefni Ármanns og Þróttar.

**Judodeild:**
Júdodeild Ármanns býður upp á júdókennslu fyrir börn sjö ára og eldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Aldurshópurinn 6-9 ára æfa 2svar í viku, 10-12 ára æfa 3svar í viku, 13-15 ára æfa 3-6 sinnum í viku, 15-18 ára æfa 6 sinnum í viku. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýjum bardagasal í íþróttamiðstöð Ármanns/Þróttar Í Laugardal.

**Sunddeild:**
Sunddeild Ármanns býður upp á sundæfingar fyrir börn frá 5 ára aldri.
Aldurshópurinn 6-9 ára eru 1-4 sinnum í viku, 10-12 ára eru 4 sinnum í viku, en 13-18 ára eru allt að 10 sinnum í viku. Æfingarnar fara fram í Laugardalslaug, Árbæjarlaug og í Háaleiti. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í Laugardalslaug, Árbæjarlaug og í Háaleiti.

**Skíðadeild:**
Skíðadeild Ármanns býður upp á þjálfun fyrir bæði kyn.
Aldurshópurinn 6-9 ára æfir einu sinni í viku, 10-12 ára æfa 2svar í viku, 13-18 ára æfa 6 sinnum í viku. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur.

**Glímudeild Ármanns:**
Hreyfigeta barna er mjög mikil og skiptir því miklu að örva hana. Með iðkun glímu eykur nemandinn jafnvægi , nýjar hreyfingar og sjálfsaga og með því örvar hann skyn -og hreyfiþroska sinn.
Í glímu reynir á alla þrekþætti sem er forsenda að bættu líkamshreysti og jafnvægi.
Æfingar eru á Þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17.30 til 18.20.

**Almenningsdeild.**
Ekki liggja fyrir æfingartímar fyrir þennan aldurshóp.

**Íþróttaskólinn í Laugardal.**
Á vegum rekstarfélags Þróttar og Ármanns er starfræktur Íþróttaskóli sem er í boði frítt fyrir 6 ára nemendur. Íþróttaskólinn er starfræktur á þremur stöðum. Börn í Laugarnesskóla fara í íþróttahúsið við skólan sinn. Börn úr Vogaskóla og Langholsskóla fá keyrslu frá sínum frísstundaheimilum í íþróttaskólan. Þau börn eru einu sinnu í viku í fimleikasal í íþróttamiðstöð Ármanns og Þróttar og hinn tíman í Frjálsíþróttahöllinni.
Íþróttaskólin er samstarfsverkefni íþróttafélagana, skólan í hverfinu, ÍBR og ÍTR.

Yfir sumartímann bjóða Ármann og Þróttur upp á sumarnámskeið fyrir börn 3-12 ára. Þar er boðið uppá fjölbreytt námskeið og eru þau:
Leið 1: Fjölgreinaskóli
Leið 2: Fimleika- og Íþróttaskóli
Leið 3: Knattspyrnuskóli Þróttar
Sértækt knattspyrnunámskeið – 4. flokkur
Leið 4: Sundskóli Ármanns

### *3.1.5 Sundfélagið Ægir*
Sundfélagið Ægir (www.aegir.is) býður upp á sundnámskeið fyrir börn 4ra ára og eldri. Æfingar yngstu hópa fara fram í Breiðholtslaug og laug Breiðagerðisskóla. 8 ára krakkar og æfa í Ölduselsskóla, Laugardalslaug og Breiðholtslaug, en eldri hópar æfa líka í Sundhöll Reykjavíkur. Æfingum yngstu hópa, 4-10 ára, er beint á tímann milli 15 og 18.30 og heyrir til undantekninga ef æfingar fara út fyrir þann ramma hjá þessum aldurshópi.

### *3.1.6 Skautafélag Reykjavíkur*
Skautafélag Reykjavíkur er eitt elsta íþróttafélag landins, stofnað 1873. Heimavöllur þess er Skautahöllin í Laugardal, þar sem æfingaaðstaða, skrifstofa og félagsheimili er til húsa. Félagið skiptist í tvær deildir, íshokkídeild og listhlaupadeild.
Mikil fjölgun hefur átt sér stað í öllum yngri flokkum íshokkídeildarinnar en nú þurfa allir nýir iðkendur að byrja fyrst í Skautaskóla SR áður en þeir geta byrjað í íshokkídeildinni. Mikil áhersla er á barna- og unglingastarf. Jafnframt er mikil áhersla á að virkja nýja foreldra til starfa fyrir deildina en deildin telur sig státa af öflugu félagsstarfi sem fyrst og fremst byggir á breiðri þátttöku foreldra og velunnara hennar. Ennfremur er lögð áhersla á að leikmenn SR fái að kynnast íshokkíi í öðrum löndum, m.a. með því að fara í keppnisferðir til útlanda eða að taka á móti erlendum liðum.

Skautaskólinn er alla sunnudagsmorgna kl. 10.15 og alla mánudaga kl. 17 Geta krakkar allt niður í þriggja ára skráð sig í skólann.

### *3.1.7 Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur TBR*
Hús Tennis og badmintonfélags Reykjavíkur er staðsett hjá Glæsibæ að Gnoðarvogi 1. Þar er kennt badminton og stunda börn frá 8-9 ára aldri íþróttina hjá félaginu. Æfingar hjá börnum upp að 12-13 ára aldri eru helst á bilinu 14.30-17. TBR býður upp á badmintonkennslu fyrir 4. bekk í öllum skólum borgarhlutans.

### *3.1.8 Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík*
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík hefur aðstöðu sína í Hátúni 14. Markmið félagsins er að gera fötluðu fólki kleift að stunda íþróttir til æfingar og keppni. Boðið er upp á þjálfun í boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsum íþróttum, knattspyrnu, lyftingum og sundi.

### *3.1.9 Kirkjur*

#### *Laugarneskirkja*
Í Laugarneskirkju er rekið öflugt starf fyrir börn og unglinga í Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla. Þar er m.a. rekinn hópurinn Adrenalín gegn rasisma, þar sem krakkar úr Laugalækjarskóla vinna með börnum úr nýbúadeild Austurbæjarskóla. Ennfremur er í Laugarneskirkju starfræktur barnakór í samstarfi við Laugarnesskóla.
Starf fyrir 10-11 ára börn er kl. 16.30-17.30 á miðvikudögum. Annan hvern mánudag er svonefnt harðjaxlastarf þar sem fullfrísk og fötluð börn úr Laugarneshverfi koma saman í leik og starfi. Þar er um að ræða samvinnu milli kirkjunnar, Laugalækjarskóla og Íþróttafélags fatlaðra.
Þá er 6-9 ára starf (kirkjuprakkarar) á miðvikudögum frá kl. 14-15.30.
Á miðvikudagskvöldum frá kl. 20.30-22 eru unglingakvöld fyrir áttundu bekkinga hverfisins.

#### *Langholtskirkja*
Í Langholtskirkju er rekið barna- og unglingastarf, en aðaláhersla er þó lögð á kórastarfið. Þar er m.a. Gradualekór og barnakórinn Krúttakórinn, en einnig er þar nýstofnaður drengjakór sem hefur vaxið hratt frá því haustið 2006.
Krúttakórinn, sem skipaður er börnum 4-7 ára æfir á miðvikudögum milli 17 og 18.
Gradualekórinn, sem skipaður er börnum á aldrinum 10-16 ára æfir á þriðjudögum og fimmtudögum milli 17 og 19.
Drengjakór Langholtskirkju æfir á mánudögum kl. 17.

#### *Áskirkja*
Áskirkja kemur ekki miklum mæli inn í barnastarf, enda er hún ekki með neinn skóla inni í sókninni. Þó er nokkur fermingarfræðsla rekin þar. Aðaláhersla Áskirkju er á starf aldraðra og ýmiss konar félags- og hverfastarf.

#### *KFUM og K*
Engin svör hafa borist frá KFUM og K.

### *3.1.10 Skátafélagið Skjöldungar*
Skátafélagið Skjöldungar hefur aðstöðu sína í húsnæði félagsins í Sólheimum 21A. Eru þar reknar sex sveitir fyrir börn og unglinga á aldrinum 10 ára og upp úr. Samstarf við skóla hefur almennt verið gott og er starfið í góðu jafnvægi, þótt stundum geti reynst erfitt að manna foringjastöður. Að mati félagsforingja Skjöldunga er þetta m.a. vegna atvinnuástandsins, þar sem vinnumarkaðurinn sækir mjög í starfskrafta unglinga og þeir vilja síður vinna ólaunuð störf.

### 3.1.11 Tónlistarskólar

#### Tónskóli Sigursveins M. Kristinssonar

Rúmlega 117 nemendur sækja tónlistarnám við Tónskóla Sigursveins. Þar er kennt á öll helstu hljóðfæri og fer kennsla fram helst milli 13 og 19 og einnig á laugardögum. Ekki er sérstaklega tekið tillit til barna 6-12 ára í því skipulagi.
Það er vilji skólans að skipuleggja starf sitt þannig að það sé aðgengilegt fyrir börn. Skólinn er samstarfsfús að því tilskyldu að húsnæði sé í boði þar sem kennsla gæti farið fram.




Helstu hindranir sem talsmenn skólans kveðast hafa rekist á eru að æfingatímar í tónlist, íþróttum og fl. þ.h. rekast stundum á og gera stundaskrárgerð erfiðari. Sérstaklega veldur það vandræðum ef íþróttastarf stokkar upp sína stundaskrá þegar vetrarstarf er hafið.
Um möguleika á frekari samstarfsgrundvelli við frístundaheimili og grunnskóla segja stjórnendur tónskólans það myndu vera mikils virði fyrir tónlistarnemendur ef grunnskólinn gæti tekið tillit til sérstöðu þeirra þar sem þeir eru í raun í tvöföldu námi, auk þess að stunda líka íþróttir. Það mætti gera t.d. með því að auðvelda nemendum að sækja hljóðfæratíma á skólatíma.

#### Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík

Suzukitónlistarskólinn er staðsettur að Sóltúni 24 og er þar boðið upp á nám á fiðlu, víólu, celló og píanó. Þar er kennt samkvæmt móðurmálsaðferð japanska fiðluleikarans Shinichi Suzuki, sem oft er nefnd Suzukiaðferð. Kennarar skólans hafa lokið sérnámi í þessari kennsluaðferð samkvæmt staðli Evrópska Suzukisambandsins.




Samtals stunda 178 nemendur 6-18 ára nám við skólann. Kennt er frá kl. 7-20 og er unnið náið með foreldrum. Sumir nemendur fá að koma í skólann á grunnskólatíma, en það er háð foreldrum. Að sögn skólastjórnenda verður ekki vart við hindranir frá grunnskólum, enda samstarf við foreldra gott. Þó vildu skólastjórnendur að fleiri nemendur gætu nýtt sér tíma milli kl. 8 og 17.

## *Allegro Suzukitónlistarskólinn*

Allegro Suzukitónlistarskólinn býður upp á tónlistarnám fyrir börn á aldrinum 4 ára og upp úr. Um 103 börn sækja skólann frá ýmsum hverfum borgarinnar. Flestir nemendur eru á aldrinum 4-12 ára.

Lítið er kennt á morgnana, einn og einn tími. Allt í allt fimm tímar yfir vikuna að sögn skólastjórnenda. Kennsla fer að mestu leyti fram frá 14-19.30, enda er aðkoma foreldra skilyrði í Suzuki námi. Starf fyrir börn á aldursbilinu 6-12 ára er helst milli 14 og 19-30. Reynt er að fá yngstu börnin fyrr, en að sögn skólastjóra reynist það oft erfitt vegna vinnu foreldra. Skólinn er nú að gera tilraun í sambandi við Ísaksskóla. Nokkrir nemendur koma þaðan fyrir hádegi.

Helstu hindranir í starfinu felast í vinnu foreldra, enda er nauðsynlegt að þeir læri með börnunum. Oft skarast starfið einnig við íþróttastarf eða eitthvað sem er í gangi í skólanum. Foreldra láta þó námið í skólanum ganga fyrir.

Skólastjórnendur myndu gjarnan vilja sjá betra samstarf við grunnskólana. Það sem gerir það erfiðara hjáAllegro Suzukiskólanum er að foreldrar þurfa að vera með með. Þess vegna er þessi tími svolítið erfiður vegna foreldra sem eru bundin við vinnu.

## *Skólahljómsveit Austurbæjar*

Skólahljómsveit Austurbæjar hefur aðstöðu sína í Laugarnesskóla og æfir þar, en dreifing þátttakenda eftir skólum er svohljóðandi:

| **Skóli:** | **Fjöldi iðkenda:** |
|---|---|
| Álftamýrarskóli | 3 |
| Ártúnsskóli | 1 |
| Breiðagerðisskóli | 26 |
| Fossvogsskóli | 6 |
| Háteigsskóli | 10 |
| Hlíðaskóli | 1 |
| Hvassaleitisskóli | 5 |
| Langholtsskóli | 13 |
| Laugalækjarskóli | 7 |
| Laugarnesskóli | 25 |
| Réttarholtsskóli | 3 |
| Suðurhlíðarskóli | 2 |
| Vogaskóli | 10 |
| Annað | 1 |
| Samtals | 113 |

Sveitin æfir á bilinu 16.30-19. en sjaldan meir en klst. í senn.
Þá er tónfræði kennd í Tónskóla Sigursveins að Engjateigi 1

### *3.1.12 Dansskólar*

### *Klassíski listdansskólinn*

Klassíski Listdansskólinn er staðsettur að Grensásvegi 14a. Þar er boðið upp á ballettkennslu fyrir börn 5 ára og eldri. Skólinn er heilsárs skóli og skiptist í tvær annir. Fimmtán vikur fyrir áramót og fimmtán vikur eftir áramót. Fimm og sex ára hópar velja um þriðjudaga 16.30 til 17.30 eða laugardaga frá 12 til 13 og 13 til 14.
Sjö og átta ára nemendur sem byrjendur og nemendur sem hafa verið í yngri deildunum eru 2x í viku eina og hálfa klukkustund í senn, mánudaga og fimmtudaga kl. 16.30 til 18.

### *3.1.13 Bókasafn*



Borgarbókasafn Reykjavíkur rekur útíbú í Sólheimum og er það opið mánudagatil fimmtudaga 10-19, föstudaga 11-19 og laugardaga frá 13-16. Þótt Sólheimasafn sé ekki stórt um sig, rétt rúmir 200 fermetrar, er þar góður safnkostur bæði fyrir börn og fullorðna. Safnkosturinn, um 40.000 eintök, er bækur, tímarit, myndbönd, hljóðbækur, tungumálanámskeið og margmiðlunarefni. Lestraraðstaða er í safninu og þar er m.a. hægt að lesa dagblöð og tímarit.

Í Sólheimasafni er hægt að panta sögustundir og safnkynningar. Gestir safnsins hafa aðgang að Netinu, margmiðlunarefni og ritvinnsluforritum.

## 3.2 Bústaðahverfi

Í Bústaðahverfi eru þrír grunnskólar, Fossvogsskóli, Breiðagerðisskóli og Réttarhltsskóli. Heildarfjöldi nemenda í hverfinu er um 1006. Við Fossvogs- og Breiðagerðisskóla eru frístundaheimili sem rekin eru af Frístundamiðstöðinni Tónabæ. Þá er félagsmiðstöðin Bústaðir staðsett í kjallara Bústaðakirkju og er hún einnig rekin af Tónabæ. Enginn tónlistarskóli er rekinn í hverfinu, en nemendur skólanna taka þátt í skólahljómsveit Austurbæjar og sækja tónlistarkennslu m.a. í Tónskóla Sigursveins. Knattspyrnufélagið Víkingur hefur aðstöðu í Víkinni rétt við Elliðaárdalinn. Þá er skátafélagið Garðbúar staðsett í Bústaðahverfi, en erfitt hefur reynst að starfrækja félagið undanfarin ár.

### *3.2.1 Grunnskólar í Bústaðahverfi*

Í Bústaðahverfi eru þrír grunnskólar. Tveir á barnaskólastigi, Fossvogs- og Breiðagerðisskóli, sem hafa bekkjardeildir frá 1. til 7. bekkjar, en einn safnskóli, Réttarholtsskóli, sem er með unglingadeildir frá 8. upp í 10. bekk.

### *Fossvogsskóli*

Um 303 nemendur voru skráðir til náms í 1. -7. bekk Fossvogsskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir | 1.b. | 2.b. | 3.b | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fj. Nem. | 31 | 46 | 45 | 46 | 45 | 34 | 56 |

Við Fossvogsskóla er starfræktur íþróttasalur 9 x 18 m, sem er nýtt fyrir íþróttakennslu skólans. Nemendur sækja sund í Breiðholtsskóla. Sund er kennt kl. 14.20-15.40 í hópum, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.
Tónabær rekur við skólann frístundaheimilið Neðstaland sem hefur aðstöðu í kjallara skólans.

### *Breiðagerðisskóli*
Um 347 nemendur voru skráðir til náms í 1. -7. bekk Breiðagerðisskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir | 1.b. | 2.b. | 3.b | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fj. Nem. | 55 | 36 | 51 | 36 | 69 | 45 | 55 |

Í Breiðagerðisskóla er 18 x 9m íþróttasalur sem nýtist til íþróttakennslu við skólann og 12.5 x 6m innisundlaug sem nýtt er til sundkennslu nemenda. Við skólann er starfandi frístundaheimilið Sólbúar sem rekið er á vegum Tónabæjar fyrir börn á aldrinum 6-9 ára.

### *Réttarholtsskóli*
Um 356 nemendur voru skráðir til náms í 8. -10. bekk Réttarholtsskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir | 8.b. | 9.b. | 10.b |
|---|---|---|---|
| Fj. Nem. | 111 | 136 | 109 |

Við Réttarholtsskóla er íþróttasalur 33 x 18m, sem notaður er til íþróttakennslu við skólann og er síðan leigður út til íþróttafélaga og einkaaðila seinni hluta dags. Sparkvöllur er á lóð skólans til knattspyrnuiðkunar nemenda. Nemendur sækja sundkennslu í Laugardalslaug.

## *3.2.2 Félagsmiðstöðin Bústaðir*
Félagsmiðstöðin Bústaðir er með starfsemi fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára í Fossvogs-, Breiðagerðis- og Réttarholtsskóla. Opið starf er fyrir unglinga 13-16 ára á mánudögum og miðvikudögum kl. 14– 22, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14– 19 og á föstudögum kl. 14 -23. Fyrir börn á aldrinum 10-12 ára er opið á föstudögum kl. 15 -17. Að auki eru starfrækt fjölbreytt tómstundanámskeið fyrir nemendur í 5-7 bekk í Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla hverfisins.

## *3.2.3 Knattspyrnufélagið Víkingur*
Knattspyrnufélagið Víkingur bíður uppá eftirfarandi deildir fyrir iðkendur á aldrinum 6-18 ára: Knattspyrnudeild, Handknattleiksdeild, Skíðadeild, Tennisdeild, Borðtennisdeild og Karatedeild. Einnig býður félagið uppá íþróttaskóla barnanna fyrir aldurinn 3-6 ára og Íþróttaskóla Víkings sem er samstarfsverkefni Knattspyrnufélagsins Víkings, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Íþróttabandalags Reykjavíkur og ÍTR. Félagið þjónar Fossvogsskóla, Breiðagerðisskóla og Réttarholtsskóla, en einnig eru iðkendur að koma frá Hvassaleitisskóla. Rannsókn á þátttöku skólabarna í starfi Víkings leiddi í ljós að mun hærra hlutfall iðkenda hjá Víkingi kemur úr skólahverfi Fossvogsskóla en Breiðagerðisskóla. Helst eru leiddar að því líkur að þarna spili Bústaðavegurinn stórt hlutverk, enda ekki greiðfært yfir hann fyrir yngri iðkendur.

**Knattspyrnudeild:**



Í knattspyrnudeild Víkings er boðið upp á æfingar fyrir stráka og stelpur frá 5 ára aldri og upp úr. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku, en æfingafjöldinn fer eftir aldri iðkenda. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á knattspyrnuæfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Á meðan ekki er gervigrasvöllur hjá Víkingi býður félagið uppá rútuferðir fyrir yngstu iðkendurna, til og frá gervigrasvalla í Laugardalnum, hjá ÍR og Leikni í Breiðholtinu. Einnig eru æfingar í íþróttahúsinu í Víkinni, í Réttarholtsskóla og í Breiðagerðisskóla. Á sumrin eru einnig æfingar á æfingasvæði Víkings við Víkina.

**Handknattleiksdeild:**
Handknattleiksdeild Víkings býður upp á æfingar og keppni fyrir börn sex til sjö ára og eldri. Æfingar eru 2 – 4 sinnum í viku og fara fram í íþróttahúsini í Víkinni og í Réttarholtsskóla. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur.

**Tennisdeild:**
Tennisdeild Víkings býður upp á æfingar í eftirfarandi flokkum.
Meistaraflokkur (allir aldurshópar)



Framhaldsflokkur (allir aldurshópar)
Byrjendur (allir aldurshópar)

Æfingarfjöldi er misjafn eftir aldri. Æfingar fara fram í íþróttahúsi Víkings við Víkina og hjá TBR. Á sumrin eru einnig útiæfingar í Víkinni ásamt því að Tennisdeildin býður uppá ýmis sumarnámskeið.

**Borðtennisdeild:**
Borðtennisdeild Víkings er með aðstöðu í íþróttahúsi TBR. Æfingar eru 3-4 sinnum á viku. Einnig starfrækir deildin sumarskóla fyrir börn á aldrinum 7 – 14 ára. Borðtennisdeildin býður upp á æfingar í eftirfarandi flokkum:

**Skíðadeild:**
Skíðadeild Víkings býður upp á æfingar fyrir stráka og stelpur frá u.þ.b. 6 ára aldri. Æfingar eru 1 – 5 sinnum í viku en æfingafjöldi fer eftir aldri iðkenda. Æfingar fara fram í Fossvogsskóla.

**Karatedeild**:
Karatedeild Víkings býður upp á æfingar fyrir stráka og stelpur frá 4ra ára og upp úr. Flokkaskipan er sem hér segir. Æfingar eru 2-3 í viku og er deildin með aðstöðu í íþróttahúsi Víkings í Víkinni.

**Íþróttaskóli Víkings**
Á vegum Knattspyrnufélagsins Víkings er starfræktur Íþróttaskóli Víkings sem ætlaður er 6 ára börnum. Íþróttaskóli Víkings er starfræktur á tveimur stöðum. Í íþróttahúsi Fossvogsskóla og íþróttahúsi Breiðagerðisskóla. Einnig er farið í Víkina 2-3svar sinnum á hvorri önn. Íþróttaskólinn er samstarfsverkefni Knattspyrnufélagsins Víkings, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Íþróttabandalags Reykjavíkur og ÍTR.

## *3.2.4 Bústaðakirkja*

Í Bústaðakirkju fer fram öflugt barna- og unglingastarf. Um 150 börn og unglingar stunda þar félagsstarf og er aldursdreifingin nokkuð jöfn.
Það er á Mánudögum, Þriðjudögum og Fimmtudögum. Seinniparts-dags
Starf fyrir börn á aldrinum 6-12 ára er frá 16–19. Að sögn starfsfólks Bústaðakirkju er gott samstarf við grunnskólana í hverfinu þannig að kirkjan fær að koma þar inn og kynna starfið. Er stefnan að auka og styrkja starfið fyrir næsta vetur. Starfsfólk verður lítið vart við hindranir í samgöngum, aðgengi, tíma og samstarfi, enda er samstarf milli aðila í Bústaðahverfi til fyrirmyndar.




## *3.2.5 Skátafélagið Garðbúar*

Starfsemi skátafélagsins Garðbúa liggur niðri vegna erfiðleika við að manna foringjastöður í barna- og unglingastarfi. Fyrir liggur mikill vilji meðal aðila í frístundastarfi í hverfinu til að úrræði verði fundin til að endurreisa blómlegt skátastarf í Bústaðahverfi.

## 3.3 Háaleiti

Í Háaleitishverfi eru tveir grunnskólar og einn sérskóli, Álftamýrarskóli, Hvassaleitisskóli og Safamýraskóli. Heildarfjöldi nemenda í hverfinu er um 592. Við báða skólana eru frístundaheimili sem rekin eru af Frístundamiðstöðinni Tónabæ. Þá er félagsmiðstöðin Tónabær (Tónó) rekin í húsnæði frístundamiðstöðvarinnar. Enginn stærri tónlistarskóli er rekinn í hverfinu, en nemendur skólanna taka þátt í skólahljómsveit Austurbæjar og sækja tónlistarkennslu m.a. í Tónskóla Sigursveins. Knattspyrnufélagið Fram er staðsett við hlið Álftamýrarskóla og þjónar báðum skólum. Óvissa er þó um framtíð þess á svæðinu.

### *3.3.1 Grunnskólar í Háaleiti*

Í Háaleitishverfi eru þrír grunnskólar, Álftamýrarskóli, Hvassaleitisskóli og sérskólinn Safamýrarskóli en nemendur þeirra sækja félagslíf sitt í félagsmiðstöðina Tónabæ.

#### *Álftamýrarskóli*

Um 356 nemendur voru skráðir til náms í allar bekkjardeildir Álftamýrarskóla veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir | 1.b. | 2.b. | 3.b | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. | 8.b. | 9.b. | 10.b. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fj. Nem. | 43 | 29 | 29 | 34 | 27 | 39 | 39 | 40 | 35 | 41 |



Við Álftamýrarskóla er íþróttasalur 33 x 18m, sem nýttur er til íþróttakennslu og leigður út til einkaaðila og íþróttafélaga á kvöldin. Skólasund Álftamýrarskóla fer fram í Sundhöll Reykjavíkur. Yngstu nemendurnir fara með rútu en þeir eldri fá strætómiða til að borga fyrir strætóferðir. Ekki er boðið upp á skólasund fyrir nemendur í 1. bekk. Frístundaheimilið Álftabær, fyrir börn á aldrinum 6- 9 ára í Álftamýrarskóla, er starfrækt á neðri hæð frístundamiðstöðvarinnar Tónabæjar.

#### *Hvassaleitisskóli*

Um 236 nemendur voru skráðir til náms í allar bekkjardeildir Hvassaleitisskóli veturinn 2006-2007. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir | 1.b. | 2.b. | 3.b | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. | 8.b. | 9.b. | 10.b. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fj. Nem. | 20 | 17 | 21 | 21 | 28 | 21 | 16 | 32 | 24 | 36 |

Við Hvassaleitisskóla er íþróttasalur 20 x 10m, sem nýttur er til íþróttakennslu. Sundkennsla fer fram í sundlaug Breiðagerðisskóla og er boðið upp á sundkennslu fyrir alla bekki. Í Hvassaleitisskóla er starfrækt frístundaheimilið Krakkakot á vegum Tónabæjar fyrir börn á aldrinum 6-9 ára.

#### *Safamýrarskóli*

Um 17 nemendur sóttu nám við Safamýrarskóla í tíu bekkjardeildum veturinn 2006-2007. Skólinn er sérskóli á grunnskólastigi. Skipting milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir | 1.b. | 2.b. | 3.b | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. | 8.b. | 9.b. | 10.b. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fj. Nem. | 1 | 1 | 1 | 0 | 2 | 4 | 3 | 1 | 1 | 3 |

Allir nemendur skólans eru greindarfatlaðir og hafa auk þess eina eða fleiri fötlun (s.s. hreyfihömlun, málhömlun, einhverfu, skynjunarerfiðleika). Nemendur sækja sund í laug skólans og leikfimi í leikfimisal skólans. Félagsstarf nemenda er á höndum skólans og hefur skólastjóri lýst yfir vilja til nánara samstarfs við Tónabæ vegna þess.

### *3.3.2 Félagsmiðstöðin Tónabær*

Félagsmiðstöðin Tónó er með starfsemi fyrir unglinga á aldrinum 10-16 ára í Álftamýrarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Hvassaleitisskóla. Breyting verður 1. maí næstkomandi þegar starf fyrir börn og unglinga í Háteigs- og Hlíðaskóla mun flytjast yfir í nýja frístundamiðstöð í miðborg/hlíðahverfi. Opið starf er fyrir unglinga 13-16 ára á mánudögum og miðvikudögum kl. 14.00 – 22.00, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14.00 – 19.00 og á föstudögum kl. 14.00 - 23.00. Fyrir börn á aldrinum 10-12 ára er opið á föstudögum kl. 15.00-17.00. Að auki eru starfrækt fjölbreytt tómstundanámskeið fyrir nemendur í 5-7 bekk í grunnskólum hverfisins.

### *3.3.3 Knattspyrnufélagið Fram*

Knattspyrnufélagið FRAM býður upp á 4 íþróttagreinar; knattspyrnu, handbolta, taekwondo og skíði. Auk þess er starfandi almenningsíþróttadeild sem heldur utan um íþróttir fyrir almenning, bæði börn 3-6 ára börn og leikfimi og líkamsrækt fyrir fullorðið fólk.



Aðstaða fyrir börn og fullorðna hjá FRAM góð að mati íþróttafulltrúa. Allar æfingar fara fram á sama stað þ.e á íþróttasvæði FRAM í Safamýri, þannig að ekki er um það að ræða að börn þurfi að sækja æfingar annað en í Safamýrina, æfingar fara fram í íþróttahúsi FRAM, íþróttahúsi Álftamýrarskóla og á gervigrasvelli FRAM.

Aðstaðan gerir félaginu kleift að ljúka öllum æfingum yngstu flokkanna fyrir kl. 18 á daginn. Æfingar um helgar eru aðeins hjá börnum 8 ára og eldri en reynt er eftir megni að fækka æfingum um helgar.
Knattspyrnufélagið FRAM býður öllum 6 ára börnum í hverfinu uppá íþróttaskóla tvisvar í viku og er reynt að hafa hann í beinu framhaldi af skóla og hefur það tekist að mestu leiti. Til að þetta sé hægt er mikilvægt að vera í góðu samstarfi við skóla og frístundaheimilin. Hefur þessi samvinna verið með ágætum undanfarin ár.

Samkvæmt bráðarbirgðatölum 1. des. 2006. stunduðu um 160 börn 18 ára og yngri fótbolta hjá FRAM, 185 börn handbolta, 20-25 börn taekwondo og svipaður fjöldi stundar skíði en sá hópur hefur farið minkandi á síðustu árum vegna vandræða með snjó. Aftur á móti hefur verið aukning hjá almenningsdeild FRAM í þjónustu við 3-6 ára börnin og fullorðið fólk í hverfinu sem vill hreyfa sig.

Samkvæmt tölum 1. des. æfa nú um 520 börn 18 ára og yngri íþróttir hjá FRAM. Tölur um iðkendur í knattspyrnu eru ekki alveg marktækar þar sem nákvæmir listar yfir iðkendur lágu ekki fyrir um áramót.

Knattspyrnufélagið lét í febrúar gera könnun á iþróttaiðkun í þeim tveim skólum sem tilheyra FRAM hverfinu þ.e Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla, könnun var ekki gerð í Háteigsskóla að þessu sinni en sá skóli telst til FRAM hverfisins frá fornu fari.
Helstu niðurstöður úr þeirri könnun sýna að mun fleiri krakkar úr Álftamýrarskóla stunda íþróttir hjá FRAM eða um 50 % af öllum börnum í skólanum en aðeins rúm 20% í Hvassaleitisskóla. Af þessu má draga þá ályktum að fjarlægð skóla frá íþróttasvæði hafi heilmikið með það að gera hvort börn stundi íþróttir eða ekki. Aðgengi barna að íþróttasvæði FRAM er mun betra fyrir Álftamýrarskóla en Hvassaleitiskóla, þó ekki sé langt á milli er yfir stórar götur að fara og það hefur það eflaust mikið að segja. Þó hefur göngubrú yfir Miklubraut breytt miklu fyrir aðgengi barna þeim megin Háaleitisbrautar að starfi Fram.

Yfir sumartímann bíður FRAM upp á sumarskóla fyrir börn 5-12 ára. Þar er boðið upp á fjölbreytt námskeið í 8-10 vikur. Hafa þessi námskeið mælst vel og þátttaka góð.

Mikillra áhyggna gætir meðal íbúa hverfisins af hugsanlegu brotthvarfi Fram og missi frístundasvæðisins í Safamýrinni. Forsvarsmenn íbúasamtaka Háaleitis kveða ótækt að börn í Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla verði látin sækja íþróttastarf um langan veg og yfir stórar umferðaræðar.

### *3.3.4 Grensáskirkja*
Í Grensáskirkju er rekið öflugt starf fyrir börn og unglinga í Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Starfinu er skipt upp í 6-9 ára starf, 10-12 ára starf og unglingastarf. 6-9 ára koma á mánudögum kl.15.30-16.30 28 börn fyrir áramót, en nú 10-15. 10-12 ára stelpur koma á þriðjud.ögum kl. 17-18 15-18 stelpur mæta að jafnaði. 10-12 ára strákar koma á miðvikudögum kl. 17.30-18.30 28 strákar skráðir, en um 10-12 mæta að jafnaði. Unglingastarf er á miðvikudögum kl. 20-21.30 og mæta 12 unglingar reglulega í starfið.

### *3.3.5 Skátafélagið Garðbúar*
Skátafélagið Garðbúar hefur legið niðri undanfarin misseri vegna skorts á foringjum í barna- og unglingastarfi. Vilji er til þess að endurreisa félagið og ná starfinu aftur af stað. Félagið hefur góða aðstöðu í húsnæði við Hólmgarð og ætti að vera góður jarðvegur fyrir endurreisn þess.

### *3.3.6 Dansskólar*

### *JSB (Jassballettskóli Báru)*
Danslistarskóli JSB sérhæfir sig í jazzballett. Jazzballettnám er vinsælt og fjölbreytt dansnám sem hefur þróast á 40 ára starfsferli skólans. Jazzballettnám er tómstundamiðað og við allra hæfi. Kennt er í 2-3 kennslustundir á viku, 60 - 75 mínútur í senn. Megináhersla er lögð á jazzdans, alhliða líkamsþjálfun og danstækni, bæði jazz- og klassíska tækni.

Nemendur, jafnt stelpur sem strákar, eru teknir inn í skólann frá 7 ára aldri. Engin sérstök inntökuskilyrði eru á almenna braut. Námið miðast við grunn- og framhaldsskólastig. Kennslustundir eru 2x í viku 60 mínútur í senn. Kennsluefni miðast við aldur og þroska nemenda. Framhaldsnemendur geta bætt við sig klassískum ballett. Æfingar eru þá 3x í viku, 2x60 mínútur í jazzballett og 1x75 mínútur í klassískum ballett.

Nemendur í skólanum eru tæplega 720 talsins.
Dreifing eftir aldri:
Framhaldsskólastig 16 – 22 ára = 213
Grunnskólastig 13 – 15 ára = 270
Grunnskólastig 10 – 12 ára = 134
Grunnskólastig 7 – 9 ára = 100

Nemendur koma alls staðar að, flestir eru búsettir í Reykjavík. En einnig stunda um 150 nemendur úr Kópavogi nám við skólann.

Kennt er síðdegis og fram á kvöld 15.20 – 21.30, einnig á laugardögum 10– 16.30. Æfingartímar barna 6-12 ára eru á milli kl.15.20 og 18.30 og einnig á laugardögum.

Skólinn hefur nýverið fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á skólanámsskrá sinni. Grunn- og framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu hafa í auknu mæli metið dansnám JSB sem valgrein á grunn- og framhaldsskólastigi, frá 8.bekk grunnskóla. Ekki er þó um skipulagt samstarf að ræða.

Danslistarskóli JSB hóf kennslu á nútímalistdansbraut haustið 2006. Vonast er til að þessi braut verði í auknu mæli í boði í framhaldsskólum, hér er um fullgilt listdanskjörsvið að ræða fyrir nemendur á listnámsbrautum framhaldsskólanna.

Að mati stjórnenda JSB eru samgöngumál ekki mikið í umræðunni hjá foreldrum. Flest börn eru keyrð þangað eða taka strætó. Samstarf við frístundaheimili hefur ekki verið til staðar, en skólastjórnendur segja vel koma til greina skoða samstarf að einhverju leyti einkum er viðkemur tíma.

Hvað varðar kennslutíma kveðast skólastjórnendur oft lenda í vandræðum vegna þess að stundatöflur grunnskóla stangist á við fyrstu kennslutíma á daginn. Vildu þeir sjá grunnskólana klára starf sitt í kringum 14 svo hægt væri að hefja kennslu fyrr og hætta fyrr á kvöldin.
Tímabilið frá kl.13.20 – 15.30 er að sögn stjórnenda JSB vannýtt auðlind og óskandi væri að hægt yrði að sinna danskennslu á þeim tíma. Aðstaða skólans er góð og eru 2-3 ballettsalir lausir á þessum tíma.

Það sem flækir málin varðandi samstarf við grunnskóla er að nemendur koma úr mörgum ólíkum grunnskólum og þyrfti því samstarfið að miðast við alla þá grunnskóla sem nemendur skólans sækja. JSB hefur allar nemendaupplýsingar s.s. kennitölur og heimilisföng. Hægt væri að finna út hvaða grunnskóla hér um ræðir og hvar þörfin væri mest.
Skólastjóri telur mikinn ávinning af því ef hægt yrði að byrja kennslu kl.13.30 á daginn.

### *3.3.7. Bókasafn*
Útibú Borgarbókasafns í Kringlunni þjónar Háaleitishverfi. Þar er góður safnkostur og mikið úrval leikbókmennta auk efnis fyrir börn og unglinga.

# 4. Samgöngur

**Strætisvagnar:**
Vegna legu sinnar liggur borgarhlutinn afar vel við strætósamgöngum í öðrum hverfum. Nær alla S-leiðir strætó fara gegnum hverfið eftir Miklubrautinni og þrjár almennar leiðir aka að einhverju ráði gegnum hverfin. Leið 14 þjónar Laugardal ágætlega, t.d. hvað varðar aðgengi að Laugardalslaug. En einnig liggur hún að Háaleitishverfinu.

Almenn Leið 11 ekur Háaleitisbraut og Bústaðaveg upp í Mjódd. Fram hefur áhuga á að breyta þeirri leið svo hún geti ferjað börn úr Hvassaleitisskóla niður í Framheimili í Safamýrinni, t.d. með því að breyta áætluninni utan háannatíma þannig að vagninn aki Safamýri í stað Háaleitisbrautar milli 14.30 og 16.30.

Þær megingötur sem almenn  leið 14 þjónar eru Bústaðavegur, Grensásvegur, Gnoðarvogur, Skeiðarvogur, Langholtsvegur og þaðan niður á Sundlaugarveg, Kringlumýrarbraut að Hringbraut og þaðan niður í miðbæ. Kjörið er að nýta leið 14 til ferða í sund fyrir nemendur Hvassaleitisskóla, Réttarholtsskóla og Vogaskóla.

Almenn leið 17 ekur Sogaveg og Bústaðaveg og gæti þannig ferjað börn úr skólahverfi Breiðagerðisskóla inn í Víking.

Almennt má segja að samgöngur milli borgarhlutans og Miðbæjar annars vegar og Mjóddar hins vegar séu ágætar.

**Gangandi og hjólandi umferð:**
Fjöldi göngu- og hjólastíga liggur gegnum borgarhlutann og tengir vel ýmsa staði, þótt víða megi betur standa að málum.

Vegna fjölda umferðaræða sem skera hin þrjú hverfi borgarhlutans eru samgöngur fyrir gangandi og hjólandi börn erfiðar. Líta þyrfti á helstu hindranir í slíkum samgöngum og meta hvort mögulegt sé að brúa þær æðar.

Skoða þyrfti hvort hita mætti upp helstu göngu- og hjólaleiðir milli skóla og frístundatilboða með afgangsvatni til að tryggja gott færi allt árið.

# 5. Tillögur og hugmyndir

**Áherslur í frístundastarfi:**
Hópurinn var sammála um að skynsamlegast væri að horfa helst til aldurshópsins 6-10 ára, þ.e.a.s. barna í 1.-4. bekk, í komandi vinnu við samþættingu vinnudags barna, enda er þessi hópur barna ekki enn orðinn sjálfbjarga hvað varðar t.d. strætósamgöngur og fleira. Þessum hópi er einnig þjónað á frístundaheimilunum við grunnskólana, en þar hefur nú þegar safnast fyrir mikil þekking á aðstæðum barnanna og þörfum. Jafnframt er mikilvægt að við alla skipulagningu frístundastarfs séu þarfir allra barna hafðar til hliðsjónar, þ.m.t. fötluð börn, börn með sérþarfir og börn af erlendum uppruna.

Efla þarf samráð milli þeirra aðila sem starfa á vettvangi frítímans innan hvers hverfis.

- Skapa samráðsvettvang innan hvers hverfis – miða skal við grunnskólahverfið hverju sinni.
- Tryggja þarf að einhver aðili í hverfinu hafi yfirumsjón með að skrá og halda utan um það sem er í boði fyrir börnin.
- Upplýsingaflæði – að allar upplýsingar um frístundatilboð fyrir börn séu þeim og foreldrum/forráðamönnum aðgengileg (samráðsvettvangurinn gegnir mikilvægu hlutverki í því)
- Hafa skrá eða yfirlit yfir aðstöðu og notkun á hverjum stað þannig að nýta megi húsnæði og tæki til fullnustu fyrir börnin

Hópurinn ræddi möguleika þess að grunnskólar hleyptu tónlistarskólum í meira mæli inn í húsnæði skólanna eftir kennslu, t.d. tónmenntastofur ef mögulegt væri. Þar gegnir samráðsvettvangur lykihlutverki. Víða skortir hins vegar aðstöðu í skólum til þessa og voru skólastjórar þeirrar skoðunar að brýnt væri að bæta úr aðstöðumálum til þess að slíkar hugmyndir næðu fram að ganga, enda væri kjörið að fá tónlistarskólana í auknum mæli inn í grunnskólana.

Eins og sjá má á töflu 2 yfir fjölda barna í frístundaheimilum má sjá að 3. og 4. bekkur verða útundan og má m.a. rekja það til þess hversu erfitt er að manna stöður í frístundaheimilum. Þetta er áhyggjuefni og hafa skólastjórar og yfirmenn frístundaheimila áhyggjur af því að þarna myndist gjá og börn á þessum aldri missi af mikilvægu frístundastarfi. Huga þarf sérstaklega að frístundaframboði fyrir þennan aldurshóp og sérstökum námskeiðum fyrir hann, enda er ljóst að ótækt er að láta börnin vera í sama frístundaframboði eftir skóla í þrjú til fjögur ár. Þarfir átta, níu og tíu ára barna eru einfaldlega gjörólíkar þörfum sex og sjö ára barna.

**Samgöngumál:**
Bæta þarf aðgengi barna að frístundastarfi meðal annars með því að efla samgöngur milli grunnskólanna og þeirra aðila sem standa fyrir frístundastarfi. Þar má nefna eftirfarandi dæmi:

- Bæta þarf aðgengi barna í Hvassaleitisskóla að Fram.
- Leita þarf leiða til að koma börnum úr Voga- og Langholtsskóla að íþróttasvæði Þróttar og Ármanns. Getur Strætó komið þar að málum?
- Bæta mætti aðgengi barna úr Breiðagerðis- og Réttarholtsskóla að íþróttasvæði Víkings með einhvers konar undirgöngum eða brú yfir Bústaðaveg.

- Göngubrú yfir Kringlumýrarbraut myndi ennfremur bæta aðgengi barna í Háteigsskólahverfi að íþróttasvæðinu í Safamýri, en þau börn eiga síður heimangengt á æfingar á svæði Vals við Hlíðarenda. Myndi það bæta til muna rekstrargrundvöll íþróttafélags á þessu svæði.
- Væri mögulegt að koma tónlistarnemum með einhvers konar strætó eða rútu að helstu tónlistarskólum.
- Skoða þarf Suðurlandsbrautina sem samgönguhindrun í aðgengi barna í Háaleitishverfi að tónlistarskólum.

**Íþróttamál:**
Efla þarf íþróttaskóla fyrir börn og standa við það upprunalega markmið að bjóða upp á íþróttaskólann fyrir börn í 1.-4. bekk. Til þess þarf að gera gangskör hvað varðar íþróttahúsnæði og önnur húsnæðismál grunnskólanna.

# 6. Helstu niðurstöður

- Sérstaklega þarf að líta til þarfa barna á aldrinum 6 til 10 ára.
- Gæta verður í hvívetna hagsmuna fatlaðra barna og barna með sérþarfir við skipulagningu frístundastarfs.
- Börn í 3. og 4. bekk þarf sérstaklega að skoða, þar sem þau lenda á milli.
- Efla þarf samráð um aðila sem starfa á vettvangi frítímans og skapa samráðsvettvang.
- Skoða þarf samgöngur í hverfinu betur og gera umbætur þar á. Mögulegt er að laga strætósamgöngur að þörfum skóla og frístundaframboða á vinnutíma barna.
- Bæta þarf samgöngumöguleika gangandi barna milli skóla og íþróttasvæða, t.d. með göngubrúm eða undirgöngum.
- Bæta þarf íþróttaaðstöðu hjá mörgum grunnskólum.
- Efla þarf íþróttaskóla fyrir börn í 1.-4. bekk.

# Viðaukar:

## *Tillögur ýmissa aðila utan vinnuhóps:*

Sú óvissa sem ríkt hefur um framtíð íþróttasvæðisins í Safamýri veldur íbúum miklum áhyggjum en fulltrúar íbúasamtaka Háaleitis-Norður hafa sett fram þá hugmynd að íþróttafélagið Valur, sem nú glímir við þröng skilyrði, taki við starfssvæði Fram og reki þannig tvær stöðvar sínar í hvoru horni nýs starfssvæðis Vals.

Efla þarf heilsdagsráðningar starfsfólks í frístundaheimilum til að bæta þann faglega grundvöll sem frístundaleiðbeinendur starfa á. Þannig má líka minnka starfsmannaveltu og bæta þjónustu við börnin. Þetta er sjónarmið skólastjóra og umsjónarmanna frístundaheimila.

Ólík sjónarmið hafa komið fram um samgöngur milli Hvassaleitisskóla og íþróttasvæðisins við Safamýri. Þannig sjá talsmenn fram fyrir sér að leið 11 gæti farið niður Safamýrina milli 14.30 og 16.30 til að færa börn þar á milli. Hins vegar gætu íbúasamtök Háaleitis Norður sett sig upp á móti aukinni strætóumferð niður Safamýrina og viljað sjá aðrar lausnir.

## *Æfingatöflur Félaga*

Hér má finna upplýsingar um æfingar Þróttar, Ármanns og Víkings, en einnig fylgja skýrslunni töflureiknisskjöl með nánari upplýsingum um æfingatíma Fram, Þróttar og Ármanns.

## *Þróttur*

Knattspyrnudeild Þróttar býður upp á æfingar fyrir stelpur og stráka fimm til sex ára og eldri. Flokkaskipan og æfingagjöld á ári eru sem hér segir.

8.fl. ( f. 2001 og yngri) strákar og stelpur (saman) 13.900 kr
7.fl. (f. 2000-1999) kvk og kk. 27.800 kr.
6.fl. ( f. 1998-1997) kvk og kk. 27.800 kr.
5.fl. ( f. 1996-1995) kvk og kk. 32.000 kr.
4.fl. (f. 1994-1993) kvk og kk. 36.100 kr.
3.fl. (f.1992-1991) kvk og kk. 36.100 kr.
2.fl. ( f. 1990-1987) kvk og kk. 36.100 kr.

Æfingar eru 2-3 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á knattspyrnuæfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Á veturnar fara æfingar að mestu fram á Gervigrasinu í Laugardal, ásamt íþróttahúsi Menntaskólans við Sund og Laugardalshöll.

**Blakdeild Þróttar:**

Blakdeild Þróttar býður upp á æfingar fyrir eftirtalda flokka.
5.fl. ( f. 1995-1997) Krakkablak, blandað.
2.fl. (f. 1988-1990) kvenna.
Æfingar eru 2 svar í viku og fara æfingar fram fyrir krakkablak í Laugardalshöll og 2.flokkur kvenna er í Vogaskóla.
Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur.

**Handknattleiksdeild:**

Handknattleiksdeild Ármanns/Þróttar býður upp á handboltaæfingar fyrir drengi og stúlkur frá 9 ára aldri. Flokkum er svo skipt:
7.fl.ka (f.1997-1998) Æfingagjöld: 25.000 kr
6.fl.ka ( f. 1995-1996) Æfingagjöld: 29.000 kr
6.-7.fl.kvk ( f.1995-1998) Æfingagjöld: 29.000 kr
5.fl.ka ( f.1996-1994) Æfingagjöld: 29.000 kr
4.-5.fl.kvk ( f.1991-1994) Æfingagjöld: 29.000 kr
4.fl.ka ( f. 1991-1992) Æfingagjöld: 29.000 kr

Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á handboltaæfingar á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara að mestu fram í Laugardalshöll ásamt íþrótttahúsi við Vogaskóla.
Handknattleiksdeild er samstarfsverkefni Ármanns og Þróttar

**Tennisdeild:**

Ekki liggja fyrir æfingartímar fyrir þennan aldurhóp

**Skákdeild:**
Ekki liggja fyrir æfingatímar fyrir þessa deild.

## *Glímufélagið Ármann*

**Fimleikadeild:**
Fimleikadeild Ármanns býður upp á fimleikakennslu frá 5 ára aldri, en einnig eru krílahópar starfræktir fyrir börn 2-3ja ára. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á fimleikaæfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýjum fimleikasal í íþróttamiðstöð Ármanns/Þróttar í Laugardal.
Æfingargjöld fyrir veturinn 2006-2007 fer eftir æfingartímum á viku.
Ársgjaldið er frá 26.100 kr- 90.000 kr. Það frá 1 klst til 12klt og fl.
Gefin er staðgreiðsluafsláttur 5% og systkinaafsláttur 20% og ef er fleiri en 2 börn þá er 30% afsláttur.

**Taekwondodeild:**
Taeikwondodeild Ármanns býður upp á æfingar fyrir stráka og stelpur frá sex ára aldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýjum bardagasal í íþróttamiðstöð Ármanns/Þróttar í Laugardal.
Verð fyrir ástundun í Taekwondo á ári er eftirfarandi:
Börn fædd 1993-2007: Kr. 26.000
Byrjendahópar f. 1993 og eldri: kr. 30.000
Framhaldshópar f.1993 og eldri: kr. 34.000

**Frjálsíþróttadeild:**
Frjálsíþróttadeild býður upp á frjálsar íþróttir fyrir börn 6 ára og eldri. Skipt er í flokka 6-9 ára, 11 ára og yngri og 12-15 ára. Einnig er meistaraflokkur 16 ára og eldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingafjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýja frjálsíþróttahúsi Laugardalshallar. Kostnaður við æfingar er á bilinu 3.000-3.500 á mánuði.

**Körfuknattleiksdeild Ármanns/Þróttar:**
Körfuknattleiksdeild Ármanns/Þróttar býður upp á körfuboltaæfingar fyrir bæði kyn og skiptast flokkarnir í 10 ára og yngri, drengi fædda 1995, stúlkur fæddar 1991-1993, drengi fædda 1993-1994 og drengi fædda 1991-1992. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í íþróttahúsum Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla.
Körfuknattleiksdeild er samstarfsverkefni Ármanns og Þróttar. Gjöld fyrir veturinn eru 18.000 kr. hjá öllum flokkum.

**Judodeild:**
Júdodeild Ármanns býður upp á júdókennslu fyrir börn sjö ára og eldri. Æfingar eru 2-4 sinnum í viku og fer æfingarfjöldinn eftir aldri. Aldurshópurinn 6-9 ára æfa 2svar í viku, 10-12 ára æfa 3svar í viku, 13-15 ára æfa 3-6 sinnum í viku, 15-18 ára æfa 6 sinnum í viku. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í nýjum bardagasal í íþróttamiðstöð Ármanns/Þróttar Í Laugardal.

Æfingagjöld í Judodeild Ármanns eru sem hér segir:
Barnaflokkur (f.1997-2000).
Ársgjald: 14.000kr
Haustönn: 8.000 kr
Vorönn: 9.000 kr
Börn / unglingar (f. 1991-1996)
Ársgjald: 23.000
Haustönn: 12.000
Vorönn: 19.000
Meistaraflokkur (f. 1990 og eldri).
Ársgjald: 9.000
Haustönn: 19.000
Vorönn: 23.000

**Sunddeild:**
Sunddeild Ármanns býður upp á sundæfingar fyrir börn frá 5 ára aldri. Skiptast flokkarnir sem hér segir:

Byrjendur 5-7 ára (f. 1999-2001).
Rauður 6-8 ára ( f. 2000-1998).
Brons 9-11 ára (f. 1997-1995).
Silfur 12-15 ára ( f. 1994-1991).
Gull 14 ára og eldri (f. 1992 og eldra).

Byrjendur æfa 2x í viku: Haustönn er frá september til janúar og kostar 14.800 kr. Vorönn er frá janúar til júní og kostar 18.500 kr.
Rauðir æfa 3x í viku: Haustönn er frá september til janúar og kostar 20.800 kr. Vorönn er frá janúar til júní og kostar 26.000 kr.
Bronshópar æfa 4x í viku: Haustönn er frá september til janúar og kostar 23.200 kr. Vorönn er frá janúar til júní og kostar 29.000 kr.

Aldurshópurinn 6-9 ára eru 1-4 sinnum í viku, 10-12 ára eru 4 sinnum í viku, en 13-18 ára eru allt að 10 sinnum í viku. Æfingarnar fara fram í Laugardalslaug, Árbæjarlaug og í Háaleiti. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur. Æfingarnar fara fram í Laugardalslaug, Árbæjarlaug og í Háaleiti.

**Skíðadeild:**
Skíðadeild Ármanns býður upp á þjálfun fyrir bæði kyn og skiptast þau í eftirfarandi flokka:

8 ára og yngri ( f. 1998 og yngri). Æfingagjöld eru 20.000 kr ( Passi = 5.500) = 25.500 (23.500 kr Frá fyrsta skíðadegi)
ra /11- 12 ára (f. 1996-1994). Æfingagjöld eru 33.000 kr (Passi = 5.500 ) = 38.500 (36.500 kr Frá fyrsta skíðadegi)
13 – 14 ára ( f. 1993-1992). Æfingagjöld eru 48.500 kr (Passi = 5.500) = 59.000 (57.000 kr frá fyrst skíðadegi)
15 ára og eldri ( f. 1991 og eldri). Æfingagjöld eru 56.500 kr ( Passi = 5.500) = 68.800 (66.800 frá fyrsta skíðadegi

Aldurshópurinn 6-9 ára æfir einu sinni í viku, 10-12 ára æfa 2svar í viku, 13-18 ára æfa 6 sinnum í viku. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur.

## *Glímudeild Ármanns:*

Æfingar eru á Þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17.30 til 18.20.

## *Sundfélagið Ægir:*

Hópaskiptingin, fjöldi æfinga í viku og lengd eru sem hér segir:
Gullfiskar (4-6 ára strákar og stelpur) 2 x 45 mínútur (8 vikna námskeið),
Bleikjur (6-8 ára ára strákar og stelpur) 2 x 45 mínútur,
Laxar (8-10 ára strákar og stelpur) 3 x 60 mínútur, 8-10 ára
Bronshópur 1 (9-11 ára strákar og stelpur) 4 x 60-75 mín. sund og 2 x 30 mín. á landi,
Bronshópur 2 (10-12 ára strákar og stelpur) 5 x 90 mín. sund og 3 x 30 mín. á landi
Silfurhópur (12-15 ára strákar og stelpur) 6-8 x 90-120 mín. sund og 3x 45-60 mín. á landi
Gullhópur (14 ára og eldri strákar og stelpur) 6-10 x 90-120 mín. sund og 4 x 45-60 mín. á landi.
Demantahópur (16 ára og eldri) 4 x 75 mín. Helstu áhersluatriði hópsins eru áframhaldandi æfingar Fyrir þá sem vilja fara að minnka við sig æfingar, að félagsmenn fái að vera hluti af félaginu og keppa í sundknattleik fyrir hönd félagsins og taka þátt í undirbúningi og vinnu á sundmótum Ægis.

Æfingagjöldin á mánuði eru sem hér segir, en við bætast mótsgjöld og þjónustugjöld til Sundsambands Íslands:
Gullfiskar 8 vikna námsk. kr. 9.400
Bleikjur 9 mánuðir kr. 4.500 á mán.
Laxar 9 mánuðir kr. 5.000 á mán.
Brons 1 10 mánuðir kr. 5.500 á mán.
Brons 2 10 mánuðir kr. 5.800 á mán.
Silfur 11 mánuðir kr. 6.500 á mán.
Gull 12 mánuðir kr. 6.800 á mán.
Demantar 10 mánuðir kr. 4.500 á mán.

## *Knattspyrnufélagið Víkingur*

**Knattspyrnudeild:**
Æfingartímar eru svohljóðandi:
8.fl.kvk/kk: 2svar í viku – þriðjud. og sunnud.
7.fl.kvk: 2svar í viku – þriðjud. og laugard.
7.fl.kk: 2svar í viku – þriðjud. og fimmtud.
6.fl.kvk: 3svar í viku – mánud., miðvikud. og föstud.
6.fl.kk: 3svar í viku – mánud., þriðjud. og föstud.
5.fl.kvk: 3svar í viku – mán., miðvikud. og föstud.
5.fl.kk: 3svar í viku – þriðjud., fimmtud. og föstud.
4.fl.kvk: 3svar í viku – mánud., miðvikud. og sunnud.
4.fl.kk: 4sinnum í viku – þriðjud., miðvikud., föstud. og sunnudögum
3.fl.kvk: 3svar í viku – mánud., miðvikud. og sunnud.
3.fl.kk: 4sinnum í viku – þriðjud., föstud., laugard. og sunnud.
2.fl.kvk: 4sinnum í viku – mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtud.
2.fl.kk: 4 sinnum í viku – mánud., miðvikud., fimmtud. og laugard.

**Handknattleiksdeild:**
Handknattleiksdeild Víkings býður upp á æfingar og keppni fyrir börn sex til sjö ára og eldri. Æfingar eru 2 – 4 sinnum í viku og fara fram í íþróttahúsini í Víkinni og í Réttarholtsskóla. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingu á bilinu frá klukkan 15-17 virka daga eftir því sem frekast er kostur.
Flokkaskipting er sem hér segir:

Æfingatímar eru:
8.fl.kvk/kk: 2svar í viku – mánud. og laugard.
7.fl.kvk: 2svar í viku – þriðjud. og föstud.
7.fl.kk: 2 svar í viku – miðvikud. og föstud.
6.fl.kvk: 3svar í viku – mánud., þriðjud. og föstud.
6.fl.kk: 3svar í viku – mánud., miðvikud. og laugard.
5.fl.kvk: 3svar í viku – þriðjud., miðvikud. og laugard.
5.fl.kk: 3svar í viku – mánud., miðvikud. og föstud.
4.fl.kvk: 4sinnum í viku – mánud., þriðjud., miðvikud. og föstud.
ung.fl.kvk: 4sinnum í víku – mánud., þriðjud., fimmtud. og laugard.
3.fl.kk: 4sinnum í viku – þriðjud., miðvikud., fimmtud. og laugard.

**Borðtennisdeild**
Barna og unglingaflokkur.  Æfingar 4sinnum í viku – mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtud.
Meistaraflokkur karla.  Æfingar 4 sinnum í viku – mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtud.
Meistaraflokkur kvenna.  Æfingar 4 sinnum í viku – mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtud.
Eldri flokkur karla.  Æfingar 3svar í viku – þriðjud., miðvikud. og fimmtud.

**Karatedeild**:
Byrjendaflokkur
Börn 4-8 ára.  Æfingar 2svar í viku – þriðjud. og fimmtud.
Börn 9-13 ára:  Æfingar 2svar í viku – þriðjud. og fimmtud.

Unglingar.  Æfingar 2svar í viku – þriðjud. og fimmtud.

Framhald
Börn 4-8 ára.  Æfingar 3svar í viku – mánud., miðvkud. og föstud.
Börn 9-13 ára.  Æfingar 3svar í viku – mánud., miðvikud. og föstud.
Unglingar og fullorðnir.  Æfingar 3svar í viku – mánud., miðvikud. og föstud.

Byrjendur og framhald
Fullorðnir.  Æfingar 2svar í viku – mánud. og miðvikud.

# BREIÐHOLT

# *SAMFELLA Í SKÓLA OG FRÍSTUNDASTARFI*

## *SKÝRSLA VINNUHÓPS*

Hákon Sigursteinsson
Helgi Eiríksson
Sigrún Gréta Helgadóttir
Margrét Árný Sigursteinsdóttir
Þráinn Hafsteinsson

## Kortlagning skóla- og frístundastarfsemi aldurshópsins 6-18 ára í Breiðholti í mars 2007

Vinnuhópur sem hafði það hlutverk að kortleggja og undirbúa verkefni varðandi samfellu í skóla- og frístundastarfi í Breiðholti kom fyrst saman til fundar 13. febrúar 2007 og hélt samtals fjóra fundi, þann síðasta fimmtudaginn 29. mars 2007.

Vinnuhópinn skipuðu:
Hákon Sigursteinsson, sviðsstjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts, formaður
Helgi Eiríksson, forstöðumaður Miðbergs
Sigrún Gréta Helgadóttir, íþróttafulltrúi ÍR
Margrét Árný Sigursteinsdóttir, aðstoðarskólastjóri Seljaskóla
Þráinn Hafsteinsson, frístundaráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðholts.

**Niðurstöður hópsins fara hér á eftir og er gerð grein fyrir þeim í fjórum megin köflum:**

1. kafli: Kortlagning allrar frístundastarfsemi fyrir aldurshópinn 6-18 ára í Breiðholti.

2. kafli: Samgöngur fyrir börn innan hverfis í Breiðholti og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.

3. kafli: Aðstaða fyrir skóla- og frístundastarfsemi aldurshópsins 6-18 ára í Breiðholti.

4. kafli: Tillögur hópsins um samfellu í skóla- og frístundastarfi í Breiðholti.

# 1. Frístundastarfsemi í Breiðholti í mars 2007

### *Breiðholtsskóli*

Í Breiðholtsskóla eru 538 nemendur í 25 bekkjardeildum frá 1.-10 bekk. Að meðaltali eru 21.2 nemendur í hverri bekkjardeild. Utan hefðbundins skólastarfs er eftirtalið frístundastarf það helsta sem skólinn stendur fyrir í samstarfi við nemendur. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum)
Skóladansleikir fyrir 8.-10. bekk, opið hús fyrir 8.-10. bekk, undirbúningur og þátttaka í Skrekk, undirbúningur og framkvæmd árshátíðar, ferðalög ofl. Diskótek fyrir 6.-7. bekk tvisvar sinnum á vetri.

### *Fellaskóli*

Í Fellaskóla eru 349 nemendur í 19 bekkjardeildum frá 1.-10 bekk. Að meðaltali eru 18 nemendur í hverri bekkjardeild. Utan hefðbundins skólastarfs er eftirtalið frístundastarf það helsta sem skólinn stendur fyrir í samstarfi við nemendur. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum)
Skóladansleikir fyrir 8.-10. bekk, opið hús fyrir 8.-10. bekk, undirbúningur og þátttaka í Skrekk, undirbúningur og framkvæmd árshátíðar, ferðalög ofl. Diskótek fyrir 6.-7. bekk tvisvar sinnum á önn.

## *Hólabrekkuskóli*
Í Hólabrekkuskóla eru 548 nemendur í 23 bekkjardeildum frá 1.-10 bekk.  Að meðaltali eru 23.5 nemendur í hverri bekkjardeild.  Utan hefðbundins skólastarfs er eftirtalið frístundastarf það helsta sem skólinn stendur fyrir í samstarfi við nemendur. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum)
Skóladansleikir fyrir 8.-10. bekk, opið hús fyrir 8.-10. bekk, undirbúningur og þátttaka í Skrekk, undirbúningur og framkvæmd árshátíðar, ferðalög ofl.  Þá er haldin styrktarsýning á vegum 8.-10. bekkja nemenda einu sinni á vetri.  Diskótek fyrir 6.-7. bekk þrisvar sinnum á vetri.

## *Seljaskóli*
Í Seljaskóla eru 701 nemandi í 31 bekkjardeild frá 1.-10 bekk.  Að meðaltali eru 22.6 nemendur í hverri bekkjardeild.  Utan hefðbundins skólastarfs er eftirtalið frístundastarf það helsta sem skólinn stendur fyrir í samstarfi við nemendur. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum)
Skóladansleikir fyrir 8.-10. bekk, opið hús fyrir 8.-10. bekk, undirbúningur og þátttaka í Skrekk, undirbúningur og framkvæmd árshátíðar, ferðalög o.fl.  Diskótek fyrir 6.-7. bekk tvisvar sinnum á önn.

## *Ölduselsskóli*
Í Ölduselsskóla eru 576 nemendur í 29 bekkjardeild frá 1.-10 bekk.  Að meðaltali eru 21.2 nemendur í hverri bekkjardeild.  Utan hefðbundins skólastarfs er eftirtalið frístundastarf það helsta sem skólinn stendur fyrir í samstarfi við nemendur. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum)
Skóladansleikir fyrir 8.-10. bekk, opið hús fyrir 8.-10. bekk, undirbúningur og þátttaka í Skrekk, undirbúningur og framkvæmd árshátíðar, ferðalög ofl.  Diskótek fyrir 6.-7. bekk tvisvar sinnum á önn.

## *Fjölbrautaskólinn í Breiðholti*
Vantar efni

## *Frístundamiðstöðin Miðberg*
Frístundamiðstöðin Miðberg rekur fimm frístundaheimili í grunnskólum hverfisins fyrir 6-9 ára börn.  Þetta eru frístundaheimilin Bakkasel í Breiðholtsskóla með 80 börn, Plútó í Fellaskóla með 36 börn, Álfheimar í Hólabrekkuskóla með 62 börn, Denni dæmalausi í Seljaskóla með 72 börn og Frissi fríski í Ölduselsskóla með 72 börn.  Fyrir aldursflokkinn 10-11 ára er opið hús einu sinni í viku.  Fyrir 12 ára börn er opið hús og 10-12-klúbbar í Miðbergi og Hólmaseli einu sinni í viku.  Fyrir unglingastigið er opið hús þrisvar í viku bæði í Miðbergi og Hólmaseli og þar að auki opið hús einu sinni í viku í öllum grunnskólunum í Breiðholti fyrir unglingastigið (tvisvar í viku í Breiðholtsskóla).  (Sjá þátttökutölur í fylgiskjölum).  Aðstaða fyrir starfsemi félagsmiðstöðvanna er í Miðbergi og í Hólmaseli.  Miðberg þónar nemendum úr Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla en H’olmasel nemendum úr Seljaskóla og Ölduselsskóla.  Aðsókn að Miðbergi er nokkuð jöfn frá Hólabrekku og Fellaskóla en áberandi minnst úr Breiðholtsskóla.  Við því hefur verið brugðist með því að hafa opið hús tvisvar í viku í Breiðholtsskóla í stað einu sinni.  Aðsókn í Hólmasel er nokkuð jöfn úr Seljaskóla og Ölduselsskóla.  Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttum sumarnámskeiðum. Tækifæri til þátttöku eru jöfn fyrir bæði kyn í öllu starfi Miðbergs.

## *Íþróttafélag Reykjavíkur*

Íþróttafélag Reykjavíkur rekur níu deildir sem allar bjóða upp á íþróttastarf fyrir börn og unglinga. Íþróttir sem ÍR býður upp á eru þessar: Dans, frjálsíþróttir, handknattleikur, júdó, keila, knattspyrna, körfuknattleikur, skíði og taekwondo. Samtals eru iðkendur um 1200 í þessum aldursflokkum í 54 æfingaflokkum. Æfingar eru tvisvar til sex sinnum í viku. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum) ÍR er hverfisfélag fyrir allt Breiðholtið en langflestir iðkenda félagsins koma úr Seljahverfi eða um 80%. Bæði kyn fá sömu tækifæri til æfinga í átta deildum af níu eða í dansi, frjálsíþróttum, handknattleik, júdó, keilu, knattspyrnu, skíðum og taekwond. Körfuknattleiksdeild býður upp á æfingar í einum flokki stúlkna en fjórum flokkum karla. Félagið hefur aðstöðu víða um hverfið og utan þess. Dansdeild í ÍR-heimilinu. Frjálsíþróttadeild á ÍR-svæðinu, á Laugardalsvelli og í Laugardalshöll, íþróttahúsum Fellaskóla og Seljaskóla. Handknattleiksdeild í íþróttahúsum Breiðholtsskóla, Seljaskóla, Austurbergi og í ÍR-heimilinu. Júdódeild í ÍR-heimilinu og Keiludeild í Öskjuhlíð. Knattspyrnudeild á ÍR-svæði, Breiðholtsskóla, Seljaskóla og Egilshöll. Körfuknattleiksdeild í Seljaskóla, Breiðholtsskóla og Fellaskóla. Skíðadeild í Bláfjöllum, Fellaskóla og Breiðholtsskóla og Taekwondodeild í ÍR-heimilinu. ÍR stendur fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.

## *Íþróttafélagið Leiknir*

Íþróttafélagið Leiknir rekur eina deild, knattspyrnudeild sem býður upp á knattspyrnu fyrir börn og unglinga. Samtals eru iðkendur 200 í þessum aldursflokkum í 9 æfingaflokkum. Æfingar eru tvisvar til fimm sinnum í viku. Langflestir iðkenda koma úr efra Breiðholti. Æfingaflokkar fyrir drengi eru sex en þrír fyrir stúlkur og því ekki um jöfn tækifæri kynja til iðkunar. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum) Æfingaaðstaða félagsins er á félagssvæði þess við Austurberg og í íþróttahúsum Fellaskóla og íþróttamiðstöðinni við Austurberg. Leiknir stendur fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.

## *Sundfélagið Ægir*

Sundfélagið Ægir býður upp á sundæfingar fyrir börn og unglinga í Breiðholti. Samtals eru iðkendur 200 í þessum aldursflokkum í 13 æfingaflokkum. Æfingar eru tvisvar til átta sinnum í viku. Langflestir iðkenda koma úr efra Breiðholti. Æfingar fara fram í Breiðholtslaug, sundlaug Ölduselsskóla og Laugardalslaug. Drengir og stúlkur æfa saman og hafa jöfn tækifæri til að iðka sund hjá Ægi. (Sjá nánar í fylgiskjölum með tölulegum upplýsingum) Ægir stendur fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.

## *Skátafélagið Segull*

Skátafélagið Segull býður upp á starf einu sinni í viku í þremur flokkum, jafnt fyrir drengi sem stúlkur. Skátaheimilið er í Tindaseli 3 A. Virkir þátttakendur í skátastarfinu eru ???. Flestir þátttakenda koma úr Breiðholti.
(Vantar meira efni hér)

## *Taflfélagið Hellir*

Taflfélagið Hellir býður upp á skákæfingar í félagsheimili sínu í Mjódd einu sinni í viku fyrir 6-18 ára aldurshópinn. Virkir þátttakendur í starfinu eru 24, 14 þátttakenda er úr hverfi 109 og 10 úr hverfi 111. 8% þátttakenda eru stúlkur en drengir og stúlkur æfa saman og hafa sömu tækifæri til iðkunar.

## *Fella- og Hólakirkja*

Fella- og Hólakirkja býður upp á barna- og unglingastarf. Sunnudagaskóli er fyrir yngstu börnin og upp í 9 ára. Stelpustarf er einu sinni í viku fyrir 7-9 ára stelpur, strákastarf fyrir 7-12 ára stráka einu sinni í viku. TTT- starf fyrir 10-12 ára krakka einu sinni í viku. Fermingarfræðslan er einu sinni í viku fyrir fermingarbörnin og unglingastarfið fyrir 13-15 ára er einu sinni í viku. Tveir barnakórar eru starfandi í samstarfi við grunnskólana í sókninni, yngri kór 6-8 ára og eldri kór 9-12 ára. Allt starfið fer fram í Fella- og Hólakirkju og eru jöfn tækifæri beggja kynja til þátttöku.

## *Seljakirkja*

Seljakirkja býður upp á barna- og unglingastarf. Barnaguðsþjónustur eru á hverjum sunnudegi fyrir yngstu börnin að 9 ára á aldri. Boðið er upp á starf KFUK fyrir 9-12 ára stúlkur og KFUM fyrir 9-12 ára stráka einu sinni í viku. Unglingastarfið er í tveimur deildum fyrir 8. bekk sér og svo fyrir unglinga í 9.-10. bekk saman og fer fram einu sinni í viku. Í kirkjunni er starfandi barnakór sem æfir einu sinni í viku. Fermingarfræðsla fer fram einu sinni í viku. Allt starfið fer fram í Seljakirkju og eru jöfn tækifæri beggja kynja til þátttöku.

## *Breiðholtskirkja*

Breiðholtskirkja býður upp á barna- og unglingastarf. Barnaguðsþjónusta er á hverjum sunnudegi fyrir yngstu börnin upp í 9 ára. Kirkjuprakkarar 7-9 ára hittast einu sinni í viku. TTT starf fyrir 10-12 ára er einu sinni í viku og æskulýðsfélag KFUM og K og kirkjunnar heldur vikulega fundi fyrir 13-16 ára unglinga. Yngri barnakór fyrir 6-9 ára æfir einu sinni í viku og svo gerir eldri barnakór einnig 10 ára og eldri. Fermingarfræðsla fer fram einu sinni í viku. Allt starfið fer fram í Breiðholtskirkju og eru jöfn tækifæri beggja kynja til þátttöku.

## *Tónskóli Sigursveins G. Kristinssonar*

Tónskóli Sigursveins býður upp á hefðbundið tónlistarnám í húsi skólans við Hraunberg í Efra Breiðholti. Nemendur úr Breiðholti sem stunda nám við skólann eru 74 á aldrinum 5-18 ára en flestir nemenda eru á 11. aldursári. Úr hverfi 109 eru 35 nemendur og 39 úr hverfi 111. Kennslan fer fram eftir hádegi og þó að jafnir möguleikar kynjanna séu til náms stunda fleiri stúlkur nám við skólann en drengir eða 48 stúlkur samanborið við 26 drengi.

## *Tónskóli Eddu Borg*

Tónskóli Eddu Borg býður upp á hefðbundið tónlistarnám í húsi skólans við Hólmasel í Seljahverfi. Nemendur úr Breiðholti sem stunda nám við skólann eru 133 á aldrinum 6-18 ára. Þar af eru 132 úr hverfi 109 og 1 úr hverfi 111. Nemendur 10 ára og yngri eru 68, 24 eru 11 og 12 ára og 42 nemendur eru á aldrinum 13-18 ára. Kennslan fer fram eftir kl. 14:00 og þó að jafnir möguleikar kynjanna séu til náms stunda fleiri stúlkur nám við skólann en drengir eða 75 stúlkur samanborið við 58 drengi.

## *Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts*

(Vantar efni)

## *Aðrir aðilar (listdansskóli, Þjóðdansafélag Reykjavíkur, ofl.)*

## 2. Samgöngur fyrir börn innan hverfis í Breiðholti og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.

Breiðholtshverfið er skorið í tvennt af Breiðholtsbrautinni með Efra- og Neðra-Breiðholt á aðra hlið og Seljahverfi á hina. Þá er mjög áberandi að samgöngur úr Bakkahverfi í Hóla- og Fellahverfi hamla þátttöku t.d. unglinga úr Bakkahverfi í félagsmiðstöðina Miðberg og telja má víst að samgönguhindranir séu ein af ástæðum þess að lang flestir iðkendur ÍR-inga í íþróttum koma úr hverfi 109.

Ein forsenda þess að hægt verði að bjóða upp á íþrótta- og félagsstarf fyrir aldursflokkinn 6-9 ára strax að loknum skóladegi er að hægt verði að tryggja greiðar samgöngur innan Breiðholts. Hverfisstrætó/Frístundastrætó í Breiðholti á ákveðnum tímum dags er meðal þess sem þykir nauðsynlegt að koma í framkvæmd til að auðvelda börnum úr öllum grunnskólum hverfisins að komast á milli til að geta sótt það íþrótta- og félagsstarf sem þau kjósa helst.

Strætóferðir úr Breiðholti og niður í Laugardal eru greiðar þangað sem ÍR-ingar sækja frjálsíþróttaæfingar að mestu og eldri sundmenn Ægis sækja sundæfingar. (Leið 12 og 17)

Strætóferðir úr Breiðholti í Egilshöll í Grafarvogi þar sem hluti knattspyrnuæfinga ÍR-inga fara fram, eru svolítið erfiðari þar sem leið 24 fer ekki um Breiðholtið áður en haldið er yfir í Grafarvoginn (Leið 24 )

Strætóferðir úr Breiðholti í Keiluhöllina þar sem æfingar keiludeildar fara fram eru góðar.(Leið S4)

## 3. Aðstaða fyrir skóla- og frístundastarfsemi aldurshópsins 6-18 ára í Breiðholti.

Skólahúsnæði:

- Breiðholtsskóli
- Hólabrekkuskóli
- Fellaskóli
- Seljaskóli
- Ölduselsskóli
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Íþróttahús:

- Íþróttamiðstöðin við Austurberg
- Íþróttahús Breiðholtsskóla
- Íþróttahús Fellaskóla
- Íþróttahús Seljaskóla
- Íþróttasalur ÍR við Skógarsel

Sundlaugar:

- Breiðholtslaug (opin almenningi)
- Skólalaug Breiðholtsskóla
- Skólalaug Ölduselsskóla

Íþróttavellir

- ÍR-svæðið í Suður-Mjódd með grasvöllum, gervigrasvelli, malaravelli og Frjálsíþróttasvæði.
- Leiknissvæðið við Austurberg með grasvelli og gervigrasvelli.

Skíðaaðstaða:
Skíðabrekka í Seljahverfi

Félagsmiðstöðvar:
Miðberg
Hólmasel

Brettagarðar
Við Fellsakóla

Gæsluvellir
Við Arnarbakka

Skátaheimili:
Skátaheimili Seguls við Tindsel 3A

Taflaaðstaða:
Félagsheimili Hellis í Mjódd

Kirkjur
Breiðholtskirkja
Fella- og Hólakrikja
Seljakirkja

Tónlistarskólar:
Tónskóli Sigursveins við Hraunberg í Efra-Breiðholti.
Tónskóli Eddu Borg við Hólmasel

Af þeim upplýsingum að dæma sem vinnuhópurinn hefur um aðstöðu til frístundaiðkunar má ætla að aðstöðuleysið sé einn þeirra þátta sem muni hindra að hugmyndir um samfelldan skóladag og frístundastarf geti orðið að veruleika.

# 4. Tillögur hópsins um samfellu í skóla- og frístundastarfi

Vinnuhópurinn leggur til að megin áhersla verði lögð á að koma á samfelldum vinnudegi nemenda í 1.-3. bekk í Breiðholti þar sem skóla- og frístundastarf sé samfellt og lokið kl. 16:00 á virkum dögum.
Hér er átt við fjölbreytta dagskrá sem hægt væri að hafa í gangi frá 14:00-16:00 í öllum skólum, íþróttahúsum og félagsmiðstöðvum samtímis. Eitt til tvö ólík atriði yrðu í gangi í hverri, félagsmiðstöð, frístundaheimili, tónlistarskóla, íþróttahúsi oag sundlaugum að skóla loknum. Hverfisstrætó/Frístundastrætó færi á milli til að gera þeim börnum mögulegt að sækja frístundastarf sem ekki væri boðið upp á við skóla viðkomandi nemanda . Til að hugmyndin geti gengið upp þarf að ráða kennara, þjálfara og leiðbeinendur með fagþekkingu til starfa. Til að það geti gengið upp þarf að vera náið samstarf skóla, ÍTR og íþróttafélaganna um ráðningar þeirra starfsmanna sem vinna með börnunum eftir að hefðbundnum skólatíma líkur. Miðað væri við að allt íþrótta- og frístundastarf fyrir aldursflokkinn 6-8 ára yrði lokið um kl. 16:00. Þjónustumiðstöð Breiðholts hefði það hlutverk að stýra samstarfi stofnana og félaga.

Þá leggur hópurinn til að gerð verði tilraun í einum skóla í Breiðholti með enn nánara samstarf skóla, ÍTR, íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundastarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 6-16 ára. Tilraunin yrði fólgin í því að vinnutími barnanna yrði ákveðinn fyrirfram t.d. kl. 8:00-16:00 hjá 1.-3. bekk. Íþróttaæfingar, frístundastarf, tónlistarnám, grunnskólanám og sá tími sem skilgreindur hefur verið á frístundaheimili færi allur inn í stundatöflu skólans sem tæki til tímabilsins 8:00-16:00. Íþróttaæfingar gætu þess vegna verið fyrir hádegi og nám sem skilgreint hefur verið sem hefðbundið skólanám gæti í einhverjum tilfellum verið á tímabilun 14:00-16:00 og tónlistarnám kl. 8:00 að morgni. Við útfærslu hugmyndarinnar mætti hugsa sér að ákveðnar tímablokkir í stundatöflu innihaldi hefðbundið nám og aðrar tímablokkir val um íþróttir, tónlist, skátastarf, frístundastarf, heimanám ofl.

# Yfirlit yfir starfsemi

## Frístundaheimili og starfsemi fyrir 10 – 12 ára

| Starfssemi/úrræði á vegum stofnunar | Staðsetning | Tímasetning | Dagar | Fjöldi iðkenda | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bakkasel - frístundaheimili | Breiðholtsskóli | 13.30-17.00 | Virkir dagar | 80 | 80 | 0 | 0 |
| Plútó - frístundaheimili | Fellaskóli | 13.30-17.00 | Virkir dagar | 36 | 36 | 0 | 0 |
| Álfheimar - frístundaheimili | Hólabrekkuskóli | 13.30-17.00 | Virkir dagar | 62 | 62 | 0 | 0 |
| Denni dæmalausi - frístundaheimili | Seljaskóli | 13.30-17.00 | Virkir dagar | 72 | 72 | 0 | 0 |
| Frissi fríski - frístundaheimili | Ölduselsskóli | 13.30-17.00 | Virkir dagar | 72 | 72 | 0 | 0 |
| Tíu12 - klúbbar | Miðberg | 17.30-19.00 | Þriðjudagar | 40 | 0 | 40 | 0 |
| 10-11 ára - opin hús | Miðberg | 17.30-19.00 | Fimmtudagar | 20 | 0 | 20 | 0 |
| 12 ára - opin hús | Miðberg | 17.30-19.00 | Föstudagar | 4 | 0 | 4 | 0 |
| Tíu12 - klúbbar | Hólmasel | 17.30-19.00 | Þriðjudagar | 24 | 0 | 24 | 0 |
| 10-11 ára - opin hús | Hólmasel | 17.30-19.00 | Fimmtudagar | 15 | 0 | 15 | 0 |
| 12 ára - opin hús | Hólmasel | 17.30-19.00 | Föstudagar | 7 | 0 | 7 | 0 |

| Félagsmiðstöðvar | | | | | **Aldur** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði á vegum stofnunar | Staðsetning | Tímasetning | Dagar | Fjöldi iðkenda | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára |
| Opið hús | Miðberg | 14:00 - 17:00 | Mán, Mið, fös | 25 | | |
| Opið hús | Hólmasel | 14:00 - 17:00 | Mán, Mið, fös | 45 | | |
| Opið hús | Miðberg | 19:00 - 22:30 | Mán, Mið, fös | 31 | | |
| Opið hús | Hólmasel | 19:00 - 22:30 | Mán, Mið, fös | 45 | | |
| Seljaskóli | Seljaskóli | 19:00 - 22:30 | Fim | 40 | | |
| Ölduselsskóli | Ölduselsskóli | 19:00 - 22:30 | fim | 40 | | |
| Hólabrekkuskóli | Hólabrekkuskóli | 19:00 - 22:30 | fim | 19 | | |
| Fellaskóli | Fellaskóli | 19:00 - 22:30 | þri | 23 | | |
| Breiðholtsskóli | Breiðholtsskóli | 19:00 - 22:30 | þri og fim | 28 | | |

| **Íþróttafélagið Leiknir** | | | | | | **Aldur** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Knattspyrna 8. flokkur karla | Fellaskóli | 1x viku | | 11:00 | | x | | |
| Knattspyrna 7. flokkur karla | Fellask/Austurberg | 2x viku | Þri17-18/Fös 17-18 | | | x | | |
| Knattspyrna 6. flokkur karla | Austurb/Leiknisv/Fellask | 4x viku | 16:15/15:55/15:10/ | 12:00 | | x | | |
| Knattspryna 5. flokkur karla | Leiknisv./Fellaskóli | 3x viku | 16:00/16:00 | 12:00 | | | x | |
| Knattspryrna 4. flokkur karla | Leiknisv./Austurberg | 4x viku | 17:30/17:10/16:15/17:10 | | | | x | |
| Knattspryna 3. flokkur karla | Leiknisv./Fellaskóli | 5x viku | 19:00/17:10/19:00/16:3( | 13:00 | | | | x |
| | | | | | | | | |
| Knattspyrna 6. flokkur kvenna | | | | | | x | | |
| Knattspyrna 5. flokkur kvenna | Leiknisv./Fellaskóli | 4x viku | 15:30/16:00/17:00 | 11:30 | | | x | |
| Knattspyrna 4. flokkur kvenna | Leiknisv./Fellaskóli | 4x viku | 17:30/16:15/16:00 | 13:00 | | | x | |

| **Sundfélagið Ægir** | | | | | | **Aldur** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Gullfiskar 1 | Breiðholtslaug inni | 2x viku | 16:30/16:30 | | 15 | x | | |
| Gullfiskar 2 | Breiðholtslaug inni | 2x viku | 17:15/17:15 | | 15 | x | | |
| Gullfiskar 3 | Breiðholtslaug inni | 2x viku | 18:00/18:00 | | 15 | x | | |
| Bleikjur 1 | Breiðholtslaug inni | 2x viku | 16:30/16:30 | | 15 | x | | |
| Bleikjur 2 | Breiðholtslaug inni | 2x viku | 17:15/17:15 | | 15 | x | | |
| Bleikjur 3 | Breiðholtslaug inni | 2x viku | 18:00/18:00 | | 15 | x | | |
| Laxar 2 | Ölduselslaug | 3x viku | 16:30/16:30/16:30 | | 15 | | x | |
| Laxar 3 | Ölduselslaug | 3x viku | 17:30/17:30/17:30 | | 15 | | x | |
| Brons 1 | Breiðholtslaug úti | 4x viku | 16:15/16:15/15:45/15:45 | | 15 | | x | |
| Brons 2 | Laugard./Breiðholtsl. | 4x viku | 15:00/15:00/15:00 | 10:30 | 15 | | x | |
| Brons 3 | Breiðholtslaug úti | 5x viku | 17:30/17:30/18:30/17:00/17:30 | | 15 | | x | |
| Silfur | Laugardalslaug | 8x viku | 16:30/16:30/16:00/17:30/16:00 | 08:00 | 15 | | | x |
| Gull | Laugardalslaug | 8x viku | 16:30/16:30/17:15/18:00/16:00 | 10:15 | 15 | | | x |

| Skátafélagið Segull | | | | | | Aldur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Rostungar | Skátaheimili/Tindasel 3A | 1x viku | 17:00 | 11:00 | | x | | |
| Hvítabirnir | Skátaheimili/Tindasel 3A | 1x viku | 17:30 | | | | x | |
| Mörgæsir | Skátaheimili/Tindasel 3A | | | | | | | |
| Yotoo | Skátaheimili/Tindasel 3A | 1x viku | 20:00 | | | | | x |

| Taflfélagið Hellir | | | | | | Aldur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Skákæfingar 6-16 ára | Mjódd | 1x viku | 17:15 | | 24 | x | x | x |

| Fella- og Hólakirkja | | | | | | Aldur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Sunnudagaskóli | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | | 11:00 | 10-20 b | x | | |
| Stelpustarf 7-9 ára | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | 16:30 | | 30-50 | x | | |
| Strákastarf 7-12 ára | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | 16:30 | | 12-15 s | x | x | |
| TTT-starf | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | 16:30 | | 15 | | x | |
| Unglingastarf | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | 20:00 | | 15-20 u | | | x |
| Yngri kór | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | | | 20 | x | | |
| Eldri kór | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | | | 10 | | x | |
| Fermingarfræðsla | Fella- og Hólakirkja | 1x viku | 8:30-14:00 | | 70 | | | x |
| Heimsóknir á frístundaheimili og FB | | | | | | x | | x |

| **Seljakirkja** | | | | | | **Aldur** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Barnaguðsþjónusta | Seljakirkja | 1x viku | | 11:00 | 70-80 b | x | | |
| KFUK | Seljakirkja | 1x viku | 17:30 | | 30 b | | x | |
| KFUM | Seljakirkja | 1x viku | 17:30 | | 30 b | | x | |
| Unglingastarf 8. bekkur | Seljakirkja | 1x viku | 20:00 | | 30 b | | | x |
| Unglingastarf 9.-10. bekkur | Seljakirkja | 1x viku | 20:00 | | 30 b | | | x |
| Barnakór | Seljakirkja | 1x viku | 15:30 | | 20 b | x | | |
| Fermingarfræðsla | Seljakirkja | 1x viku | | | 140 b | | | x |

| **Breiðholtskirkja** | | | | | | **Aldur** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Barnaguðsþjónusta | Seljakirkja | 1x viku | | 11:00 | 20 börn | x | | |
| Kirkjuprakkarar | Seljakirkja | 1x viku | 16:00 | | 20 börn | x | | |
| TTT starf 10-12 ára | Seljakirkja | 1x viku | 17:00 | | 10-15 börn | | x | |
| Æskulýðsfél. KFUM og K | Seljakirkja | 1x viku | 20:00 | | 20 ungl. | | | x |
| Yngri kór | Seljakirkja | 1x viku | 14:30 | | 10 börn | x | | |
| Eldri kór | Seljakirkja | 1x viku | 16:00 | | 10 börn | | x | |
| Fermingarfræðsla | Seljakirkja | 1x viku | | | 27 börn | | | x |

| **Tónskóli Sigursveins D. Kristinsssonar** | | | | | | **Aldur** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Tónlistarkennsla | Hús skólans við Hraunberg | ?? | Eftir hádegi | | 74 n | x | x | x |

| **Tónskóli Eddu Borg** | | | | | | **Aldur** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfssemi/úrræði | Staðsetning | Hve oft? | Virka daga | Helgar | Fjöldi | 6-8/9 ára | 8/9-12 ára | 13-16/18 ára |
| | | | | | | | | |
| Tónlistarkennsla | Hús skólans við Hólmasel | ?? | Eftir kl. 14:00 | | | x | x | x |

**Íþróttir í boði íþróttafélaganna í Breiðholti, skipt eftir hverfum 109(Seljahverfi og Bakkahverfi) og 111(Efra Breiðholt) og utan hverfis**

| | 109 | 109 | 111 | 111 | Utan hv | Utanhv. | Fjöldi | ~~Hlutfall~~ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stúlkur | Drengir | Stúlkur | Drengir | Stúlkur | Drengir | samtals | |
| Fjöldi barna og unglinga 6-18 ára í hverfum | 1191 | 1223 | 706 | 675 | | | 3795 | |
| | | 2414 | | 1381 | | | | |
| Samtals fjöldi iðkenda í íþróttum | 1159 | 1159 | 463 | 463 | | | 1622 | |
| Prósentuhlutfall íþróttaiðkenda af heild | 48% | 48% | 33.5% | 33.5% | | | | 42.7% |
| | | | | | | | | |
| Samtals fjöldi í tónlistarnámi | 167 | 167 | 40 | 40 | | | | |
| Prósentuhlutfall tónlistariðkenda af heild | 7% | 7% | 2.9% | 2.9% | | | | 5.5% |
| | | | | | | | | |
| Samtals fjöldi sem sækir félagsmiðstöðvar | | | | | | | | |
| Prósentuhlutfall þeirra sem sækja félagsmiðstöð af heild | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| Samtals fjöldi sem sækir frístundaheimili | | | | | | | | |
| Prósentuhlutfall þeirra sem sækja frístundaheimili af heild | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| Samtals fjöldi sem sækir kirkjustarf | | | | | | | | |
| Prósentuhlutfall þeirra sem sækja kirkjustarf af heild | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| Samtals fjöldi sem stundar taflæfingar | 14 | 14 | 10 | 10 | | | 24 | |
| Prósentuhlutfall þeirra sem stunda taflæfingar af heild | | | | | | | | 0.6% |
| **Íþróttir í boði** | | | | | | | | |
| Dans 6-9 ára | x | x | o | o | | | | |
| Dans 10-12 ára | x | x | o | o | | | | |
| Dans 13-16 ára | x | x | o | o | | | | |
| Dans 17-18 ára | x | x | o | o | | | 61 | 1.6% |
| | | | | | | | | |
| Fótbolti 6-9 ára | x | x | x | x | | | | |
| Fótbolti 9-12 ára | x | x | x | x | | | | |
| Fótbolti 13-16 ára | x | x | o | x | | | | |
| Fótbolti 17-18 ara | x | x | o | x | 359+200 | | 559 | 14.7% |
| | | | | | | | | |
| Frjálsar 6-9 ára | x | x | x | x | x | x | | |
| Frjálsar 10-12 ára | x | x | o | o | x | x | | |
| Frjálsar 13-16 ára | o | o | o | o | x | x | | |
| Frjálsar 17-18 ára | o | o | o | o | x | x | 225 | 5.9% |
| | | | | | | | | |
| Handbolti 6-9 ára | x | x | x | x | | | | |
| Handbolti 9-12 ára | x | x | x | x | | | | |
| Handbolti 13-16 ára | x | x | x | x | | | | |
| Handbolti 17-18 ára | x | x | x | x | | | 249 | 6.6% |
| | | | | | | | | |
| Júdó 6-9 ára | x | x | o | o | | | | |
| Júdó 10-12 ára | x | x | o | o | | | | |
| Júdó 13-16 ára | x | x | o | o | | | | |
| Júdó 17-18 ára | x | x | o | o | | | 87 | 2.3% |
| | | | | | | | | |
| Keila 6-9 ára | o | o | o | o | | | | |
| Keila 10-12 ára | o | o | o | o | x | x | | |
| Keila 13-16 ára | o | o | o | o | x | x | | |
| Keila 17-18 ára | o | o | o | o | x | x | 13 | 0.3% |
| | | | | | | | | |
| Skíði 6-9 ára | o | o | o | o | x | x | | |
| Skíði 10-12 ára | x | x | x | x | x | x | | |
| Skíði 13-16 ára | o | o | x | x | x | x | | |
| Skíði 17-18 ára | o | o | x | x | x | x | 28 | 0.7% |
| | | | | | | | | |
| Körfubolti 6-9 ára | x | x | x | x | | | | |
| Körfubolti 9-12 ára | o | x | o | x | | | | |
| Körfubolti 13-16 ára | o | x | o | x | | | | |
| Körfubolti 17-18 ára | o | x | o | x | | | 91 | 2.4% |
| | | | | | | | | |
| Taekwondo 6-9 ára | x | x | o | o | | | | |
| Taekwondo 10-12 ára | x | x | o | o | | | | |
| Taekwondo 13-16 ára | x | x | o | o | | | | |
| Taekwondo 17-18 ára | x | x | o | o | | | 64 | 1.7% |
| | | | | | | | | |
| Sund 6-9 ára | x | x | x | x | | | | |
| Sund 10-12 ára | x | x | x | x | x | x | | |
| Sund 13-16 ára | o | o | o | o | x | x | | |
| Sund 17-18 ára | o | o | o | o | x | x | 195 | 5.1% |

| Samantekt hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Tímasetning | | | Aldur | | |
| **Starfssemi/úrræði á vegum stofnunar** | **Staðsetning** | **Hve oft** | **Virka daga** | **Helgar** | **Fjöldi** | **6-8/9 ára** | **8/9-12 ára** | **13-16/18 ára** |
| Dans 5-7 ára A-hópur yngri framh. | ÍR heimili | 2 x viku | 16:30/17:30 | | 13 | x | | |
| Dans 8-11 ára A-hópur eldri framh. | ÍR heimili | 2 x viku | 18:00 | | 18 | x | x | |
| Dans 8-13 ára K-hópur | ÍR heimili | 3 x viku | 16:00/16:30 | | 21 | x | x | x |
| Dans unglingar B 12-16 ára | ÍR heimili | 2 x viku | 19:20 | | 9 | | x | x |
| | | | | | | | | |
| Frjálsar 6-8 ára | Laugardalshöll | 2 x viku | 16:30 | | 14 | x | x | |
| Frjálsar 6-8 ára | Fellaskóli | 2 x viku | 16:30 | 14:00 | 7 | x | x | |
| Frjálsar 9-11 ára | Laugardalshöll | 3 x viku | 16:30 | | 76 | x | x | |
| Frjálsar 9-11 ára | Laugard./Breiðh.sk. | 2 x viku | 16:00/18:30 | | 24 | x | x | |
| Frjálsar 12-14 ára | Laugardalshöll | 3 x viku | 16:30 | | 30 | | x | x |
| Frjálsar 15-16 | Laugardalshöll | 6 x viku | 16:30/17:30 | 10:30 | 27 | | | x |
| Frjálsar 17 + | Laugardalshöll | 6 x viku | 17:30 | 10:30 | 47 | | | x |
| | | | | | | | | |
| Handknattleikur 8.fl.kv. | Breiðh.sk./ÍR heimili | 2 x viku | 18:20/17:00 | | 13 | x | | |
| Handknattleikur 8.fl.ka. | Breiðh.sk./ÍR heimili | 2 x viku | 15:40/17:00 | | 19 | x | | |
| Handknattleikur 7.fl.kv. | Austurberg/Breiðh.sk./Seljask. | 3 x viku | 16:15/15:40/16:50 | | 15 | x | x | |
| Handknattleikur 7.fl.ka. | Austurb./Seljask./Breiðh.sk. | 3 x viku | 17:15/16:50/15:40 | | 16 | x | x | |
| Handknattleikur 6.fl.kv. | Austurberg/Breiðh.sk./Seljask. | 3 x viku | 16:15/15:30/15:10 | | 30 | | x | |
| Handknattleikur 6.fl.ka. | Austurberg/Breiðh.sk./Seljask. | 3 x viku | 17:15/17:20/15:10 | | 21 | | x | |
| Handknattleikur 5.fl.kv. | Seljask./Austurb./Breiðh.sk. | 3 x viku | 18:20/17:15/19:40 | | 36 | | x | x |
| Handknattleikur 5.fl.ka. | Seljask./Breiðh.sk./Austurb. | 3 x viku | 17:00/19:40/17:10 | | 34 | | x | x |
| Handknattleikur 4.fl.kv. | Austurberg/Seljask. | 5 x viku | 21:50/20:40/17:30 | 10:15 | 21 | | | x |
| Handknattleikur 4.fl.ka. | Austurberg/Seljask. | 4 x viku | 20:00/17:40/21:45 | 09:00 | 20 | | | x |
| Handknattleikur ungl.fl.kv. 2.fl. | Austurberg/Seljask. | 5 x viku | 21:50/20:40/17:30 | 10:15 | 11 | | | x |
| Handknattleikur ungl.fl.ka. 2.fl. | Austurberg | 5 x viku | 0/21:30/19:30/20:30/20:00 | | 13 | | | x |
| | | | | | | | | |
| Júdó fyrri byrj. Barna | ÍR heimili | 2 x viku | 16:00 | | 5 | x | x | |
| Júdó seinni byrj. Barna | ÍR heimili | 2 x viku | 16:00/16:45 | | 5 | x | x | |
| Júdó fyrri framh. barna | ÍR heimili | 2 x viku | 16:45 | | 24 | x | x | |
| Júdó seinni framh. barna | ÍR heimili | 3 x viku | 17:30 | | 18 | x | x | |
| Júdó framh. unglinga | ÍR heimili | 3 x viku | 18:20 | | 25 | | x | x |
| Júdó byrj. Fullorðinna | ÍR heimili | 3 x viku | 19:10 | | 10 | | | x |
| | | | | | | | | |
| Keila börn og unglingar | Keiluhöllin Öskjuhlíð | 2 x viku | 16:30 | | 13 | | x | x |
| | | | | | | | | |
| Knattspyrna 7.fl.kv. | ÍR völlur/Breiðh.sk./ÍR heimili | 3 x viku | 16:30 | 11:40 | 15 | x | | |
| Knattspyrna 7.fl.ka. | ÍR völlur/Breiðh.sk./Seljask. | 3 x viku | 17:00/16.30 | 09:00 | 31 | x | | |
| Knattspyrna 6.fl.kv. | ÍR völlur/Breiðh.sk./Seljask. | 3 x viku | 16:30 | | 21 | x | x | |
| Knattspyrna 6.fl.ka. | Seljask./ÍR völlur/Breiðh.sk. | 3 x viku | 16:30/17:00 | | 43 | x | x | |
| Knattaspyrna 5.fl.kv. | Seljask./ÍR völlur | 3 x viku | 15:30 | 12:30 | 25 | | x | |
| Knattspyrna 5.fl.ka. | ÍR völlur/Seljask./Egilshöll | 4 x viku | 15:00/15:50 | 11:30/16:00 | 58 | | x | |
| Knattspyrna 4.fl.kv. | ÍR völlur/Egilshöll | 4 x viku | 18:00/17:00 | 13:30/16:00 | 20 | | x | x |
| Knattspyrna 4.fl.ka. | ÍR völlur | 3 x viku | 17:30/18:00 | 11:00 | 40 | | x | x |
| Knattspyrna 3.fl.kv. | ÍR völlur/Egilshöll | 4 x viku | 19:00/17:00 | 12:30/16:00 | 12 | | | x |
| Knattspyrna 3.fl.ka. | ÍR völlur | 3 x viku | 20:00/21:00 | 12:00 | 45 | | | x |
| Knattspyrna 2.fl.kv. | ÍR völlur/Egilshöll | 5 x viku | 19:30/18:30/20:00 | 14:30 | 22 | | | x |
| Knattspyrna 2.fl.ka. | ÍR völlur | 4 x viku | 21:30/22:00 | 13:00 | 27 | | | x |
| | | | | | | | | |
| Körfuknattleikur minnib.st. | Seljask./Breiðh.sk./Fellask. | 3 x viku | 18:10/17:15 | 13:10 | 19 | x | x | |
| Körfuknattleikur minnib.dr.yngri | Seljaskóli | 2 x viku | 16:10/17:30 | | 12 | x | x | |

# ÁRBÆR OG GRAFARHOLT

# *SAMFELLA Í SKÓLA OG FRÍSTUNDASTARFI*

## *SKÝRSLA VINNUHÓPS*

Sólveig Reynisdóttir

Eygló Friðriksdóttir

Hörður Guðjónsson

Jóhannes Guðlaugsson

Þór Björnsson

Örn Halldórsson

Kristinn J. Reimarsson

## Samfella í skóla- og frístundastarfi

# 1.0 Inngangur:

Í byrjun febrúar skipaði skrifstofustjóri ÍTR vinnuhóp sem hefði það að verkefni að kortleggja og undirbúa verkefni um samfellu í skóla- og frístundastarfi 6-18 ára barna og unglinga í Árbæ og Grafarholti.

**Samkvæmt erindisbréfinu skipuðu vinnuhópinn:**
Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts
Jóhannes Guðlaugsson, forstöðumaður Ársels
Hörður Guðjónsson, íþróttafulltrúi Fylkis
Fulltrúi Menntasviðs.

Þar sem ekki hafði borist tilnefning frá Menntasviði tók þjónustumiðstöðin frumkvæði að því að fá tvo skólastjóra úr hverfunum, þau Eygló Friðriksdóttur, skólastjóra Sæmundarskóla og Örn Halldórsson, skólastjóra Selásskóla. Tóku þau bæði vel í þá ósk að sitja í vinnuhópnum. Þar sem um tvö hverfi er að ræða og tvö íþróttafélög koma að þeim var einnig ákveðið að Þór Björnsson, íþróttafulltrúi Fram tæki sæti í vinnuhópnum.
Verkefnisstjóri var tilnefndur Kristinn Jakob Reimarsson, verkefnisstjóri Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Haldnir voru fimm fundir og þarf af var einn með fulltrúm tónlistarskóla í hverfunum. Skýrslan var svo send til umsagnar formanna foreldrafélaga og foreldraráða allra grunnskólanna.

**Helstu verkefni vinnuhópsins voru:**
Kortlagning allrar skóla- og frístundastarfsemi fyrir aldurshópinn 6-18 ára í Árbæ og Grafarholti.
Skoðun á samgöngumálum fyrir börn innan Árbæjar og Grafarholts og tengsl við starfsemi í öðrum hverfum.
Benda á möguleika í hverfinu til samfellu í skóla- og frístundastarfi.

Hverfin sem eru til skoðunar eru mjög ólík. Árbær með Ártún, Árbæ og Selás er að stærstum hluta rótgróið hverfi með sterkar félagslega hefðir og ágætis aðstöðu. Síðan kemur Norðlingaholt sem er nýtt hverfi, og “tilheyrir” Árbænum með litla aðstöðu og eru íbúar þess hverfis að mynda félagsleg tengsl við t.d. íþróttafélag hverfisins, Fylki og kirkjuna. Síðan er það Grafarholtið, nýtt hverfi með sáralitla aðstöðu og er að byrja byggja upp félagslegar hefðir í tenglsum við íþróttafélag úr öðru hverfi sem á að flytja sig í Grafarholt eftir nokkur ár. Kortlagning á skóla- og frístundatilboðum í hverfunum var ekki flókin og gekk ágætlega að fá upplýsingar frá þar til bærum aðilum.
Almenningssamgöngur á milli hverfana voru teknar til skoðunar og eru þær mjög slæmar og m.t.t. aukinnar samfellu í skóla- og frístundastarfi þá þarf verulega að taka þær til endurskoðunar til að auðvelda börnum og unglingum í Grafarholti að stunda sínar frístundir.
Þegar skoðaðar eru tillögur um aukna samfellu í skóla- og frístundastarfi þá eru ákveðnir hlutir sem hægt er að halda aðskildum á milli hverfa á meðan aðra hluti verður að skoða í samhengi á milli hverfanna. Verður nánar vikið að því í kafla 5.0

Fjöldi barna í Árbæ og Grafarholti þann 1. des 2005 var 13.375 og er aldursskipting sem hér segir:

| 0 – 5 ára | 6 – 9 ára | 10 – 12 ára | 13 – 15 ára | 16 – 18 ára | 6 – 16 ára samt. | 6 – 18 ára samt. | Heildar-fjöldi íbúa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.406 | 773 | 562 | 582 | 558 | 2.097 | 2.475 | 13.375 |

RANNSÓKN OG GREINING framkvæmir árlega könnun á meðal unglinga í 8. – 10. bekk grunnskólanna um hagi þeirra og líðan. Þegar íþróttaiðkun barna og unglinga er skoðuð þá voru 49% nemenda í Árbæ árið 1997 sem stunduðu nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi. Hlutfallið lækkaði í 45% árið 2003 og í niðurstöðum fyrir árið 2006 eru það um 50% nemenda sem stunda nær aldrei íþróttir. 17% nemenda í 9. og 10. bekk stunda íþróttir með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar í viku árið 2006 og er það svipað hlutfall og kom fram árið 2003 (18%) en töluvert lægra en niðurstöður árið 1997 sýndu (23%). Ef litið er til þess hversu margir nemendur í 9. og 10. bekk stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar þá var árið 1997 27% nemenda í 9. og 10. bekk sem svöruðu því til, hlutfallið var 26% árið 2003 en í niðurstöðum fyrir árið 2006 segjast um 34% nemenda í 9.og 10. bekk í Árbæ stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar.

Þegar þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi er skoðuð kemur í ljós að um 42% nemenda í 9. bekk og 36% nemenda í 10. bekk segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi vikulega eða oftar. Hlutfallið fyrir Árbæ og Grafarholt er hér hæst meðal nemenda á landinu í heild. En hvaða skipulagða félags- og tómstundastarf er þetta?

## 2.0 Kortlagning á skóla- og frístundastarfi:

***2.1 Árbær.*** Í Árbæ eru fjórir grunnskólar, Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Selásskóli og Norðlingaskóli. Heildarfjöldi nemenda er um 1.350. Við alla skóla eru frístundaheimili sem eru rekin af Frístundamiðstöðinni Árseli. Frístundamiðstöðin sér einnig um rekstur á félagsmiðstöðinni Árseli og er útbú frá henni við Norðlingaskóla. Þrír tónlistarskólar eru með starfsemi í hverfinu; Tónskóli Hörpunnar býður uppá kennslu fyrir nemendur Ártúnskóla, Tónskóli Sigursveins sem er til húsa í Frístundamiðstöðinni Árseli og Tónlistarskóli Árbæjar sem er með aðstöðu í Fylkishöll. Þessu til viðbótar er Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Íþróttafélagið Fylkir er starfandi í hverfinu og er með fimm deildir ásamt því að sjá um íþróttaskóla barnanna. Hestamannafélagið Fákur er með aðstöðu í Víðidal og þar eru einnig starfandi tveir reiðskólar. Í Árbæjarþreki er boðið upp á kennslu í breakdansi og hip hop dansi. Árbæjarkirkja heldur svo úti fjölbreyttu barna- og unglingastarfi. Öllu þessu verður nú gerð nánari skil.

***2.1.1 Ártúnsskóli:*** Tæplega 150 nemendur í 1. – 7. bekk eru skráðir til náms í Ártúnsskóla veturinn 2006 – 2007. Skipting á milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 18 | 14 | 15 | 23 | 32 | 24 | 22 |

Við skólann er íþróttasalur 13 x 22 m sem nýtist fyrir íþróttakennslu skólans og er svo leigður út til einkaaðila seinni part dags og um kvöld. Sundkennslu sækja nemendur í Árbæjarlaug. Framkvæmdir við KSÍ-battavöll munu hefjast á þessu ári. Skólasel, frístundaheimili ÍTR er starfrækt við skólann en það tekur við 6 – 9 ára börnum eftir að skóla lýkur á daginn. Tónskóli Hörpunnar er með samning við skólann um tónlistarkennslu fyrir nemendur skólans.

***2.1.2. Árbæjarskóli:*** Skólinn er stærsti grunnskóli landsins með um 800 nemendur í 1. – 10. bekk skráða í skólann veturinn 2006 - 2007. Skipting á milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** | **8.b.** | **9.b.** | **10.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 64 | 52 | 47 | 40 | 62 | 42 | 57 | 144 | 150 | 139 |

Við skólann er íþróttasalur 14 x 27m sem nýtist fyrir íþróttakennslu skólans og er svo leigður út til íþróttafélaga og einkaaðila seinni part dags og um kvöld. Einnig er innisundlaug 8 x 12,5m sem er nýtt fyrir skólasund og sundæfingar sunddeildar Ármanns.
Töfrasel, frístundaheimili ÍTR, sem þjónar skólanum, er staðsett í Árseli.

***2.1.3 Selásskóli:*** Í skólanum eru rúmlega 300 nemendur í 1. – 7. bekk skráðir til náms veturinn 2006 - 2007. Skipting á milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 32 | 29 | 63 | 32 | 49 | 52 | 48 |

Við skólann er íþróttsalur, 13 x 22m sem nýtist fyrir íþróttakennslu skólans og er svo leigður út til íþróttafélaga og einkaaðila seinni part dags og um kvöld. Nemendur sækja sundkennslu í Árbæjarlaug. Víðisel, frístundaheimili ÍTR er staðsett í skólanum.

***2.1.4 Norðlingaskóli:*** Rúmlega 100 nemendur eru í Norðlingaskóla veturinn 2006 – 2007 í 8 bekkjardeildum. Skólinn fer ört stækkandi og er áætlað að nemendur verði orðnir um 500 eftir 3 – 4 ár. Skipting á milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** | **8.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 22 | 16 | 6 | 14 | 9 | 15 | 16 | 5 |

Enginn íþróttaaðstaða er við skólann. Nemendur sækja íþróttakennslu í Fylkishöllina og sundkennslu í Árbæjarlaug. Klapparholt, frístundaheimili ÍTR er starfrækt í skólanum.

***2.1.5 Frístundaheimili:*** Umsjón frístundaheimila er á höndum Frístundamiðstöðvarinnar Ársels. Eitt frístundaheimili er við hvern skóla og er opnunartími frá 13:30 – 17:15 virka daga. Auk þess er opið allan daginn (08:00 – 17:15) í jólafríi, páskafríi, foreldradögum og á starfsdögum kennara. Börn í 1. – 4. bekk hafa aðgang að frístundaheimilunum en sökum skorts á leiðbeinendum hefur þurft að takmarka aðgang að þeim. Þátttaka á öllum frístundaheimilum í hverfinu var nú í janúar rúmlega 38,8%. Þátttaka nemenda í 1. bekk er eðlilega mest eða rúmlega 68%. Í öðrum bekk er þátttakan rúmlega 44%, í þriðja bekk rúmlega 15% og í fjórða bekk um 6,1%. Nánari sundurliðun eftir bekkjardeildum og frístundaheimilum er hægt að sjá í súluritinu hér til hægri.




Mynd 1. Sýnir hlutfallslegan fjölda barna á frístundaheimilum í Árbæ.

***2.1.6 Félagsmiðstöðvar:*** Frístundamiðstöðin Ársel sér um rekstur á félagsmiðstöðvum á þremur stöðum í Félagsmiðstöðinni Ársel við Rofabæ, félagsmiðstöðinni Fókus í Ingunnarskóla og í vetur hófst starfsemi í Norðlingaskóla.
Starfseminni er skipt upp eftir aldri. Fyrir 10 – 12 ára börn er á öllum stöðum opið einu sinni í viku, 2 tíma í senn. Um er að ræða opið hús auk þess sem boðið er upp á námskeið eða kynningar á þessum tíma. Í Árseli er hópnum tvískipt. Opið er fyrir 10 og 11 ára á þriðjudögum frá kl. 17:00 – 19:00 og fyrir 12 ára á fimmtudögum frá kl. 17:00 – 19:00. Samkvæmt talningu í október –



Frá félagsmiðstöðinni Árseli

desember 2006 voru að meðaltali 68 börn að mæta í hvert skipti í Ársel, 47 í Fókus og 15 í Norðlingaskóla.

Fyrir 13 – 16 ára er opið starf frá kl. 12:25 – 22:00 mánudaga, miðvikudaga og annan hvern föstudag. Þriðjudaga og fimmtudaga er opið frá 12:25 – 17:00. Í Norðlingaskóla er eingöngu opið á fimmtudögum frá kl. 17:30 – 21:00. Hópastarf fer einnig fram á þessum stöðum og fer það fram ýmist á starfstíma félagsmiðstöðvanna en einnig er notast við tímann milli 19:00 – 21:00 á þriðjudögum og fimmtudögum. Ýmis starfsemi á vegum félagsmiðstöðvanna fer fram á helgum eða utan þess tíma sem tilgreindur hefur verið, s.s. ferðir, böll, keppnir ofl. Annað starf sem unnið er í félagsmiðstöðvunum tengist hverfahátíðum, s.s. eins og á sumardaginn fyrsta, hausthátíð ofl. Ársel starfrækir í samstarfi við Norðlingaskóla útikennslustofu í Björnslundi. Hægt er að nýta stofuna hvenær sem er í samráði við starfsmenn skólans. Þegar skoðaðar eru mætingartölur að félagsmiðstöðinni Árseli á tímabilinu sept. – des. 2006 þá kemur í ljós að á dagtíma eru að mæta að meðaltali 29 unglingar og á kvöldtíma 86 unglingar. Á daginn eru fleiri drengir sem mæta en stelpurnar eru heldur duglegri að mæta á kvöldtíma.

***2.1.7 Tónskóli Hörpunar:*** Tónskólinn er staðsettur í Grafarvogi en hefur gert samning við sjö grunnskóla um að veita nemendum hljóðfærakennslu innan veggja skólans á skólatíma. Ártúnsskóli er einn þessara skóla. Markmið með þessu fyrirkomulagi er að koma til móts við börn sem eiga um langan veg að fara að sækja tónlistartíma, svo og þau börn sem annars færu á mis við þann möguleika að geta stundað hljóðfæranám á grunnskólaárum sínum. Fyrirkomulag kennslunnar er með þeim hætti að nemendur sækja tónlistartíma í fljótandi stundaskrá, þannig að fjarvistir dreifist jafnt á námsgreinar grunnskólans. Stundaskráin er gerð af Tónskóla Hörpunnar og á ábyrgð hans. Samvinna við grunnskólann er með þeim hætti að nemendur fá leyfi frá grunnskólanum einu sinni í viku hverri í 60 mínútur. Í flestum tilfellum er um samkennslu að ræða þar sem tveir nemendur eru saman í tíma. Í einhverjum tilfellum þurfa nemendur að sækja a.m.k. einn tíma í aðstöðu skólans í Grafarvogi og er sá tími eftir að skóla lýkur. Fjöldi nemenda sem stunda þetta nám veturinn 2006 – 2007 eru 20 og skiptast á milli árganga sem hér segir:


Ungt tónlistarfólk

| Bekkir | 7.b. (´94) | 6.b. (´95) | 5.b. (´96) | 4.b. (´97) | 3.b. (´98) | 2.b. (´99) | 1.b. (´00) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | 3 | 1 | 5 | 3 | 6 | 1 | 1 |

Samkennsla kostar á vorönn 2007, 42.500 kr.

## *2.1.8 Tónskóli Sigursveins:*

Skólinn er staðsettur á 2. hæð í Frístundamiðstöðinni Árseli við Rofabæ. Skólinn hefur um 10 ára skeið haft nána samvinnu við Árbæjarskóla enda staðsetning skólanna hagstæð slíkri samvinnu. Hingað til hefur skólinn ekki boðið upp á kennslufyrir börn á skólatíma líkt og gert er t.d. í Ártúnsskóla en hefur áhuga á því að skoða það að því tilskyldu að húsnæði sé í boði þar sem kennsla gæti farið fram. Daglegur starfstími skólans er á frá kl. 13:00 – 19:00 og stundum lengur. Kennt er á laugardögum. Í vetur eru 87 börn úr hverfum 110 og 113 og á aldrinum 6 – 18 ára skráð í tónlistarnám. Þrjú af þessum 87 koma úr hverfi 113. Skipting á milli árganga má sjá í meðfylgjandi súluriti.




Mynd 2. Sýnir fjölda nemenda, eftir aldri, í Tónskóla Sigursveins veturinn 2006 – 2007. Flestir nem. eru í árgangi 1995.

## *2.1.9 Tónlistarskóli Árbæjar:*

Skólinn er staðsettur í Fylkishöllinni 2. hæð. Meirihluti kennslunnar fer þar fram en einnig er kennt í Ingunnarskóla og Sæmundarskóla í Grafarholti. Í Fylkishöllinni er kennsla að hefjast upp úr kl. 14:00 og er fram á kvöld. Í Ingunnarskóla fer kennsla fram á skólatíma og aukagreinar rétt eftir skóla, frá ca. 14:00 – 16:00. 82 nemendur úr hverfi 110 eru skráðir í nám veturinn 2006 – 2007 og 66 úr hverfi 113. Samtals 148. Sjá nánari aldursskiptingu á meðfylgjandi súluriti.




Mynd 3. Sýnir fjölda nemenda í Tónlistarskóla Árbæjar, skipt eftir aldri og hverfum.

Tvær námsleiðir eru í boði hjá skólanum. Heilt nám : Einkatímar 2svar í viku (2x25 mín.) Aukagreinar (Tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga, samspil) 1sinni til 2svar í viku. Aukagreinar (nema samspil) getur nemandi valið um að mæta í tíma í skólanum eða stunda námið á netinu. Þetta nám kostar 77.000 kr. fyrir veturinn.

Hálft nám : Einkatímar einu sinni í viku (30 mín) aukagreinar einu sinni í viku (Tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga, samspil.) Nemandi getur einnig valið vefstudda tónfræðikennslu. Þetta nám kostar 46.000 kr. fyrir veturinn. Boðið er upp á forskóla og kostar hann 19.500 kr.

***2.1.10 Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts.*** Hjá þessum tveimur hverfum er starfrækt sameiginleg skólahljómsveit. Allar æfingar fara fram í Breiðholtsskóla og er æft fast einu sinni í viku í þrískiptum hópum. A-sveit æfir á mánudögum frá kl. 16:00 – 16:50. B-sveit sama dag kl. 17:00 – 18:30 og C-sveit á

miðvikudögum kl. 17:00 – 18:30. Fjöldi nemenda úr hverfum 110 og 113 í þessari sveit eru 10 sem skiptast þannig á milli árganga:

| Árgangur: | ´93 | ´94 | ´96 | ´97 | ´98 | ´99 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi: | 1 | 1 | 4 | 2 | 1 | 1 |

### *2.1.11 Íþróttafélagið Fylkir:*

Starfandi eru fimm deildir innan Fylkis og fara æfingar fram að mestum hluta á Fylkisvelli, í Fylkishöll og í Árbæjarskóla. Félagið ásamt Íþróttabandalagi Reykjavíkur og grunnskólum hverfisins býður öllum nemendum í fyrsta bekk frítt í Íþróttaskóla Fylkis.

**Blakdeild:**

Æfingar fyrir stelpur og stráka frá 6 ára aldri. Æfingahópar eru tvískiptir eftir aldri:
Unglingar fæddir 1994-1991 (13 – 16 ára) æfa þrisvar í viku;
Þriðjudaga kl. 19:40 - 21:20 í Árbæjarskóla
Fimmtudaga kl. 18:50 - 20:30 í Árbæjarskóla
Sunnudaga kl. 18:50 - 19:40 í Fylkishöll
Börn fædd 1995-2000 (7 – 12 ára) æfa tvisvar í viku í Árbæjarskóla;
Miðvikudaga og föstudaga kl. 16:20 - 17:10.



Hjá blakdeildinni eru æfingar fyrir börnin á nokkuð skikkanlegum tíma en æfingar fyrir yngri hópinn þyrfti að færa fyrr á daginn. Æfing fyrir eldri hópinn á þriðjudögum er í það síðasta. Fyrir 13 ára ungling er full seint að vera kominn heim um tíuleytið.
Kostnaður við að stunda blak (árgjald) er 18.000 kr. fyrir 6 – 11 ára og um 30.000 kr. fyrir 13 – 18 ára.

**Fimleikadeild:**

Fimleikadeild býður upp á barnaleikfimi fyrir börn 4-6 ára. Stelpur og strákar geta æft og keppt í fimleikum frá 6 ára aldri. Æfingar fara að mestu leyti fram í Fylkishöllinni en nokkrir hópar æfa einnig í Ármannsheimilinu. Yngsti hópurinn sem þarf að sækja æfingar í Ármannsheimilið eru 8 – 9 ára stelpur (B-1). Æfingatímar félagsins eru flestir seinni part dags og um helgar. Oftar en ekki er æfingum að ljúka 18:30 – 19:00. Einn hópur, 15 – 19 ára stelpur æfa fjórum sinnum í viku og eru allar æfingar í Ármannsheimilinu. Þrjár æfingar eru í miðri viku og lýkur þeim kl. 22:00. Fjórða æfingin er á laugardögum frá 15:30 – 19:00. Varla er hægt að segja að þessi tími sé mjög hentugur. (Æfingatafla fimleikadeildar er í viðhengi nr. 1) Árgjald í fimleikum er frá 36.000 kr. fyrir yngstu hópa og upp í 90.000 kr. fyrir elstu hópa. Æfingagjöld fyrir tímabilið 2006 – 2007 er hægt að sjá í viðhengi nr. 2



Ungar fimleikadrottningar

**Handknattleiksdeild:**

Boðið er upp á æfingar og keppni fyrir stráka og stelpur frá 6 ára aldri. Allra yngstu börnin æfa tvisvar í viku en aðrir flokkar þrisvar til fjórum sinnum í viku. Æfingatímar eru flestir seinni part dags og sex flokkar af níu æfa um helgar. Fimmti flokkur karla er sá flokkur sem er með bestu tímana, eru að æfa milli þrjú og fjögur. Aðrir flokkar eru seinna á daginn og t.d. er 8. flokkur karla og kvenna (6- 7 ára) að ljúka sínum æfingum kl. 18:50. 4. flokkur kvenna sem eru stelpur í 9. og 10. b. eru að ljúka einni æfingu kl. 22:20 og eru því ekki að koma heim fyrr en undir ellefu. Einn flokkur sækir eina æfingu á viku í Réttarholtsskóla. (Æfingatöflu er hægt að sjá í viðhengi **nr. 3**) Árgjald í handknattleik er frá 18.000 kr. og upp í 30.000 kr. (sjá nánar í viðhengi **nr. 2**)

**Karatedeild:**
Karatedeild býður upp á æfingar fyrir 6 ára og eldri. Allir iðkendur deildarinnar taka þátt í mótum. Börn (6 – 12 ára) æfa þrisvar í viku mánud., miðvikud. og föstud. frá kl. 18:30-19:15. Unglingar (13 – 16 ára) æfa einnig þrisvar í viku, mánud., miðvikud. og föstudag frá kl. 19:15-20:30. Árgjald allra hópa í karate er 22.000 kr.



Komið í karate!!!

**Knattspyrnudeild:**
Knattspyrnudeild býður upp á æfingar / keppni fyrir stráka og stelpur frá 5 ára aldri. Fjöldi æfinga pr. viku er mismunandi eftir aldri en þær eru frá tveimur í yngstu flokkum og upp í fjórar hjá þeim elstu. Æfingar deildarinnar fara fram á Fylkisvelli, í Fylkishöllinni, íþróttahúsi Árbæjarskóla og í íþróttahúsi Selásskóla. Níu flokkar þurfa að æfa á laugardögum en í miðri viku eru æfingatímar á nokkuð skikkanlegum tíma frá 15:30. (Æfingatöflu er hægt að sjá í viðhengi **nr. 4**) Árgjald knattspyrnudeildar er frá 20.000 kr. og upp í 36.000 kr. (sjá nánar í viðhengi **nr. 2**)



Knattspyrna er vinsæl

**Íþróttaskóli Fylkis:**
Íþróttafélagið Fylkir ásamt Íþróttabandalagi Reykjavíkur og grunnskólum hverfisins býður öllum nemendum í fyrsta bekk frítt í Íþróttaskóla Fylkis veturinn 2006-2007. Skólinn starfar í öllum grunnskólum hverfisins og er tvisvar sinnum í viku strax eftir skóla.
Á sumrin býður félagið upp á íþróttaskóla fyrir börn 5 – 12 ára og í samvinnu við sunddeild Ármanns er einnig boðið upp á sundnámskeið. Verð pr. námskeið var 10.000 kr. sumarið 2006. Veittur er systkinaafsláttur.
Þátttaka barna á grunnskólaaldri í íþróttum hjá Fylki er með ágætum. Í október 2006 eru samkvæmt könnum 54% barna sem stunda íþróttir hjá félaginu.

Flestir iðka knattspyrnu eða 362. Handbolta iðka 189, fimleika 173, karate 63 og blak 37. Mesta þátttaka er í 3. bekk en 65% barna iðka einhverja íþrótt hjá félaginu. Þátttakan er komin niður í 36% hjá börnum í 10. bekk. 80 börn stunda fleiri en eina íþróttagrein.




Mynd 4. Sýnir hlutfallslega skiptingu iðkenda á milli íþróttagreina hjá Fylki




Mynd 5. Sýnir hlutfallslegan fjölda iðkenda hjá hverri bekkjardeild grunnskólanna í Árbæ. Mesta iðkun er hjá börnum í 3. bekk, 65%.

**Sunddeild Ármanns:** Samkvæmt tölum frá sunddeild Ármanns frá 1. des. 2006 koma 58% iðkenda sunddeildarinnar, á aldrinum 5 – 18 ára, úr hverfum 110 og 113. Aðeins 6 börn koma úr 113 og eru þau í yngstu aldurshópum. Deildin skiptir iðkendum sínum upp í fimm hópa eftir aldri og eru æfingar frá tveimur og upp í tíu á viku og fer fjöldi æfinga eftir aldri. Miðað er við að iðkendur á grunnskólaaldri séu á æfingum á bilinu 15:00 – 17:00. Æfingar fara fram í Laugardalslaug og Árbæjarlaug. (Sundurliðun á iðkendum sunddeildar Ármanns má sjá í viðauka **nr. 5)**

***2.1.12 Árbæjarkirkja.*** Barna- og unglingastarf Árbæjarkirkju vex og dafnar ár frá ári. Sunnudagaskólinn er alla sunnudaga kl.11:00. Þá hefur Árbæjarkirkja starf fyrir 7 - 12 ára börn í kirkjunni, Selásskóla, Ártúnsskóla og Norðlingaskóla. Hóparnir kallast STN, sem eru fyrir börn í 2., 3. og 4. bekk. TTT er starf fyrir 10-12 ára börn, í 5.-7. bekk á sömu stöðum. Unglingarnir eru í 3 hópum eftir aldri. Í æskulýðsfélaginu Lúkasi eru börn í 8. bekk, 9.-10. bekkur eru sér og svo er hópur fyrir framhaldsskólanema.

Tilgangurinn með öllu starfinu er að kenna börnunum í gegnum sögur, söngva og leiki um kristna trú og siðfræði, hafa það gott og gaman saman í kirkjustarfi, gera hjálparstarfsverkefni og margt fleira. Allt starfið er ókeypis. Starfið í viku hverri er sem hér segir:

| Hópur: | Staður: | Dags: | Tími: | Fjöldi: |
|---|---|---|---|---|
| Sunnud.sk. | Árbæjarkirkja | Sunnud. | Kl. 11:00 | 30 - 130 |
| Lúkas | Árbæjarkirkja | Sunnud. | Kl. 17:00 | 10 – 60 |
| Ice-step, dansh. | Árbæjarkirkja | Sunnud. | Kl. 20:00 | 16 |
| STN (6 – 9 ára) | Árbæjarkirkja | Þriðjud. | Kl. 14:45 | 15 – 35 |
| TTT (10 – 12 ára) | Árbæjarkirkja | Þriðjud. | Kl. 16:00 | 10 – 30 |
| STN | Norðlingask. | Miðvikud. | Kl. 15:00 | 15 – 35 |
| TTT | Norðlingask. | Miðvikud. | Kl. 14:00 | 8 – 12 |
| STN | Selásskóli | Miðvikud. | Kl. 15:00 | 10 – 35 |
| TTT | Selásskóli | Miðvikud. | Kl. 16:00 | 10 – 20 |
| STN | Ártúnsskóli | Fimmtud. | Kl. 14:45 | 20 – 40 |
| TTT | Ártúnsskóli | Fimmtud. | Kl. 16:00 | 10 - 20 |

***2.1.13 Hestamannafélagið Fákur:*** Félagið er með aðsetur sitt í hverfi 110, nánar tiltekið í Víðidal. Félagið þjónar í raun höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi félagsins er mjög öflug og er sérstök æskulýðsnefnd sem heldur utan um allt barna- og unglingastarf. Umfangsmesti einstaki liðurinn fyrir börn og unglinga eru námskeið sem annarsvegar eru svokölluð knapamerkjanámskeið sem er stigskipt nám í hestamennsku alls 5 stig og er fyrir börn 12 ára og eldri. Í vetur skráðu sig 20 börn og unglingar, 12 til 14 ára á 1. stig, þar af eru **sex** úr hverfi 110 og **eitt** úr hverfi 113. Kenndir eru 18 verklegir tímar sem voru á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum á tímabilinu frá 15. janúar til 26.febrúar. Í verklegum tímum var hópnum skipt í þrjá hópa sem byrjuð kl. 16:00, 16:45 og 17:30. Bóklegir tímar voru samtals 8 klst. Kenndir tveir í einu samtals 4 skipti á miðvikudögum milli 17:00 og 19:00.

Á annað stig skráðu sig 10 unglingar, 15 og 16 ára, þar af eru **tveir** úr hverfi 110, en engin úr hverfi 113. Kenndir eru 28 verklegir tímar sem eru á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum á tímabilinu frá 15. janúar. til 27. febrúar. Á mánudögum og þriðjudögum frá 05. mars til 03. apríl. það er ein hópur í verklegu tímunum og byrjar tíminn kl. 18:15. Bóklegir tímar eru samtals 8 klst. kenndir tveir í einu samtals 4 skipti á laugardagsmorgnum kl. 10:00.
Á fjórða stig skráðu sig 15 unglingar, 14 til 17 ára, þar af eru 6 úr hverfi 110 en engin úr hverfi 113. Kenndir eru 28 verklegir tímar sem voru á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum á tímabilinu frá 15.janúar. til 27. febrúar. en á mánudögum og þriðjudögum frá 05. mars til 03.apríl. Kennt er tveim hópum í verklegu tímunum og byrjar tímarnir kl. 19:00 og 19:45. Bóklegir tímar eru samtals 8 klst. kenndir tveir í einu samtals 4 skipti á fimmtudögum í mars.

Hins vegar eru svokölluð almenn námskeið sem eru ætluð fyrir þá sem ekki fara á knapamerkjanámskeið. Á þeim er kennt í 8 skipti einn laugardag, tvo sunnudaga, þrjá fimmtudaga og tvo föstudaga á tímabilinu 17. febrúar til 23. mars. Nemendur samtals 25 og þarf eru **12** börn á aldrinum 6 til 11 ára úr hverfi 110 og enginn úr hverfi 113. Þeim er skipt í þrjá hópa, sem mæta á kl. 10, 11 og 12 á laugardeginum, kl. 13, 14 og 15 á sunnudögum og kl. 16, 17 og 18 á fimmtudögum og föstudögum.

***2.1.14 Reiðskóli Reykjavíkur:*** Megin starfsemi reiðskólans er að sumarlagi en nær eitthvað fram á haust. Ekki bárust frekari upplýsingar.

***2.1.15 Reiðskólinn Faxaból:*** Megin starfsemi reiðskólans er að sumarlagi en nær eitthvað fram á haust. Ekki bárust frekari upplýsingar.

***2.1.16 Breakdans í Árbæjarþreki:*** Í húsakynnum Árbæjarþreks er einkaaðili, Natasha, sem býður upp á kennslu í "breik"- og "hiphop"-dansi. Um 50 börn og unglingar frá 6 – 20 ára sækja kennslu í þessum dönsum í Árbæ. Kennt er á eftirtöldum tímum:

Mánud. kl.20-21 - "Hiphop" 13-17 ára
Mánud. kl.21-22 – "Hiphop" 18 ára og eldri
Föstud. kl. 19-20 – "Breik" 1.-5. bekk
Föstud. kl. 20-21 – "Breik" 6.bekkur og eldri

## 2.2 Grafarholt:

Í Grafarholti eru tveir grunnskólar, Ingunnarskóli með 440 nemendur í 1. – 10. bekk og Sæmundarskóli með 140 nemendur í 1. – 6. bekk. Sæmundarskóli mun fara ört stækkandi á næstu árum og árið 2011 er áætlað að nemendur verði yfir 500. Heildarfjöldi nemenda er um 580. Við báða skóla eru frístundaheimili sem eru rekin af Frístundamiðstöðinni Árseli. Frístundamiðstöðin sér einnig um rekstur á félagsmiðstöðinni Fókus sem er með aðsetur í Ingunnarskóla. Verið er að skoða með annað húsnæði í hverfinu undir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Tónlistarskóli Árbæjar starfar í Ingunnarskóla á skólatíma og einnig hafa nemendur úr Sæmundarskóla getað sinnt tónlistarnámi sínu á skólatíma. Knattspyrnufélagið Fram er starfandi í hverfinu með fjórar deildir ásamt því að sjá um íþróttaskóla barnanna. Golfklúbbur Reykjavíkur er með aðsetur í hverfinu. Grafarholtssókn er svo með öflugt barna- og unglingastarfi. Öllu þessu verður nú gerð nánari skil.

### *2.2.1 Ingunnarskóli*

Skólinn er með um 440 nemendur í 1. – 10. bekk skráða í skólann veturinn 2006 - 2007. Skipting á milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| **Bekkir:** | **1.b.** | **2.b.** | **3.b.** | **4.b.** | **5.b.** | **6.b.** | **7.b.** | **8.b.** | **9.b.** | **10.b.** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 48 | 51 | 54 | 40 | 45 | 36 | 46 | 46 | 45 | 29 |

Við skólann er íþróttasalur 18 x 33m sem nýtist fyrir íþróttakennslu skólans og er svo leigður út til Knattspyrnufélagsins Fram og einkaaðila seinni part dags og um kvöld. Nemendur sækja sundkennslu í Árbæjarlaug. Stjörnuland, frístundaheimili ÍTR er staðsett í skólanum. KSÍ-battavöllur er við skólann. Tónlistarskóli Árbæjar býður nemendum upp á tónlistarkennslu á skólatíma.

### *2.2.2 Sæmundarskóli*

Í skólanum eru rúmlega 140 nemendur í 1. – 6. bekk skráðir til náms veturinn 2006 - 2007. Skipting á milli bekkjardeilda er eftirfarandi:

| Bekkir: | 1.b. | 2.b. | 3.b. | 4.b. | 5.b. | 6.b. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nem.: | 34 | 33 | 25 | 16 | 17 | 9 |

Enginn íþróttasalur er við skólann en fyrirhugað er að byggja íþróttasal 18 x 33m. Nemendur sækja íþróttakennslu í Ingunnarskóla og sundkennslu í Árbæjarlaug. Battavöllur er við skólann. Fjósið, frístundaheimili ÍTR er staðsett í skólanum.

Í þessum tveimur skólum er töluvert félagsstarf í gangi innan veggja þeirra og að hluta til í samvinnu við foreldrafélögin. Þrjár foreldrasýningar eru á ári þar sem sýndur er afrakstur þemavinnu. Foreldrar hafa svo staðið fyrir 2 – 3 viðburðum á ári með hverjum bekk. Unglingastarf í Ingunnarskóla hefur verið nokkuð. Nokkuð stífar æfingar eru hjá þeim sem taka þátt í SKREKK frá septemberbyrjun og fram að keppni um miðjan nóvember. Aðrir stærri viðburðir eru unnir í samvinnu við félagsmiðstöðina Fókus. Búið er að koma á föstum vikulegum tímum þar sem m.a. er unnið með, nemendaráð, skólablað, íþróttaráð og fjáröflun 10. bekkjar.

